

TÍMAVÉLIN

Hvarf við hús þekktrar spákonu

■ Lögregluskjöldin í Faxaskjólsmálinu
■ Beinir sennilega færð

25. JANÚAR 2019 / 4. TBL. 109. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

Ástir og dómsmál



DNV



FRUMKVÖÐULLINN ELLI GRILL

■ Ræðir samstarfið við Leoncie



PATRICK HANDTEKINN 11 ÁRA

■ 10 ár frá janúaróeirðum
■ Situr við skriftir í helli



Áslaug Eik

BEIÐ Í MANÍU EFTIR JUSTIN BIEBER

■ Skrifar um glímu sína við geðhvarfasýki
■ Fíkn ýtir undir sjúkdóminn



Íslandsferðin breyttist í martröð

■ Gáttuð á sinnuleysi lögreglunnar



Dúxarnir í menntó

■ Fúxuðu ekki í lífinu



Margar gerðir af FARANGURSBOXUM

Dráttarbeisli

undir flestar tegundir bíla



Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis



Bílasmiðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmiðurinn.is - bilasmiðurinn@bilasmiðurinn.is



Síðustu orðin

„Ég legg brátt upp í mína hinstu för, heljarmikið stökk inn í myrkrið.“

– Enski rithöfundurinn Thomas Hobbes (1588–1679)

Á þessum degi, 25. janúar



1533 – Hinrik VIII. Englandskonungur kvænist annarri eiginkonu sinni, Önnu Boleyn, á laun.



1732 – Snjóflóð féll á bæinn Brimnes við Seyðisfjörð og níu manns fórust. Var þessi vetur nefndur Brimnesvetur eftir það.



1858 – Brúðarmsíni, eftir Felix Mendelssohn, er fluttur í brúðkaupi Viktoríu, dóttur Viktoríu Englandsdrottningar, og Friðriks, krónprins Prússlands, og verður í kjölfarið vinsæll við slíkar athafnir.



1890 – Blaðamaðurinn Nellie Bly (Elizabeth Cochrane Seaman) lýkur 72 daga ferð sinni umhverfis jörðina.



1971 – Charles Manson og þrjár konur úr „fjölskyldu“ hans eru sakfelld fyrir Tate-LaBianca mordin sem framin voru 1969.

Æsingur vikunnar: Brjóstamyndin í Seðlabankanum

Æsingur vikunnar var í háfleygari kantinum, en það snerist um listaverk af nakinni konu eftir málarann Gunnlaug Blöndal. Verkið hafa fáir Íslendingar barið augum en það hékk á vegg í Seðlabankanum. Málið byrjaði síðasta sumar með frétt Fréttablaðsins um að kvörtun hefði borist frá starfsmanni vegna listaverks sem innihéldi nekt. Á laugardaginn kom svo önnur frétt í Fréttablaðinu um að verkið hefði verið sett í geymslu.

Málið olli nokkrum titringi innan Seðlabankans, þá helst hláturtitringi meðal starfsmanna á gólfu. Ofar í valdastiganum var mönnum minna skemmt enda er Samherjamálið nýbyrjað að koðna niður. Málið skapaði mikla hneykslun, þá sérstaklega hjá þeim sem telja sér trú um að vera hafnir yfir að taka þátt í hversdagslegum æsingi. Kolbrún Bergþórsdóttir, menningarráttgjafi

Fréttablaðsins, skammaðist yfir þeirri ákvörðun Seðlabankans að taka mark á „væli“. Fleiri einstaklingar úr stétt hinna borgaralegu aflu gáfu í skyn að um væri að ræða óþarfa blygðunarsemi og var víða á samfélagsmiðlum gefið sterkt á skyn að málið væri ritskoðun runnin undan rifjum femínista.

Málið tók svo aðra stefnu á þriðjudaginn þegar Nanna Hermannsdóttir, einn forkólfa brjóstabyltingarinnar og dóttir aðstoðarseðlabankastjóra, benti á að #freethenipple-byltingin snúist ekki um að karlar megi nú skreyta skrifstofur sínar með brjóstamyndum. Eftir hádegi sama dag var Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra krafinn svara, þá sjaldan sem æsingur vikunnar ratar svo hátt í valdastigann. Sagðist hún vera hlynt listrænu frelsi en starfsfólk ætti ekki að þurfa að vinna í umhverfi sem því þætti óþægilegt. Umræðan



Það var nokkuð á reiki hvaða mynd eftir Gunnlaug Blöndal var um að ræða, líklegast er það þessi.

hélt áfram rúlla á samfélagsmiðlum, þá helst í formi brandara og dæma um önnur nektarlistaverk.

Þetta var ekki eini æsingurinn í vikunni. Á sunnudagskvöldið létu „sérfræðingar“ í körfuboltaþætti ýmis ummæli falla ótengd körfubolta, grænkerar og þeir sem

glíma við kulnun í starfi fengu það óþvegið. Á fimmtudeginum sneru þeir Gunnar Bragi Sveinsson og Bergþór Ólason aftur á þing fyrir Miðflokkinn, notuðu margir tækifærið til að rifja upp ummælin á Klaustri sem urðu til þess að þeir fóru í leyfi. ■

5 listaverk sem særðu blygðunarkennd Íslendinga

Fæstir áttu von á því að málverk Gunnlaugs Blöndal af berbrjósta konu gæti sært blygðunarkennd neins. Ekki frekar en Venus frá Miló eða Sistínska kapellan. Engu að síður raungerðist það í Seðlabankanum fyrir skemmstu. DV tók saman fimm önnur listaverk sem særðu blygðunarkennd Íslendinga.



Sjálfsfróun á Kjarvalsstöðum

Listamaðurinn Egill Sæbjörnsson vakti furðu og hneykslun margra vegna sýningar sem hann tók þátt í á Kjarvalsstöðum árið 1998. Í einum salnum var sjónvarp þar sem mátti sjá Egil jökka sjálfsfróun og á einum vegg hékk stór mynd af kynfærum hans.



Berir hippar í Glaumbæ

Rökkóperan Hárið var sett upp í Glaumbæ árið 1971. Fullt var út úr dyrum öll kvöld og margir spenntir fyrir að sjá ungu leikarana kviknakta í einu atriðinu. Ríkisútvarpið veitti þessu „klámi“ enga umfjöllun og Freymóður Jóhannsson listmálari sagði sýninguna „afar óheppilega fyrir þjóðina.“

Ekki klámmynd

Veggfóður erótísk ástarsaga, kvikmynd Júlíusar Kemp frá árinu 1992, fannst mörgum Íslendingum ansi djörf enda eru þar naktir líkamar sýndir á lostafullan hátt. Þurfti Júlíus að koma fram í fjölmiðlum og útskýra að ekki væri um klámmynd að ræða.



Missti reisinna

Hafpulsan, stytta eftir Steinunni Gunnlaugsdóttur, var afhjúpuð í Reykjavíkurtjörn í október síðastliðnum sem framlag til hundrað ára fullveldisafmælis Íslands. Tengdu margir verkið við reistan lim og urðu foj yfir því. Ekki var líðinn mánuður þar til skemmdarverk voru unnin á pulsunni og missti hún þar með reisin sína.

Grófur rapptexti

Hljómsveitin Tennurnar hans afa gerði garðinn frægan á niunda áratugnum og var brautryðjandi í íslensku rappi. Sumarið 1989 gerði lag þeirra La Barna allt vitlaust enda fjallaði það á ónægætinn hátt um þungun. Eftir að það var spilað í útvarpi loguðu línurnar vegna reiðra innhringjenda sem kröfðust þess að lagið yrði bannað.



1952 – Sveinn Björnsson, fyrsti forseti Íslands, lést sjötugur að aldri. Hann er eini forsetinn sem hefur látist í embætti.



1996 – Billy Bailey nýtur þess vafasama heidurs að verða síðasti glæpamaðurinn sem hengdur er í Bandaríkjunum.

GIMLI

FASTEIGNASALA

Næsti kafli hefst hjá okkur

Bjóðum uppá FRÍTT SÖLUVERÐMAT

Grensásvegi 13, 108 Reykjavík / S: 570 4800

GIUSEPPE VERDI



LA TRAVIATA

HLJÓMSVEITARSTJÓRI **BJARNI FRÍMANN BJARNASON** · LEIKSTJÓRI **ORIOLO TOMAS**
LEIKMYNDAHÖNNUÐUR **SIMON GUIBAULT** · BÚNINGAHÖNNUÐUR **SÉBASTIEN DIONNE**
LJÓSAHÖNNUÐUR **ERWANN BERNARD**

VIOLETTA **HERDÍS ANNA JÓNASDÓTTIR** · ALFREDO **ELMAR GILBERTSSON / GARÐAR THÓR CORTES**
GIORGIO GERMONT **HRÓLFUR SÆMUNDSSON** · FLORA BERVOIX **SIGRÍÐUR ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR**
ANNINA **HRAFNHILDUR ÁRNADÓTTIR** · GASTONE **SNORRI WIUM**
BARÓN DOUPHOL **ODDUR ARNÞÓR JÓNSSON** · KÓR OG HLJÓMSVEIT ÍSLENSKU ÓPERUNNAR

9. MARS · 16. MARS · 23. MARS · 30. MARS

MÍÐASALA Á OPERA.IS



ÍSLENSKA ÓPERAN

Hver er hann



■ Einn þekktasti Borgfirðingurinn en fæddur í Dölum

■ Tvígíftur og eignaðist börn utan hjónabands

■ Skrifaði metsölubók

■ Sundlaug er nefnd eftir honum

■ Einn áhrifamesti stjórnmála-maður landsins

SMARTRUSTURUSM

Það er staðreynd að...



Heyrnin versnar þegar þú borðar of mikið.



Ísbirnir eru með dökka húð.



Fjölmenasta pósthúmer landsins er 200 Kópavogur. Innan þess búa 18.343 samkvæmt síðustu tölum.



Fyrsta útgefna borðspilið á Íslandi var Lúdd.



Elsti Íslendingurinn sem vitað er um var Guðrún Björg Björnsdóttir Johnson sem bjó í Kanada. Hún lést árið 1998 og varð 109 ára gömul og 310 dögum betur.

Auglýsir aðgang að íslenskum sjónvarpsstöðvum á netinu


■ 10 til 30 evrur á mánuði ■ RÚV vinnur að úrlausn fyrir Íslendinga erlendis

Íslenskur maður selur aðgang að bæði íslensku og erlendu sjónvarpsefni til Íslendinga sem búsettir eru erlendis. Segist hann sjálfur vera búsettur í landi sem hefur evru sem gjaldmiðil. Um er að ræða meðal annars aðgang að RÚV, Stöð 2, Sjónvarp Símans og fleiri íslenskar stöðvar. Einnig erlendar stöðvar á borð við Sky Sport og BT sport. Verðið sem býðst er mjög lágt. Skortur á aðgengi Íslendinga erlendis að íslensku sjónvarpsefni hefur verið vandamál lengi. RÚV vinnur nú að úrlausn í þeim efnum.

Þrjár leiðir í boði

Maðurinn sem um ræðir beinir viðskiptum sínum til Íslendinga í útlöndum; í Danmörku, á Spáni og hugsanlega fleirum. Auglýsir hann þetta á Íslendingahópum á samfélagsmiðlum. Þjónustan er ekki veitt í gegnum sjónvarpsbox heldur netið og hægt er að horfa í gegnum tölvu, snjallsjónvörp og önnur snjalltæki.

Býður hann upp á þrjá mismunandi pakka; Þann litla, stóra og miðlungs. Verðið er frá tíu evrum upp í þrjátíu á mánuði, eða um 1.400 til 4.100 krónur. Í litla pakkanum er veittur aðgangur að RÚV, Stöð 2, Sjónvarpi Símans, N4 og Hringbraut og breskum rásum. Í miðlungs pakkanum bætist við Sky Sport og BT Sport sem sýna meðal annars enska boltann, svo-



!!!Íslenskir Sjónvarpspakkar í boði!!!

Litli: 90 evrur árið eða 10 evrur á mánuði.

Miðlungs: 150 evrur árið eða 20 evrur á mánuði.

Stóri: 200 evrur árið eða 30 evrur á mánuði.

Ath! ekki með sjónvarpsboxi.

Getur notað þetta í:

Smart TV.

MAG box.

IPTV Box.

iPad / Tablet

iOS / Android.

ATH! Aðeins uppl. í PM.

PayPal & Millifærsla á Ísl. reikn. í boði.

1

kallað PPV (pay per view) efni sem inniheldur meðal annars MMA-bardaga og hnefaleika og allar nýjustu bíómyndirnar og þættina. Í stóra pakkanum bætast við alþjóðlegar rásir.

Maðurinn segist vera búsettur í evru-landi en hefur engu að síður bankareikninga bæði á Íslandi og í Danmörku þar sem hann tekur við greiðslu. Býður hann einnig upp á aðrar greiðsluleiðir svo sem í gegnum Paypal.

Samkvæmt heimildum DV hafa Íslendingar, búsettir í Danmörku, keypt þjónustuna af honum sem er vitaskuld ólögleg. Hún er sögð virka án hnökra. Eins og er hafa íslenskar sjónvarpsstöðvar ekki sýningarrétt utan landsteinana.

Eftir að DV komst á snóðir um málið og setti sig í samband við manninn var samstundis lokað á öll samskipti. ■

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Fyrsta skrefið þegar svona mál koma upp er alltaf að hafa samband við viðkomandi og gera honum ljóst að hann sé að brjóta höfundarréttarlög

Unnið að því að opna aðgang fyrir Íslendinga erlendis

Baldvin Þór Bergsson, dag-skrárstjóri númera og Rásar 2, segir að upp hafi komið tilvik þar sem efni RÚV hefur verið miðlað af þriðja aðila. Til að mynda útvarpsstöð á landsbyggðinni sem útvarpaði fréttunum beint. Þetta sé hins vegar ekki algengt.

„Fyrsta skrefið þegar svona mál koma upp er alltaf að hafa samband við viðkomandi og gera honum ljóst að hann sé að brjóta höfundarréttarlög. Þetta snýst ekkert endilega um að hann sé að brjóta á okkar rétti heldur höfundarrétti þeirra sem framselja okkur hann um tíma. Ef viðkomandi væri ekki fús til að hætta að bjóða upp á efnið þá þyrftum við að huga að öðrum leiðum í samráði við lögfræðing okkar, það er til hvaða aðgerða okkur þætti ástæða til að grípa.“

Það hefur lengi verið viðvarandi vandamál fyrir Íslendinga erlendis að hafa

ekki aðgang að íslensku efni. Er það að hluta til ástæðan fyrir því að starfsemi á borð við þessa þrífst. Baldvin segir að verið sé að vinna að lausn fyrir þennan stóra hóp sem vill halda tengslum við heimalandið.

„Við erum sjálf að vinna að því að opna á aðgang fyrir Íslendinga í útlöndum og höfum tekið ákveðin skref í þá átt. Gæti þá fólk skráð sig inn með auðkenningu og horft á allt efnið sem er í útsendingu hjá okkur. Hvenær þetta gengur í gegn er ekki alveg ljóst en þetta er framtíðin og það sem Evrópusambandið er að gera líka. Að tryggja rétt fólks til þess að horfa á efni, sama hvort það sé heima hjá sér í Frakklandi eða á ferðalagi í Þýskalandi. Það er fullur vilji til að gera þetta, en tæknileg útfærsla er

eftir.“ ■



Af hverju lifa skyndibitakeðjurnar ekki?

Svarthöfði

Janúar hefur verið dimmur og kaldur. Ekki vegna veðráttunnar og stöðu jarðarinnar heldur vegna þess að búið er að loka besta veitingastað landsins, Dunkin' Donuts. Svarthöfði lagði oft leið sína þangað til að gæða sér á úrvals bakkelsi og hágæða kaffi. Man Svarthöfði vel eftir þeim dýrðardegi þegar staðurinn var opnaður og hálf þjóðin stóð í biðröð. Dunkin' Donuts var eftirsóttari staður en El Dorado og Shangri La til samans. Þetta var fyrir aðeins fjórum árum. Hvað gerðist?

Svarthöfði er gamall, minnugur og hefur upplifað fleiri sambærileg áföll. McDonald's lokunin árið 2009 gleymist aldrei. Hún kom beint í kjölfarið á öðru áfalli. Nefnilega lokun Burger King, sem var staður sem átti sér þó mun styttri sögu en McDonald's. Svarthöfði hefur reynt að borða á Metro en það er bara ekki það sama.

Domino's hefur náð sér á strik en um tíma var tveggja milljarða

króna skuld á félaginu. Það skal sagt að Svarthöfði átti mjög erfitt með nætursvefn á meðan framtið Domino's hékk í lausu lofti. Pizza Hut hefur lengi verið starfrækt á Íslandi en hefur aldrei verið jafn áberandi og erlendis. Íslendingar kunna ekki gott að meta. Margir úrvalsstaðir hafa komið og farið. Little Caesars, Papa Johns, Dairy Queen, Popeyes. Þetta er löng sorgarsaga.

Svarthöfði veltir því fyrir sér hvað það sé í eðli þjóðarinnar sem veldur því að hún getur ekki haldið þessum stöðum á lífi. Við reynum stanslaust að bera okkur saman við stórbjóðirnar þar sem skyndibitakeðjurnar lifa góðu lífi. Við þykjumst vera höfðatölu-meistarar öllu. Samt er augljóst að við borðum ekki nógu marga skyndibita.

Sumir hafa bent á að skyndibiti sé óhollur og því væri réttast að þessir staðir hyrfu alfarið. Bent er á alls kyns skýrslur og greiningar frá menntaelitunni því til stuðnings. Meira að segja hafa orðið til ný gervivísindi í kringum þetta sem kölluð eru „lýðheilsuvísindi.“ Svarthöfði getur



ekki séð að þetta eigi sér neina stöð í raunveruleikanum. Langlífi eykst og þjóðin verður sífellt heilbrigðari. Svarthöfði man vel eftir tímanum fyrir komu skyndibitastadanna. Þá voru allir grindhoraðir og kinnfiskasognir, smitaðir af berklum og sulli. Sykur og fita í hæfilegu magni hefur gert okkur að fileldri þjóð og það eigum við fyrst og fremst skyndibitakeðjunum að þakka. ■



ÚTSALA

GERÐU FRÁBÆR KAUP Á NÝJUM OG ELDRI BÓKUM

LÁGKOLVETNA
LÍFSSTÍLLING

58 GÓMSÆTAR
UPPSKRIFTIR
SÍMUL

490 kr.
3.890 kr.

EFTIR HÖFUND 5:2-M
DR. MICHAEL
8 VIKNA
BLÓÐSYKUR
KÚRINN

1.890 kr.
3.890 kr.

2.590 kr.
3.390 kr.

1.690 kr.
2.590 kr.

690 kr.
2.990 kr.

Djúsbók
Lemon

SIGGI
SITRÓNA

2.990 kr.
4.290 kr.

2.990 kr.
4.290 kr.

3.490 kr.
5.990 kr.

ALLTÁ
HREINU

990 kr.
1.650 kr.

ROTTURNAR
Ragnheiður Eyjólfsdóttir

990 kr.
2.685 kr.

HVAÐ GERÐIST
ÞÁ?

1.690 kr.
2.590 kr.

GUÐRÚN
EVA
ÁSTIN
TEXAS
MINERVU
DÓTTIR

Bergrún Íris Sævarsdóttir

ELSTUR
í bekknum

Næg bílastæði og heitt á könnunni

Frábær þjónusta í stærstu bókabúð
landsins á Fiskislóð 39

Hátt í 500 titlar frá fjölmörgum útgefendum



 LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10-18 | Laugardaga 11-16 | www.forlagid.is

Reglugerðarbreyting gerði forsætisráðuneytinu kleift að hljóta jafnlaunavottun

Bjartmar Oddur Peyr Alexandersson
bjartmar@dv.is



Forsætisráðuneytið hlaut í desember vottun á jafnlaunakerfi ráðuneytisins. Vottunarstofan Vottun hf. gaf staðfestinguna út. Um miðjan september í fyrra fjallaði DV um að Einkaleyfastofa hefði svipt fyrirtækið faggildingu sinni á vottun stjórnerfna. Sú faggilding hafði veitt fyrirtækinu undanþágu til þess að votta jafnlaunakerfi. Góð ráð voru dýr því að öll ráðuneyti áttu að hafa fengið jafnlaunavottun fyrir árslok 2018. Svo heppilega vildi til að velferðarráðuneytið breytti reglugerð í nóvemberlok sem gerði Vottun hf. kleift að fá leyfi til bráðabirgða til þess að votta jafnlaunakerfi. Nokkrum dögum síðar fékk forsætisráðuneytið afhent skírteini sitt. Stærstu eigendur Vottunar hf. eru hagsmunasamtök vinnumarkaðarins á borð við Samtök iðnaðarins, Félag atvinnurekenda og Viðskiptaráð Íslands.

Framlengdu frest um tólf mánuði

Lög um jafnlaunavottun tóku gildi þann 1. janúar 2018. Þá var stofnunum og fyrirtækjum gert skylt að sýna fram á þau greiði jöfn laun fyrir sömu og jafnverðmæt störf. Það áttu þau að gera með því að fá úttekt hjá sérstökum óháðum vottunaraðila á jafnlaunakerfi fyrirtækisins eða stofnunarinnar sem staðfesti að jafnlaunakerfið og framkvæmd þess uppfyllti kröfur staðalsins ÍST 85.

Gert var ráð fyrir að öll fyrirtæki með fleiri en 25 starfsmenn ættu að fá jafnlaunavottun. Til þess að lagasetningin yrði ekki íþyngjandi var gert ráð fyrir aðlögunartíma og þannig áttu aðeins fyrirtæki með fleiri en 250 starfsmenn að hafa hlotið jafnlaunavottun fyrir árslok 2018, auk opinberra stofnana og fyrirtækja. Fyrir árslok 2021 áttu öllu fyrirtæki með fleiri en 25 starfsmenn að hafa hlotið jafnlaunavottun.

Til að byrja með voru tvö fyrirtæki sem gátu vottað jafnlaunakerfi. Annars vegar Vottun hf., sem fékk undanþágu til þess á grundvelli þess að fyrirtækið hafði faggildingu í vottun stjórnerfna, og BSI á Íslandi, sem er faggilt skoðunar-

Ragnhildur Arnljótsdóttir ráðuneytisstjóri, Emil B. Karlsson, úttektarmaður hjá Vottun hf., og Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra.



stofa. Á síðari hluta ársins bættist síðan vottunarstofan iCert í hóp þeirra sem heimild hafa til vottana á jafnlaunakerfum.

Í ljósi þess að hægt gekk hjá stóru fyrirtækjunum að fá jafnlaunavottun var tilkynnt um miðjan nóvember að Ásmundur Einar Daðason, félags- og jafnréttismálaráðherra, hefði ákveðið að framlengja frest fyrirtækja og stofnana til að öðlast slíka vottun um 12 mánuði. Aukinn frestur náði þó ekki til opinberra stofnana, sjóða og fyrirtækja sem voru að hálfu eða að meiri hluta í eigu ríkisins með 25 starfsmenn eða fleiri.

Jafnlaunavottun ekki útboðsskyld

Í svörum frá Ágústi Geir Ágústssyni, skrifstofustjóra skrifstofu yfirlýsningar í forsætisráðuneytinu, við fyrirspurnum DV um hvernig

staðið var að samningum við vottunaraðila og hvenær úttektir vegna jafnlaunavottunar fóru fram, kemur fram að ráðuneytið hafi sótt um jafnlaunavottun frá Vottun hf. þann 5. mars 2018 og skrifað hafi verið undir samning þann 19. mars 2018. Ekki hafi verið leitað eftir tilboði frá samkeppnisaðila. „Ráðuneytin í Stjórnarráði Íslands hafa átt með sér samvinnu og samráð varðandi innleiðingu jafnlaunakerfa og var af hálfu forsætisráðuneytisins meðal annars litið til reynslu velferðarráðuneytisins og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins í þeirra innleiðingu og vottunarferli á árinu 2017. Þess skal getið að endurgjald til vottunarstofu er ekki há fjárhæð og því er verkefnið ekki útboðsskyld,“ segir Ágúst Geir.

Jafnlaunaúttekt getur tekið drjúgan tíma og því fór úttekt Vottunar hf. fram í áföngum á árinu.

Er ljóst var að starfsleyfi vottunaraðila hafði fallið niður var að höfðu samráði við þáverandi velferðarráðuneyti ákveðið að fresta vinnunni þar til úr hefði verið bætt. Þegar tilskilið leyfi vottunaraðilans lá fyrir að nýju var vinnu við úttekt kerfisins framhaldið og lokið með afhendingu vottunarskírteinis til ráðuneytisins í lok desember síðastliðinn

Babb kom í bátinn þegar Vottun hf. var svipt faggildingu sinni þann 17. september 2019 enda er vottun ófaggilds aðila ekki pappírins virði enda uppfyllir slík vottun ekki þær kröfur sem stjórnvöld settu á þeim tíma. „Er ljóst var að starfsleyfi vottunaraðila hafði fallið niður var að höfðu samráði við þáverandi velferðarráðuneyti ákveðið að fresta vinnunni þar til úr hefði verið bætt,“ segir Ágúst Geir enn fremur í svari sínu.

Ekkert bólar á faggildingu Vottunar hf.

Einkaleyfastofa veittir fyrirtækjum faggildingu til fjögurra ára og leyfið er svo endurnýjað eftir ítarlega skoðun og virkt eftirlit með starfsemi. Á heimasíðu Einkaleyfastofu kemur fram að „Faggilding er formleg viðurkenning þar til bærst stjórnvalds á því að aðili sé hæfur til að vinna tiltekin verkefni varðandi samræmismat svo sem að prófa eiginleika efna, skoða ástand tækja og verksmíðja eða votta stjórnunarkerfi“. Ekki hefur verið gefið upp af hverju Vottun hf. missti faggildingu sína en framkvæmdastjóri félagsins, Kjartan J. Káráson, sagði í stuttu viðtali við DV að faggildingin hefði runnið út og að félagið væri í endurúttektarferli.

Fram kom að slík endurúttekt hafi farið fram 26. september en núna, fjórum mánuðum síðar, hefur fyrirtækið ekki enn hlotið faggildingu og ljóst að Einkaleyfastofa telur Vottun hf. enn ekki hæfa til þess að votta stjórnunarkerfi. Að láta faggildingu renna út er þó einkennilegir stjórnarhættir því Einkaleyfastofa, sem veittir faggildingu, er í sambandi við fyrirtæki sem þurfa endurúttekt með mjög löngum fyrirvara og hefur virkt eftirlit með starfsemi

þeirra. „Það vaknar enginn einn daginn án faggildingar, þetta er langt ferli,“ sagði Elías M. Erlendsson, sviðsstjóri faggildingarsviðs Einkaleyfastofu, í áður nefndri frétt DV. Hinn möguleikinn er sá að verulegar brotalamir hafi verið í starfsemi Vottunar hf. Í lögum um faggildingu kemur eftirfarandi fram: „Þá getur faggildingarsvið fellt niður faggildingu ef skilyrði fyrir veitingu hennar eru ekki lengur uppfyllt eða faggiltur aðili hefur stórfellt eða ítrekað brotið ákvæði laga, reglugerðar, staðla og reglna sem gilda um faggildingu eða skilyrði þau sem sett hafa verið fyrir faggildingu hans.“

Málinu bjargað með reglugerðarbreytingu

Þessi faggildingarsvipting kom þó ekki að sök. Þann 30. nóvember skrifaði Ásmundur Einar nefnilega undir reglugerðarbreytingu þar sem tiltekið var að nóg væri að vera með bráðabirgðastarfsleyfi frá Jafnréttisstofu til þess að votta jafnlaunakerfi. Það bráðabirgðastarfsleyfi hlaut Vottun hf. þann 14. desember 2018 og er gildistíminn eitt ár. Sex dögum síðar fékk forsætisráðuneytið síðan skírteini frá Vottun hf. um að jafnlaunakerfi ráðuneytisins hefði verið vottað. Þess má geta að um síðustu áramót fluttist málaflokkur jafnréttismála til forsætisráðuneytisins.

„Er ljóst var að starfsleyfi vottunaraðila hafði fallið niður var að höfðu samráði við þáverandi velferðarráðuneyti ákveðið að fresta vinnunni þar til úr hefði verið bætt. Þegar tilskilið leyfi vottunaraðilans lá fyrir að nýju var vinnu við úttekt kerfisins framhaldið og lokið með afhendingu vottunarskírteinis til ráðuneytisins í lok desember síðastliðinn,“ sagði Ágúst Geir um þetta ferli. ■





Vilt þú koma skjalamálunum í lag?

1 SYSTEMS OneRecords Mála- og skjalakerfi

OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma.

Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

1 SYSTEMS OneQuality



Gæða-
stjórnun á
stóran þátt í góðum
árangri fyrirtækja.

OneQuality er lausn sem
auðveldar allt vinnferli við útgáfu og
utanumhald gæðahand- bókar og
skjala.

1 SYSTEMS OnePortal Self-Service



OnePortal er
vefgátt sem gerir
fyrirtækjum og sveitar-
félögum kleift að veita íbúum
þjónustu allan sólahringinn, allt
árið um kring. Rafrænar innri ferlar
eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa
eða viðskiptavini, þar sem þeir
geta afgreitt sig sjálfa á
sjálfvirkan máta með
innsendingu
umsókna og
erinda á
vef.



MoReq2

Þróunarstefna OneSystems styður
Moreq2, kröfur evrópulanda um
gagnsæi, rekjaleika og öryggi.

Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn
í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga
og þjónustu við viðskiptavini og íbúa þeirra

Hörð gagnrýni á utanríkisstefnu Þýskalands

Getur landið stigið út úr skugga síðari heimsstyrjaldarinnar?

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Skömmu fyrir jóla tilkynnti Donald Trump Bandaríkjaforseti að bandarískar hersveitir yrðu kallaðar heim frá hinu stríðshrjáða Sýrlandi. Heiko Maas, jafnaðarmaður og utanríkisráðherra Þýskalands, var ekki sáttur við þetta og lét óánægju sína í ljós á sama hátt og Trump, hann nöldraði á Twitter.

„IS (Íslamska ríkið) hefur verið hrakið aftur á bak en hættan er enn fyrir hendi. Það er hættu á að þessi ákvörðun geti skaðað baráttuna gegn IS og þann árangur sem náðst hefur. Baráttan gegn IS veltur á langtímaaðgerðum. Til að koma á jafnvægi er þörf á öryggi og pólitískum stöðugleika. Af þeim sökum vinnum við með bandamönnum okkar að pólitískum aðgerðum.“

Þetta tíst hans var harðlega gagnrýnt. Þjóðverjar taka þátt í baráttunni gegn IS í Sýrlandi undir forystu Bandaríkjanna en þetta stærsta og valdamesta ríki Evrópu er ekki með neina hermenn sem taka þátt í beinum átökum í landinu.

„Ef manni finnst þessi ákvörðun röng verður maður að gera það sjálfur (senda hermenn til orrustu, innsk. blm.). En það viljum við auðvitað ekki. Við sitjum eins og áhorfendur í leikhúsi – eins og þetta snerti okkur ekki,“ sagði Christoph von Marschall,

Þýskir og bandarískir hermenn
Samstarf í Sýrlandi.



blaðamaður hjá Þýska dagblaðinu Tagesspiegel og höfundur margra rita um utanríkispolítík.

Hann er ekki einn um að blanda sér í umræðuna um utanríkisstefnu Þýskalands en hún er meira uppi á borðinu núna en venjulega þar sem Þýskaland á nú sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna sem tekur einmitt ákvarðanir um hvort aðildarríkin eigi að senda hermenn í stríð. Það er auðvitað ekki auðvelt fyrir ríki, sem situr tímabundið í ráðinu, að hafa mikil áhrif á störf þess en sumir telja þó að það þurfi að reyna að hafa áhrif. Sérstaklega í ljósi margra breytinga á alþjóðavettvangi á undanförunum misserum. Þar má nefna að Bandaríkin, undir forystu

Trump, vilja ekki lengur ábyrgjast öryggi og frið í Evrópu. Brexit getur einnig aukið óöryggi í Evrópu. Þá hefur framganga Rússa á Krímskaga og í austurhluta Úkraínu ekki verið til þess fallin að bæta nætursvefn þeirra sem aðhyllast frjálslýnda heimsskipan.

Fjögur svið sem á að beina athygli að

Heiko Maas hefur bent á fjögur svið sem Þýskaland á að beina mestri athygli að á meðan landið á sæti í öryggisráðinu. Þetta eru loftslagsmál, málefni kvenna, afvopnun og vernd starfsmanna hjálparamtaka. Þetta eru allt verkefni sem eru verðug viðfangsefni en margir telja að ekki sé

Þá hefur framganga Rússa á Krímskaga og í austurhluta Úkraínu ekki verið til þess fallin að bæta nætursvefn þeirra sem aðhyllast frjálslýnda heimsskipan

gengið nógu langt og að hræðslan við að senda þýska hermenn til stríðsátaka sé svo mikil að Þjóðverjar séu átakafælnir og reyni því að komast hjá málum sem gætu kallað á hernaðaraðgerðir.

Stóru stjórnarflokkarnir hafa ekki gert neina viðbragðsáætlun eða markað stefnu vegna næstu stóru krísu sem skella mun á heimssbyggðinni. Þegar atkvæði voru greidd í öryggisráðinu 2011 um hernaðaraðgerðir í Líbíu sátu Þjóðverjar hjá þrátt fyrir að óttast væri að Þjóðarmóð væri í uppsiglingu. Þýsk stjórnvöld geta þó varpað öndinni léttar yfir þessari ákvörðun því í framhaldinu varð algjört öngþveiti í Líbíu og hefur hernaðaríhlutun Sameinuðu þjóðanna fyrir vikið verið harðlega gagnrýnd. Allt þetta hefur valdið því að mál sem þessi eru ekki rædd meðal þýskra ráðamanna og utanríkis- og öryggismál fá litla umræðu innan ríkisstjórnarinnar. Þá hafa gagnrýnendur bent á að bæði Angela Merkel kanslari og Maas hafi skapað ákveðnar væntingar hjá öðrum Evrópuríkjum um að Þýskaland yrði fulltrúi evrópskra sjónarmiða í öryggisráðinu en muni ekki bara taka þýskar hugmyndir og halda því fram að þær séu evrópskar. Það hefur einmitt gerst og má í því sambandi nefna flóttamannakrísuna sem skall á Evrópu 2015. Þá lýstu Þjóðverjar eftir samstöðu Evrópuríkja um aðgerðir eftir að hafa árum saman skellt skollaeyrum við beiðni Ítala og Grikkja um það sama. Þetta þykir mörgum draga úr trúverðugleika Þjóðverja á alþjóðavettvangi.

Aðrir hafa bent á að Þjóðverjar hafi tekið á sig meiri ábyrgð á alþjóðavettvangi á undanförunum árum, sérstaklega í samningaviðræðum í alþjóðadeilum. Til dæmis hafi Merkel

borið þungann af samningaviðræðum í málefnum Úkraínu og Rússlands. En öðrum finnst að Þýskaland eigi einmitt að sýna sömu ábyrgðartilfinningu í öryggisráðinu þar sem landið geti gegnt stóru hlutverki í lausn mála, hvort sem það er í Sýrlandi, Úkraínu eða annars staðar. Þýskaland megi ekki bara standa aðgerðalaust á hliðarlínunni, Þýskalandi verði að koma að lausn mála. ■



Heiko Maas Utanríkisráðherra Þýskalands.

MIKIÐ ÚRVAL AF VETRARFATNAÐI

SKÍÐASENDING KOMIN



Atomic Redster X7









Cloud dömu skíði

Skíðabuxur verð frá 9.995 kr.-



HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

Faxafen 12
108 Reykjavík

Sími 534 2727
alparnir.is

LOKSINS LOKSINS!

BLÁFJÖLL OPIN UM HELGINA KL. 10-17



Opið
Virka daga: kl. 14–21
Helgar: kl. 10–17

Upplýsingasími: 530 3000
skidasvaedi.is



/skidasvaedin #bláfjöll



SKÍÐASVÆÐIN

The logo for Skíðasvæðin, featuring three stylized human figures in red, yellow, and blue, with the text 'SKÍÐASVÆÐIN' below them.

Tekst Val að stíga hið stóra skref inn í Evrópu?

Ótrúlegur leikmannahópur Vals ■ Einn besti leikmaður landsliðsins líklega á leið til liðsins

Hörður Snævar Jónsson
hoddi@433.is



Valur er stórhuga fyrir Pepsi-deild karla í sumar. Liðið hefur unnið deildina á tveimur síðustu tímabilum og miðað við hvernig félagið hefur farið að hlutunum í vetur, er allt kapp lagt á að liðið vinni deildina þriðja árið í röð. Valsmenn eru búnir að styrkja liðið hressilega í vetur; hefur misst nokkra góða leikmenn en bætt við sig. Líklegt er að félagið muni styrkja sig enn frekar og allt stefnir í að Hannes Þór Halldórsson, markvörður íslenska A-landsliðsins, sé að koma í Val. Þá hafði Ari Freyr Skúlason, bakvörður Lokeren og landsliðsins, verið orðaður við liðið. Umboðsmaður hans, Magnús Agnar Magnússon, útilokaði að hann væri á heimleið.

Hvalreki að fá Hannes

Hannes Þór Halldórsson hefur verið besti markvörður Íslands á síðustu árum, hann er 34 ára gamall og leikur í dag með Qarabag í Aserbaidsjan. Þar hefur hann hins vegar fá tækifæri fengið og íhugar því heimkomu. Hannes á nóg eftir eins og hann sannaði síðasta sumar þegar hann varði vítaspyrnu frá Lionel Messi á heimsmeistaramótinu. Fyrir er Valur með Anton Ara Einarsson, sem var í íslenska landsliðinu sem fór í verkefni í Katar. Ef Val tekst að klófesta Hannes er ljóst að sá efni- legi markvörður gæti leitað annað. Koma Hannesar segir allt um hversu stórhuga Valsmenn eru.

Heldur sigurganga Óla Jó áfram?

Ólafur Jóhannesson er að hefja sitt fimmta tímabil sem þjálfari Vals. Honum til aðstoðar hefur verið Sigurbjörn Hreiðarsson, en í vetur bættist Kristófer Sigurgeirsson í hópinn. Á fyrstu fjórum tímabilunum hefur Ólafur alltaf unnið titla, fyrstu tvö árin hans í starfi varð liðið bikarmeistari. Tveir Íslandsmeistararitlar hafa svo fylgt í kjölfarið. Ansi líklegt er að félagið vinni titil í ár og alls ekki ólíklegt að liðið vinni tvöfalt, eitthvað sem hefur reynst erfitt á síðustu árum. Þjálfari Ólafs er magnaður, hann vann fjölda titla með FH áður en hann varð landsliðsþjálfari. Hann stýrði svo Haukum áður en hann tók við Val.

Fyrsta alvöru Evrópuævintýrið?

FH og nú Valur hafa sett sér það markmið að komast í riðlakeppni í Evrópu, um ótrúlegt skref yrdi að ræða ef það gengi eftir. FH og Stjarnan hafa komist nálægt því og Valur var ekki langt frá því síðasta sumar. Miðað við leikmannahóp Vals á pappírnum í dag ætti liðið að eiga góðan möguleika á að ná þeim áfanga. Aldrei hefur íslenskt félag haft jafn mikla breidd í hópi sínum og Valur hefur í dag og árangur liðsins í Evrópu skilaði félaginu 150 milljónum síðasta sumar. Taktist liðinu til dæmis að komast í riðlakeppni Evrópu-deildarinnar, sem er raunhæfari möguleiki en í Meistaradeildina, myndi sú upphæð verða mun hærri.



Erfitt að komast í liðið

Það er ljóst að það verður talsverður höfuðverkur fyrir Ólaf Jóhannesson að velja aðeins ellefu leikmenn í byrjunarliði sítt í sumar. Margir verða ósáttir enda þurfa stór nöfn að setjast á tréverkið eða jafnvel að vera utan hóps. Bjarni Ólafur Eiríksson, sem verið hefur vinstri bakvörður liðsins, er í pásu frá fótbolta. Hann íhugar samt að leika með liðinu í sumar og telja leikmenn Vals að hann muni snúa aftur. Bjarni hefur verið einn besti leikmaður Vals á síðustu árum. Ef Hannes Halldórsson kemur svo á Hlíðarenda, eins og allt stefnir í,

þá getur Valur stillt upp tveimur ellefu manna byrjunarliðum sem geta barist á toppi deildarinnar. Þannig gætu menn sem teljast atvinnumenn, líkt og Emil Lyng og Orri Sigurður Ómarsson, þurft að

verma varamannabekkin. Valur gæti einnig leikið sér með leikkerfi og spilað með þrjá í hjarta varnarinna, þar er liðið með ótrúlegt magn af gæðum. ■



VEISLUR


ÁRSHÁTÍÐIR

RÁÐSTEFNUR

SKEMMTIÐAÐUR

MATSÖLUSTAÐUR

Ráin er alhliða veitingahús í hjarta Reykjanesbæjar





Tvö sterk byrjunarlið Vals:

Komnir:

Birnir Snær Ingason
Kaj Leó í Bartalsstovu
Gárdar Bergmann Gunnlaugsson
Emil Lyng
Gary Martin
Lasse Petry
Orri Sigurður Ómarsson

Farnir:

Patrick Pedersen
Guðjón Pétur Lýðsson
Andri Fannar Stefánsson
Dion Acoff
Tobias Thomsen



LOKADAGUR ÚTSÖLU!

**Færum allar vörur og allt starfsfólk
í Bæjarlind 4 Kópavogi
(höfum lokað í Orkuhúsinu þennan dag)**



**Hlökkum til að fá alla
fjölskylduna í heimsókn!**

LAUGARDAGINN 26.JANÚAR

Í Bæjarlind milli 11:00 - 16:00

- 1000 pör af skóm á 12.000 kr.
- Þrjú pör á 30.000 kr.
- Aðrar vörur í verslun á allt að 70% afsl.
- OOFOS sandalar á 6.000 kr. (fullt verð 7.990-9.990 kr).



EINS OG FÆTUR TOGA

Sími: 55 77 100 www.gongugreining.is

Afskræmd í andliti eftir flugeldaárás við Hallgrímskirkju

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Mér finnst að allur heimurinn megi fá að vita hversu óábyrg íslensk yfirvöld eru. Það er hneykslalegt að yfirvöld á Íslandi séu ekki að gera neitt til að vernda sinn helsta og mikilvægasta atvinnuveg, sem er ferðamannaíðnaðurinn. Síðan er verið að auglýsa Ísland sem „öruggasta land í heimi,“ segir hin bandaríska Alisa Kreyne í samtali við DV, en hún og vinir hennar urðu fyrir tilefnislausri flugeldaárás við Hallgrímskirkju á nýársnótt á seinasta ári. Ókunnur einstaklingur skaut flugeldum inn í hóp fólks sem hafði komið saman fyrir utan kirkjuna til að fylgjast með flugeldadýrðinni. Alisa og fimm aðrir úr hópnum hlutu margvísleg brunasár en Alisa gagnrýnir harðlega viðbragðsleysi lögreglu og yfirvalda hér á landi.

Í áfalli

DV hefur undir höndum tölvupóst sem Alisa sendi Haraldi Johannessen ríkislögreglustjóra þann 4. janúar 2018, en í bréfinu lýsir hún atburðarás kvöldsins og eftirmálum. Í samtali við blaðamann kveðst Alisa hafa verið stödd í fríu hér á landi ásamt vinum sínum. Á gamlárskvöld ákvað hópurinn að fara upp að Hallgrímskirkju til að fylgjast með flugeldunum.

„Um það leyti sem klukkan sló tólf á miðnætti þá henti einhver flugeldi/sprenghæfni að hópnum. Fimm af vinum mínum urðu fyrir árásinni og hlutu bruna á fatnaði og hári. Ég varð fyrir skaða í andliti og hlaut alvarleg brunasár á eyrum, nefi og augum.“

„sprenghæfni að hópnum. Fimm af vinum mínum urðu fyrir árásinni og hlutu bruna á fatnaði og hári. Ég varð fyrir skaða í andliti og hlaut alvarleg brunasár á eyrum, nefi og augum.“

Alisa segir að nokkur vitni séu að árásinni og allir þeir einstaklingar hafi staðfest að gerandinn hefði verið fullorðinn einstaklingur. „Á meðan árásin átti sér stað þá flúðu nærstaddir. Það var engin lögregla og engin öryggisgæsla sjáanleg og við þurftum sjálf að sjá um að koma okkur í burtu af staðnum.“

Alisa segir hópinn hafa flúið inn á veitingastaðinn Snaps og beðið starfsfólk staðarins um að hringja á sjúkrahúsi.

„Lögreglan mætti síðan á staðinn. Þeir skráðu niður persónuupplýsingarnar mínar af ökuskírteininu mínu og horfðu á andlitið á mér, sem var afskræmt, en samt minnst þeir ekki einu sinni á það að fylla út skýrslu. Við sögðum þeim hvað hefði gerst og þrátt fyrir að þetta hafi augljóslega verið saknæmur verknaður þá fengum við engin viðbrögð frá þeim. Þeir sögðu að þetta væri „mjög skrítið“, en skrifuðu ekkert meira niður, fyrir utan það hvenær símtalið barst frá Snaps og upplýsingarnar sem komu fram á ökuskírteininu mínu.“

Hún segir lögregluna því næst hafa hringt á sjúkrahúsi og í kjöl-

farið var henni vísað á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi. „Á bráðamóttökunni voru áverkarnir meðhöndlaðir með vaselíni og svo fékk ég uppáskrifuð sýklalyf og krem við bleyjuútbrotum. Hjúkrunarfræðingurinn sem sinnti mér var læknanemi. Ég þurfti síðan að greiða 45 þúsund krónur fyrir sjúkrabílinn og 62 þúsund krónur fyrir lækni- og sköðunina og síðan var ég útskrifuð. Þetta var um hálf tvö leytið á nýársnótt. Við erum öll í áfalli yfir því hvað við fengum lélega aðhlyningu, en það er önnur saga.“

Varanleg lýti

Hún kveðst hafa hringt í 112 daginn eftir og beðið um að fá samband við lögregluna til þess að tilkynna um atvikið.

„Á þessum tímapikti, þá voru allir í hópnum með brunaaverka en misalvarlega, annaðhvort á líkamanum eða í fötum. Við sáum það öll þegar flugeldarnir komu að okkur frá einni hlið og tveir úr hópnum sáu að það var karlmaður sem skaut þeim í átt að okkur. Þetta var augljóslega glæpur, og þetta hefði getað endað ennþá

Afleiðingar árásarinnar voru þær að Alisa hlaut annars til þriðja stigs bruna í andliti, sprungna hljóðhimnu og sár við augað. Hún óttast að áverkarnir séu varanlegir, og bendir á að kostnaðurinn við lýtaaðgerðir sé himinhár.



verr eða jafnvel valdið dauðfalli. Það voru lítil börn sem stóðu þarna rétt hjá okkur. Hvað ef eitthvert þeirra hefði dáið?“

Alisa segir lítið hafa verið um svör hjá Neyðarlínum. Henni hafi verið bent á að leita til lögreglu að loknu jólafríi, þann 5. janúar. „Við erum furðu lostin yfir því hvað við fengum lítil viðbrögð, miðað við hversu alvarlegt atvik var um að ræða.“

Hún kveðst einnig hafa reynt að ná sambandi við skrifstofu Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu en án árangurs. Á leiðinni heim til New York hafi hún síðan lent á spjalli við starfsmann landamæraeftirlitsins í Leifsstöð. „Hann sagði mér þá að hann hefði sjálfur verið staddur við Hallgrímskirkju þegar þetta gerðist, og séð manninn sem henti flugeldunum að hópnum.“

Afleiðingar árásarinnar voru þær að Alisa hlaut annars til þriðja stigs bruna í andliti, sprungna hljóðhimnu og sár við augað. Hún óttast að áverkarnir séu varanlegir, og bendir á að kostnaðurinn við lýtaaðgerðir sé himinhár. „Hingað til þá hefur Íslandsferðin kostað mig yfir 3 þúsund dollara í lækni- og kostnað, auk þess sem ég gat ekki sinnt vinnu í rúmlega þrjár vikur,“ segir Alisa en hún starfar sjálfstætt við viðskiptaþróun og almanna-tengsl.

Hún segir hópinn vera í áfalli vegna málsins. Þau vilja síst af öllu heimsækja Ísland aftur.

„Ég er bara algjörlega gáttuð á þessu viðbrögðum og þessu ábyrgðarleysi. Þetta er fyrir neðan allar hellur.“

Samkoman við Hallgrímskirkju ekki á vegum borgarinnar

DV hefur einnig undir höndum tölvupóst sem Alisa sendi á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara þann 8. janúar. Í bréfinu vekur hún athygli á atvikinu, gagnrýnir skort á

viðbrögðum lögreglu og spyr hvert hún geti leitað vegna málsins.


Í svarbréfi Theódóru Sigurðardóttur, lögfræðings hjá embættinu, kemur meðal annars fram að samkoman við Hallgrímskirkju á gamlárskvöld sé ekki á vegum Reykjavíkurborgar. Engu að síður hafi verið gripið til öryggisráðstafana, til dæmis með því að takmarka umferð bíla um svæðið. Þá hafi íbúum á svæðinu verið úthlutað afmörkuðu svæði til þess að skjóta upp flugeldum, í hæfilegri fjarlægð frá áhorfendahópnum við Hallgrímskirkju. Þá hafi öryggisgleraugum verið dreift, ásamt upplýsingabæklingum.

Þá segir í svarbréfinu að umrætt atvik hafi verið embættinu hvatning til þess að „leggja enn harðar að sér við að gera gamlárskvöld í Reykjavík ánægjulegt fyrir alla.“ Þá kemur fram að áhyggjum varðandi öryggismál á svæðinu hafi verið komið á framfæri við lögreglu. Einnig kemur fram að afrit af tölvupósti Alisu hafi verið sent á Áshildi Bragadóttur, forstöðumanns Höfuðborgarstofu, Hjalta Jóhannes Guðmundsson, skrifstofustjóra skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins, verkefnastjóra alþjóðamála, og Sænni Ósk Unnsteinsdóttur, verkefnastjóra miðborgarmála.

Alisa svarar umræddum tölvupósti og segist undrast að ekki hafi verið til staðar löggæsla þetta kvöld þar sem um var að ræða mikinn mannfjölda. Þá spyr hún jafnframt hvers vegna verið sé að dreifa öryggisgleraugum þegar fólk standi langt í burtu frá því svæði þar sem flugeldunum er skotið upp.

Þá ritar hún að lokum: „Ég hef enga ástæðu til að trúa því að málið hafi verið kannað. Árásarmaðurinn sem eyðilagði líf mitt til langs tíma fær að halda áfram með sitt daglega líf eins og ekkert hafi í skorist.“

MIKOLAJ CEDERHOLM
EINRÆÐISHERRARNIR
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
„...ég hló og ég grét og svo grét ég úr hlátri“
HELGA VALA HELGADÓTTIR
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á LEIKHÚSIÐ.IS
Þjóðleikhúsið • Hverfisgata 19 • 101 Reykjavík • s. 551 1200 • leikhusid.is



SENDIBÍLASTÖÐIN HF
553 5050




TRÚIN FLYTUR FJÖLL VIÐ FLYTJUM ALLT ANNAÐ

Flytjum: Fyrirtæki • Búslóðir • Píanó • Flygla • Peningaskápa
Allt frá umslagi upp í stórflutninga • Skutlur • Millistórir bílar m/lyftu
Stórir bílar m/lyftu • Kælibílar • Búslóðalyftur • Bílstjórnarnir aðstoða



SENDIBÍLASTÖÐIN HF
553 5050



Klettagörðum 1, Reykjavík - Símar 553 5050 & 533 1000 - www.sendibilastodin.is

Hvað varð um litlið sem var handtekinn

■ Áratugur liðinn frá janúarbyltingunni ■ Sinnir ritstörfum í helli á Kanarí ■ Drey

Erla Dóra
erladora@dv.is



Þetta gerði Patrick bara enn ákveðnari í að mótmæla.“ Þetta segir Pauline McCarthy, móðir Patrick's McCarthy sem prýddi forsíðu DV þann 21. janúar 2009. Patrick var aðeins ellefu ára þegar hann var handtekinn í janúarbyltingunni við Austurvöll. Mikil spennan og reiði kraumaði á Austurvelli þennan dag en þúsundir manna kröfðust þess að ráðamenn þjóðarinnar segðu umsvifalaust af sér.

Alþingismenn höfðu sett þingið eftir langt og notalegt jólafrí en almenningur hafði fengið sig fullsaddan af aðgerðaleyfi og blekkingum. Hart var tekið á og margir mótmælendur gáfust upp á að vera kurteisir og mættu með heimatilbúnaðsreyskjörum. Lögreglan beitti piparúða en á annan hundrað lögregluþjónar voru á svæðinu, gráir fyrir járnnum. Í DV frá 21. janúar 2009 sagði:

„Allt var notað til að framkvæma hávaða: Pönnur, pottar, hjólbörur, flautur, hækjur og lyklar svo eitthvað sé nefnt. Flugeldum og eggjum var kastað í átt að húsinu á meðan lögreglan fjölgaði í skjaldborginni. Í kringum hundrað lögreglumenn voru staddir inni í garðinum um tíma og restin af liðinu vítt og breitt í kringum húsið. Súrmjólk var kastað yfir óeirðasveitina sem lét eins og ekkert væri, stóð pollróleg



Nú staddur á Kanarí Skrifar skáldsögu í helli.

og sprautaði piparúða á fólk sem þótti sýna of mikla hörku.“

Og Patrick litli fékk að kenna á því, var handtekinn. Á forsíðumynd má sjá hann rauðeygðan og óttasleginn með lögregluþjón í óeirðabúningi sér við hlið. Hann var athugull drengur þrátt fyrir ungan aldur, hafði fylgst vel með fréttum og fór viljugur með foreldrum sínum á mótmælin. Hann var búinn hjálmi og hlífðargleraugum, í hermannaklæðnaði, tilbúinn að taka þátt í byltingunni. Pauline sat fáeinum metrum frá, þar sem hún þjáðist af slitgigt og gat því ekki staðið.

Þegar hiti fór að færast í leikinn gengu lögreglumenn til Patrick's og spurðu hann um nafn, heimilisfang og hvar foreldrar hans væru.

„Hann varð vel þekktur sem syngjandi pylsusalinn

Vanræksla að sitja 10 metrum frá 11 ára syni

Þrátt fyrir að móðir hans sæti þarna skammt frá var Patrick fjarlægður og farið með hann á lögreglustöðina og þangað þurfti faðir hans að sækja hann. Föður hans var tilkynnt í kjölfarið að atvikið yrði tilkynnt til barnaverndaryfirvalda. En samkvæmt samtali blaðamanns DV við lögregluna skömmu eftir atvikið er sá háttur hafður á þegar lögregla hefur afskipti af barni yngra en 15 ára.



Færður á lögreglustöðina í lögreglan fjarlægði Patrick af mótmælunum og fór með hann á lögreglustöðina þar sem foreldrum hans var gert að sækja hann. www.kv.is/2009/01/21/

Ekki var því úr vegi að hafa samband við þau mæðgin til að rifja upp atvikið. Ekki náðist í Patrick, en hann er að sögn móður sinnar staddur erlendis í helli, fjarri rafmagni, til að einbeita sér að ritstörfum.

„Okkur hafði verið sagt, og það kom fram í fréttum, að við foreldrarinn yrðum ákærðir fyrir vanrækslu á barni. Þeir sögðu að þeir myndu tilkynna þetta til barnaverndarnefndar á Akranesi, þar sem við bjuggum, og sagði þeim að ég sætti mig ekkert við það,“ segir Pauline þegar hún er beðin um að lýsa þessum degi. Hún heldur áfram: „Þau sögðu að ég hefði ekki verið að fylgjast með honum, en ég var bara tíu metrum í burtu frá honum. Ég benti á hann og bað þá um að koma með hann til mín, en í stað þess að gera það fóru þeir með hann af vettvangi yfir á lögreglustöðina.“

Táragasi beitt gegn 11 ára barni

Pauline veifaði til lögregluþjónanna sem höfðu handsamað drenginn hennar en fljótlega var myndaður varnarveggur fyrir framan hana og hún komst hvergi. Pauline er hreyfihömluð og á erfitt með að standa í langan tíma. Hún hafði því tekið sér stöðu á bekk skammt frá og hafði sagt syni sínum að þangað skyldi hann koma ef þau myndu týna hvoru öðru.

Patrick var sérstaklega útbúinn fyrir mótmælin. Með íshokkhjálmi á höfði og skíðagleraugu til að vernda augun fyrir piparúða.

„Hann leit út fyrir að vera í hernum,“ segir Pauline. Búnaður-

inn reyndist honum vel er hann fékk svo yfir sig gusu af piparúða. „Þeir fóru með hann inn í Alþingi, en það gerðist eftir að þeir áttuðu sig á að þeir höfðu sprautað táragasi á barn. Því þeir sprejuðu yfir hópinn eins og þeir ættu lífið að leysa og fólk var öskrandi og grátandi og það ríkti algjört öngþveiti. Ég sá hluti sem almenningur sá ekki vegna þess hvar ég sat. Sumir lögreglumennirnir kipptu grímum af fólki áður en þeir úduðu táragasi beint framan í það.“

Pauline bætir við að flestir lögregluþjónarnir hafi staðið vaktina með sóma en svo hafi aðrir laganna verðir verið ribbaldar og tekið of hart á mótmælendum.

„Það voru að minnsta kosti þrjú lögreglumenn sem viljandi ögruðu fólkinu þar til það brást við. Þá gripu þeir um hálsinn á fólki, ýttu því niður, trömpuðu á fótum þess og brutu næstum fætuna á því. Ég horfði á þetta. Maðurinn sem var yfir lögreglunni þarna sagði við mig: „Þú verður að fara, þú verður að fara, það er mjög hættulegt að vera hérna.“ Ég svaraði: „Það er engin hættu. Það eina sem er að gerast er að það er verið að kasta snjóboltum.“ Þá sagði hann: „Þú gætir orðið fyrir skoti,“ og ég svaraði: „Þetta eru bara snjóboltar. Ég held ég muni lifa af að fá í mig snjóbolta.“ En það sem þeir vildu, var að losna við mig því þeir voru að hefja aðgerðir gegn fólkinu.“

„Veistu hvar sonur minn er?“

Eftir að sonur Pauline hafði verið handsamaður neyddist Pauline til



Nett fjölnotataeki
MANITOU MLT 625-75 H

Manitou eru magnaðir skotbómulyftarar

- Lyftiget: 2.500
- Lyftihæð: 5.900 mm
- Fjórhljadrifinn
- Fjórhljástýrður
- 75 hestöfl, Kubota
- Hlaðinn aukabúnaði t.d. skólfa, gaflar og útvarp.

Staðgreiðsluverð:
6.800.000 kr. + VSK

Viðurkennd varahluta- og viðgerðarþjónusta

PON

La 11 ára stráákinn einn á Austurvelli?

Sumir um að kaupa fallegt hús fyrir móður sína



Árið 2009 Pauline og 11 ára sonur hennar, Patrick.



Handskrifar skáldsögu í helli á Kanaríeyjum

Patrick stefndi á að kaupa hús fyrir móður sína. Hann hefur einnig stefnt á að skrifa bók í mörg ár en aldrei fundið stað né stund til að hefja skrifin fyrr en nýlega. Eins og margir rithöfundar hér á landi ákvað Patrick að halda í viking og skrifa bókina erlendis. Á Kanaríeyjum uppgötvaði hann samfélag sem býr saman í helli.

„Þetta er svona hippasamfélag. Þú getur búið þar frítt, og borðað upp úr ruslagámum og allir vinna þarna kauplaust. Honum finnst best að það er ekkert rafmagn á svæðinu og þannig er ekkert að trufla hann við skrifin,“ segir Pauline. „Hann fór þangað með þáverandi kærustu sinni, síðasta vetur, og var þar í þrjá mánuði. Kærastan var að skrifa leikrit og hann var að handskrifa skáldsöguna sína. Einu sinni í viku fóru þau niður í bæinn, tengdust netinu og vérlitðu allar handrit-

„Peir sprejduðu yfir hópinn eins og þeir ættu lífið að leysa og fólk var öskrandi og grátandi og það ríkti algjört öngpveiti

uðu blaðsíðurnar.“

Þá notar Patrick einnig tækifærið til að láta vita að hann sé heill á húfi.

„Því miður eru hann og þessi kærasta ekki lengur saman, en hann fór aftur núna og í þetta skiptið bara í mánuð. Svo þessa stundina er hann á Kanaríeyjum, býr í helli og er að skrifa bók.“

Syngjandi pylsusali opnaði heimilið

Hvað tekur svo við hjá Patrick?

„Hann langar að opna matarvagn þegar hann kemur heim og selja mat í miðbænum því hann vann áður fyrir Hressó og seldi pylsur út um glugga. Þegar honum leiddist fór hann bara að syngja og söng mjög hátt til dæmis lög eftir Queen og fleiri. Hann varð vel þekktur sem syngjandi pylsusalinn.“

Túristar voru að sögn Pauline iðnir við að taka myndbönd af

þessum glaðlega syngjandi pylsusalasala en Patrick hefur gaman af að gleðja fólk.

„Á hverjum jólum opnum við heimili okkar fyrir þeim sem eiga engan að á jólinum. Síðustu jól komu tólf til okkar, árið þar á undan voru þau tuttugu og átta. Ein jólin, fyrir um fjórum árum, þá komu um átján manns. Flestir sem koma hafa aldrei hitt okkur. Sumir búa einir og eiga engan að, stundum eru þetta erlendir nemendur eða ellilífeyrisþegar eða þeir sem hafa misst fjölskyldur sínar. Þetta árið, eftir matinn, vorum við að kynna öll, syngja og hafa gaman saman þegar einn gesturinn sagði skyndilega: „Hei, þetta er syngjandi pylsusalinn!“ Þá sagði ég: „Syngjandi pylsusalinn? Það myndi vera sonur minn“ og gesturinn trúði vart eigin augum. En heimurinn er lítill og allir elska Patrick, hann er frábær maður.“



Janúaróeirirnar Einhverjir mestu átaka-tímar lýðveldis-sögunnar.

Mótumlandi bundinn Tveir lögreglumenn tóku þessan höndum og sa þrjú fylgdöt með.

að fara með sjúkrabíl af svæðinu. Þá þurfti tvær manneskjur til að hjálpa henni á fætur eftir að hún hafði setið á bekknum í nokkra klukkutíma.

„Ég sagði við sjúkraflutningamanninn, því ég vissi að hann gat haft samband við lögregluna: „Veistu hvar sonur minn er, lögreglan tók hann?“ Eiginmaður minn var þarna í mannmergðinni líka, svo ég hélt að þá hlytu þeir að hafa farið með Patrick til hans. En eiginmaður minn var þarna hjá sjúkrabílnum og okkur var sagt að sonur okkar væri á lögreglustöðinni.“

Þegar við fórum á lögreglustöðina gat ég ekki farið út úr bílnum, út af gigtveikinni, svo maðurinn minn fór og náði í son okkar. Þegar hann kom út þá sagði hann að lögreglumaðurinn sem hann ræddi við á stöðinni hefði sagt að til stæði að kæra mig fyrir vanrækslu á syni mínum. Það tók þrettán mánuði að fá skýrsluna í hendurnar og ég neyddist til að ráða mér lögfræðing. Að lokum eftir þrettán mánuði þá fékk ég þessa skýrslu, um hvað hefði átt stað þarna við Alþingishúsið. Í grófum dráttum var niðurstaðan sú að ég hefði ekki vanrækt barnið.“

Færði ungur björg í bú

En hver er staðan hjá Patrick í dag? Hafði þessi handtaka afleiðingar á sálarlíf hans eða er hann byltingarsinni?

„Hann var mjög stoltur yfir því að vera á forsíðu DV. Það vildi svo til að Obama Bandaríkjaforseti var svarinn inn í embætti sama dag og blaðið kom út og Patrick sagði oft fólk: „Á þessum sögulega degi var

Obama forseti á forsíðum blaða alls staðar nema á Íslandi. Þar var ég á forsíðunni!“ Í hvert skiptið sem við fengum gesti tók hann fram blaðið og sagði: „Sjáið! Ég er frægur!“

Telur þú að hann muni taka þátt í stjórnmálum í framtíðinni?

„Hann er í viðskiptum í dag. Hann er að skrifa bók, skáldsögu. Honum þykir gaman að syngja og koma fram en ætlar að stofna sitt eigið fyrirtæki. Hann er ekki alveg beint „performer“, meira svona uppistandari. Í framhaldsskóla var sagt við mig: „Þú verður að koma Patrick í leiklistarnám, hann hefur náttúrulega hæfileika.“ Hann er mjög praktískur. Hann sagðist vera til í að koma fram, til dæmis í leiklist, en hann sagðist virkilega þurfa hefja fyrirtækjarekstur, eða álíka, og græða peninga.“

Pauline bætir við að Patrick sé einstök manneskja. „Þegar hann var barn gengum við í gegnum mikil fjárhagsvandráði. Þegar ég var einstæð móðir, heyrði hann mig kannski segja við vinkonur mínar að ég vissi ekki hvernig ég ætti að borga af húsnæðinu þann mánuðinn. Þá kom Patrick með sparibaukinn sinn og sagði: „Mamma, við þurfum húsið meira en ég þarf þennan pening í bauknum, leyfðu mér að hjálpa þér með reikningana,“ og þetta gerði hann oft. Í bauknum hans voru þónokkrir „Ég skulda þér“-miðar frá mér, því stundum hafði ég einfaldlega ekki næga peninga til að fæða fjölskylduna. Þá kannski gaf Patrick mér fimm þúsund krónur og ég gaf honum „Ég skulda þér fimm þúsund krónur“-miða til að setja í baukinn.“

Dropi af náttúrunni
Kaldunnin þorsklifrarólía

„Þegar kemur að næringu og heilsu vel ég aðeins það besta“
Andri Rúnar Bjarnason
Knattspyrnumaður Helsingborg

Nýjar bragðtegundir með lífrænum kjarnaólíum úr ferskri grænmyntu, engifer og fennil

Á að skella sér í verslunarferð til útlanda?

Verslunarferðir til útlanda eru sívinsælar á meðal Íslendinga og fer vart fækkandi þrátt fyrir óstöðugt gengi krónunnar og vaxandi aðsókn í netverslanir. DV tók saman stutta úttekt á þremur ólíkum stórborgum sem eiga það sameiginlegt að vera vinsælar áfangastaðir kaupglæðra Íslendinga.

Audur Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Gdansk

Pólska hafnarborgin Gdansk hefur notið sívaxandi vinsælda á meðal Íslendinga undanfarin ár og þá ekki síst ef hugmyndin er að versla. Verðlagið í verslunum er töluvert lægra en hér heima og hefur úrval vinsælla verslana-keðja aukist hratt undanfarin ár.

Forum verslunarmiðstöðin var opnuð á seinasta ári og státtar af 220 verslunum. Hönnunin þykir afar glæsileg og aðgengið þægilegt. Þar eru þónokkrar alþjóðlegar verslunarkerðjur í Forum sem ekki er hægt að finna annars staðar í Gdansk, og má þar nefna &Other Stories, MAC, New Look og Max Mara. Í Forum má einnig finna H&M, New Yorker, TK Maxx, Mango, Zara, Zara Home, Pull & Bear, Bershka og Stradivarius. Þar er einnig stærsta kvikmyndahús borgarinnar, Helios, ásamt fjölda

veitingastaða og kaffihúsa.

Í **Madison**-verslunarmiðstöðinni, sem er í hjarta borgarinnar, er að finna rúmlega 100 verslanir, veitingastaði og þjónustuaðila og má þar nefna Reserved, Vera Moda, Top Secret, New Yorker, Orsay, Nike, Reebok og Levi's.

Vert er að taka fram að í útjaðri borgarinnar er úrval vinsælla verslana töluvert meira en í gamla miðbænum. Stærstu verslunarmiðstöðvarnar eru staðsettar í Wrzeszcz-hverfinu, en hægt er að taka leigubíl eða spurvagn frá miðborginni og kostar farið sjaldan meira en rúmlega 1.500 krónur íslenskar.

Galeria Baltyka-verslunarmiðstöðin er sú stærsta en þar má meðal annars finna H&M, Espirit, Zara og The Body Shop auk matsölukeðja á borð



Glasgow

Glasgow er sívinsæl fyrir verslunarferðir. Verðlagið er oft og tíðum töluvert lægra en hér á klakanum og þá skemmir ekki fyrir að flugtíminn frá Keflavík er tiltölulega stuttur, eða tæpir tveir klukkutímar.

Style Mile eða „Gullna Zetan“ er aðalverslunarsvæði borgarinnar og tengir saman þrjár götur: Argyle Street, Sauciehall Street og Buchanan Street. Á þessu svæði má finna allt frá dýrustu merkjavúðunum yfir í þekktar tískuvörverslanir á borð við Primark, H&M, Apple, Next, Topshop, New Look, MAC, Zara, Gap og svo framvegis og svo framvegis. Þar er að finna verslunarmiðstöðv-

arnar St. Enoch og Buchanan Galleries. Stórverslanirnar Asda og Matalan hafa reynst vinsælar á meðal Íslendinga í gegnum tíðina en þar má meðal annars kaupa fatnað og varning fyrir heimilið á lágu verði.

Á **Byres Road** í West End má finna fjölmargar skemmtilegar „vintage“ verslanir, sér- vörverslanir, hönnunarbúðir og skemmtileg lítil kaffihús. **Ingram Street** er síðan þekkt fyrir lúxusverslanir á borð við Emporio Armani, Ralph Lauren, Bang & Olufsen og Harvey Jones.

Þeir sem hafa gaman af því að þræða flóamarkaði er bent á hin sögufræga **Barras**-markað sem starfræktur hefur verið frá því á þriðja áratug seinustu aldar. Svæðið samanstendur af inni- og útimörkuðum og fjölmörgum litlum verslunum og krám. Hér er á ferð „ekta flóamarkaður“ þar sem hægt er að kaupa nánast hvað sem er og stemningin svíkur engan. Markaðurinn er opinn frá 10 til 17 allar helgar.

Á milli búðaferða er síðan tilvalið að kíkja á eitthvert af hinum fjölmörgu söfnum í borginni, þar sem aðgangur er ókeypis. Þá er jafnvel hægt að skella sér yfir til Edinborgar, en lestarferðin tekur innan við klukkustund.



Boston

Úrval verslana þykir einkar gott í amerísku stórborginni og ekki skemmir verðlagið fyrir, en vert er að benda á að enginn söluskattur er á fötum undir 175 dollurum og aðeins 6,25 prósentu söluskattur er á öðrum varningi.

Í **Cambridge Side Galleria**-verslunarmiðstöðinni má finna allar helstu tískuvörverslanir eins og H&M, Forever 21, Sephora, Banana Republic og Old Navy. Í Copley Place og Prudential Center er síðan að finna dýrari merkjavörverslanir á borð við Louis Vuitton, Saks, Barney's, Christian Dior og Jimmy Choo.

Harvard Square er einstaklega lifandi og skemmtilegt svæði og þar má einnig finna fjölmargar fataverslanir og sérvorslanir svo ekki sé minnst á bókabúðirnar.

Þeir sem kjósa verslunargötur frekar en „mollin“ ættu að kíkja á **Newbury Street** í miðborginni en þar má finna fjölmargar þekktar verslanir og veitingastaði. Auk þess þykir gatan einstaklega falleg og sjarmerandi. **Downtown Crossing**-verslunarkerfið er síðan í næsta nágrenni við Newbury Street en þar má finna fjölmargar þekktar bandarískar stórverslanir á borð við Macy's, Marshalls og T.J. Maxx auk tískuvörverslana á borð við H&M, Aldo og Thomas Pink. Primark-verslunarkerfið, sem nýtur mikilla vinsælda meðal Íslendinga hefur einnig opnað þar útibú.

Á **Charles Street** má finna skemmtilegar antikverslanir og

sérvorslanir auk minjagripaverslana en gatan er staðsett á **Beacon Hill**-svæðinu þar sem gaman er röltu um og virða fyrir sér fallegan arkitektúr og sjarmerandi götur.

Þeir sem vilja kíkja á markaði ættu að skoða **Quincy Market (Faneuil Hall Marketplace)** sem staðsett er í miðborginni þar sem hægt er að kaupa allt milli himins og jarðar: fatnað, merkjavöru og antikmuni, auk þess sem þar er að finna afar skemmtilegan matarmarkað. Á **Haymarket** útimarkaðnum er að finna gífurlegt úrval af matvöru beint frá býli en það er ekki síst iðandi mannlífið og fjörug stemming sem trekkir að.

Svokölluð „outlet“ þar sem hægt er að gera reyfara kaup á vöru gærdagsins eru þekkt fyrirbæri í Ameríku. Reynsluboltar í Boston-verslunarkerfum mæla með dagsferð í **Wrentham Village Premium Outlets**. Þetta litla verslunarkerfið er staðsett í rúmlega klukkustundar aksturs fjarlægð frá miðborg Boston og á flestum hótélum er hægt að fá skutlu eða svokallaða „shuttle“ á staðinn. Þarna er að finna yfir 170 verslanir og hægt að gera virkilega góð kaup á merkjavöru, svo sem Calvin Klein, Burberry, Nike, Ann Taylor, DKNY, Swarovski og svo mætti lengi telja. Í leiðinni má síðan nota tækifærið og kíkja í **South Bay Mall**-verslunarmiðstöðina í næsta nágrenni en þar má finna allar helstu stórverslanir á borð við Target, Old Navy og T.J. Maxx.

BORÐPLÖTUR OG SÓLBEEKKIR



Sérsmíðum effir
óskum hvers og eins



Fanntófell

Gylfaflöt 6-8 / S. 587 6688 / fanntofell.is

Bætum við
vörum daglega

Sjáðu allt úrvalið á
www.byggtogbuid.is

ÚTSÖLUNNI FER AÐ LJÚKA 20-75% afsláttur! AF YFIR 4500 VÖRUM

KAFFIVÉLAR,
ELDHÚSÁHÖLD,
POTTAR OG PÖNNUR,
VÖFFLUJÁRN, BLANDARAR,
DISKAR OG GLÖS, HEILSUGRILL,

ÚTSÖLUNNI FER AÐ LJÚKA!

HRADSUBUKÖNNUR, ELDFÖST MÖT,
HITAKÖNNUR OG BRÚSAR,
BADVOGIR OG MARGT
FLEIRA!

RÝMINGARSÖLUVÖRUR Á 50-75% AFSLÆTTI

BÆTUM VIÐ VÖRUM OG HÆKKUM AFSLÁTTINN

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

Sjáðu allt úrvalið á
www.byggtogbuid.is

byggto**g**búid

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

Likaðu við okkur
á Facebook:
[www.facebook.com/
byggtogbuid](http://www.facebook.com/byggtogbuid)

Áslaug Eik Ólafsdóttir/Ljósmynd: Aðsend

Áslaug Eik uppgötvaði „sannleika lífsins“ og taldi sig út- valda af Guði

Bleikt

Aníta Estíva Harðardóttir
anita@dv.is



Ég held að ég þurfi bara að vera forseti Bandaríkjanna til að bjarga heiminum í eitt skipti fyrir öll. Því Bandaríkin eru völdugasta

ríki í heimi og þá get ég sungið fyrir öll ríkin á sama tíma. Ég veit ekki alveg hvað felst í því að vera forseti Bandaríkjanna, en eitt er víst að ég gef mig alla í það. Viskan sem ég bý yfir, hæfileikinn til að setja sig í spor annarra og fleiri „gifts“ sem ég bý yfir, næmni, hugsanaflutningur, að tala við dýr,

sendiboði Guðs og fleira sem verður nefnt síðar. Mig langar að Barack Obama verði hægri hönd mín og Jón Gnarr vinstri, ef þeir vilja. Meira bið ég ekki um í bili.“

Svona hljómar hluti af þeim hugsunum sem Áslaug Eik Ólafsdóttir upplifir þegar hún fer í svo-

kallaða maníu. Áslaug, sem er tuttugu og fjögurra ára gömul, hefur glímt við geðhvarfasýki um nokkurt skeið. Fyrir utan geðhvarfasýkina er Áslaug einnig með fíknisjúkdóm og þegar hún var í hvað mestri neyslu ýttu grasreykingar hennar undir geðrof.

Í gegnum veikindi sín hélt Áslaug úti dagbók þar sem hún skrifaði niður hugsanir sínar og upplifun, sem hún birti á bloggsíðu sinni eftir veikindin. Að fara í gegnum síðuna getur verið mjög ruglingslegt, sérstaklega fyrir þá sem ekki þekkja sögu Áslaugar. Lesa má margar færslur, sem sumar hverjar eru skrifaðar þegar Áslaug er ekki veik, en aðrar þeirra eru skrifaðar undir áhrifum geðrofs eða maníu. Áslaug hefur núna ekki upplifað nein alvarleg veikindi í tæplega eitt og hálf ár og var hún tilbúin til þess að koma fram í viðtali við DV. Blaðakona ræddi við Áslaugu um það hvernig líf hennar sé í dag og hvernig hún hefur upplifað það að vera með geðsjúkdóm á Íslandi. Einnig fékk blaðakona leyfi til þess að fara yfir og nota það efni sem Áslaug hefur skrifað í gegnum veikindi sín, til þess að gefa lesendum raunverulega mynd af því hvernig manneskja í geðrofi hugsar.

Uppgötvaði „sannleika lífsins“ og taldi sig útvalda

„Í lok nóvember 2015 upplifði ég fyrstu maníuna, sem er hluti af sjúkdómnum geðhvarfasýki, en ég fór líka í geðrof sem stundum fylgir maníunum. Það var af því að ég var í neyslu, ég í rauninni kveiki á þessum sjúkdómi með því að reykja gras. Ég hefði mögulega ekki veikt ef ég hefði ekki verið að reykja,“ segir Áslaug í samtali við blaðakonu.

Áslaug hefur í þrjú skipti upplif-

að það að fara í stórar maníur þar sem hún fyllist miklum ranghugmyndum um sjálfa sig og heiminn.

„Alltaf þegar ég hef lent í svona ástandi þá hef ég ekki viðurkennt að ég sé í maníu, af því að ég var með ranghugmyndir um það hver ég var. Þær maníur sem ég skrifaði um í blogginu mínu ... þá vissi ég ekki hvað manía var og ég var bara viss um að þetta væri persónuleikinn minn. Það var svo mikið í gangi hjá mér og margt sem ég var að uppgötva um „sannleika lífsins“ og hélt að ég væri útvalin. Þá taldi ég það bara vera eðlilegt ástand og var því ekki beint í afneitun. Ég taldi þetta eðlilegt og fannst ég geisla af persónutöfrum,“ segir Áslaug og hlær. Hún heldur áfram og segir: „Í dag er ég á lyfjum sem halda veikindunum í skefjum en ég á það til að fara aðeins upp og kallast það hypomanía. Það er aðallega í bipolar 2 en ég vil aldrei viðurkenna það, af því að ég elska hypomaníur, þá getur maður haft stjórn. Maður er kærulausari en á sama tíma örari og lífskrafturinn á fullu. En í alvarlegum maníum, sem fylgja bipolar 1, er maður gjör-samlega stjórnlaus.“

Þegar Áslaug hefur upplifað sínar stærstu maníur líður henni eins og allir elski hana og séu jafnvel ástfangnir af henni.

„Ég fæ alveg ótrúlega mikið sjálfálit, en verð samt ekki hrokafull. Ég upplifi mig sem mjög sérstaka manneskju.“

Ætlar að bjarga heiminum og er með Justin Bieber á heilanum

Í febrúar á síðasta ári fékk Áslaug loks þá greiningu að hún glímdi einnig við fíknisjúkdóm og í mars fór hún í sína fyrstu meðferð.

„Ég hef glímt við að halda mér edrú. Ég náði einhverjum tveimur mánuðum fyrst og datt svo í það.

Mamma Veit Best
HREIN HEILSA

NATURAL VITALITY
Lifandi Hindberja og Sítrónuþrá

SLÖKUN
Styrkur gegn streitu
Lætur þolavagi á kalk upptöku og jafnar
heilbrigðisþagn magnesíum í líkamann
226 gr

**BETRI
SVEFNI**

Náði svo aftur einhverjum tíma en datt aftur í það. Ég er núna búin að vera edru síðan 21. desember og er að fara í fimm vikna göngudeildar-meðferð.

Áslaug segir maníur fólks vara í mislangan tíma. Í einhverjum tilfellum varir hún í viku eða skemur, jafnvel aðeins nokkrar klukkustundir. En vegna þess að Áslaug er með bipolar 1 þá hafa maníur hennar staðið yfir í að minnsta kosti tvær vikur og allt að tveimur mánuðum.

„Ég ímynda mér hluti sem gera að verkum að ég elti eitthvað óraunverulegt. Ég reyni að bjarga heiminum þegar ég er í þessu ástandi og ég er með Justin Bieber á heilanum. Held að hann sé að tala við mig í gegnum hausinn á mér og segja mér að gera hitt og þetta. Hann segir mér að koma til sín og segist elska mig.“

„Justin er afbrýðisamur af því ég verð skotin í fólki sem ég kann vel við. Hann sér, en ég veit ekki 100% hvernig. Ég held það séu myndavélar úti um allt á geðdeildinni sem tölvuhakkarar eru búnir að hakka sig inn í. Ég held að allir sjái allt sem ég geri og ég er farin að halda að það sé myndavélarlinsa í augunum mínum. En það hljómar eins og geðveiki. Ég finn stundum í maganum fyrir Justin, það finnst mér gott. Oftast finn ég ekki neitt. Numb. Fyrirgefðu Justin, elsku Dominic minn. Mér finnst vont að láta þér líða illa. Ég myndi aldrei halda fram hjá þér eða gera eitthvað sem særir þig, verst er að þú heyrir allar mínar hugsanir og þeim getur maður ekki stjórnað.“

Grasreykingar kveiktu á sjúkdómnum

Áslaug segir grasreykingar sínar í gegnum tíðina tengjast þeim geðrofum sem hún hafi upplifað.

„Þetta tengist klárlega. Ég er ekkert hrædd um að ég muni veikjast ef ég er ekki að reykja. Ég hef aldrei veikst nema þegar ég hef verið að reykja gras.“

Áslaug hefur farið reglulega inn á geðdeild í misannarlegu ástandi. Hún segir að sú aðstoð sem hún hafi fengið vegna veikinda sinna hafi verið til fyrirmyndar. Hún hafi alltaf fengið viðeigandi hjálp og einnig fengið að vera á Laugarási, endurhæfingarstöð fyrir fólk með geðrofssjúkdóma.

„Ég var mjög heppin að komast þar inn. Sérstaklega þar sem ég er ekki með geðklofa eins og flestir þarna. En ég er með bipolar og það er ekki mikið um það í Laugarási, en ég fékk að vera þar í virkni.“

Þrátt fyrir að Áslaug finni fyrir því að hún sé að fara upp í litlar maníur og geti stjórnað því í dag með lyfjum þá hefur hún ekki getað áttað sig á því að hún sé í alvarlegum maníum í gegnum tíðina.

„Ég átta mig ekki á því og held að þetta sé minn sannleikur, sem allir muni komast að seinna. Mér finnst eins og ég þurfi að sanna það fyrir öllum. Ég trúí á þetta en geri mér á sama tíma grein fyrir því að aðrir trúí þessu ekki. En þá hugsa ég: „Vá, þú munt bara sjá, þetta kemur í ljós.“ Pangað til að ég kem kannski til baka eftir tvo mánuði og fer að sjá að þetta sé mögulega aðeins bull hjá mér. Þá eru lyfin byrjuð að hafa áhrif.“

„Guð getur talað í gegnum mig og hann mun alltaf geta það. Ég er Villimey Verndun af ætt Ísfólksins. Með hjálp vina og vandamanna ætla ég að taka yfir heiminn og eins og vinkona mín, Selena Gomez,



Áslaug segist hafa kveikt á sjúkdómnum með því að reykja gras / Ljósmynd: Aðsend

sagði, Kill them with kindness. Ég get vitað svörin við öllu ef ég þæli og einbeiti mér nógu mikið að því. Þess vegna eru fram-tíðarhorfur mjög bjartar. Ég er eiginlega í smá sjokki sjálf og ég er enn þá að átta mig á hlutunum eins og þið. Ég veit þið eruð bara að biða eftir mér og hvað ég segi næst en ég er bara mannleg á sama tíma og allt yfirnáttúrulega stuffið er að gerast.“

Upplifir sig ekki öðruvísi en annað fólk

Þegar geðrofsástand Áslaugar gengur til baka upplifir hún alvarlegt þunglyndi sem tekur hana langan tíma að jafna sig á.

„Ég upplifi mikið þunglyndi. Ég var alvarlega þunglynd eftir síðustu maníuna mína. Það fór alveg kannski hálf ár í það að vera mjög þunglynd. Þunglyndi mitt lýsir sér þannig að ég hef ekkert sjálfsálit, mér finnst ég ógeðsleg og skammast mín þegar ég fer út. Kannski er þetta týpískt þunglyndi. Ég á erfitt með að tala við fólk og fer aldrei út. Ég fer alveg inn í mig, sem er ólíkt mér. Ég breyti gjörsamlega um persónuleika.“

„Hugarfarið mitt er í rúst. Mér finnst svo margt í mínu lífi ómögulegt. Fyrst og fremst ég sjálf. Mér finnst ég ómöguleg og aumingi. Alltaf með neikvæðar hugsanir.“

Þrátt fyrir þau miklu veikindi sem Áslaug hefur glímt við undanfarin ár upplifir hún sig ekki öðruvísi en hverja aðra manneskju og segist þakklát fyrir allt það sem hún hefur gengið í gegnum.

„Mér finnst ég ekkert öðruvísi í dag, eftir að hafa verið laus við veikindi í eitt og hálf ár. En ég hef heyrt fólk tala um geðsjúkdóma sem einhverja erfiðleika, ég tengi ekki við það. Jú, jú, þetta var erfitt en þetta er aðeins hluti af mér. Þetta er ekki ég, ég er ekki sjúkdómurinn minn. Þetta hefur aðeins áhrif á mig í syrþum. Ég er alveg eins og næsti maður sem er heilbrigður. Ég tel mig vera lánsama manneskju að hafa gengið í gegnum þetta allt og vera kominn til baka og vera á frekar góðu róli. Þetta er alveg mögnuð reynsla og ég hef lært margt og þroskast mikið í gegnum þetta.“

Ég get stundað lífið alveg jafn vel og næsti maður

segir hún það hafa hjálpað henni mikið. Hún hafi ekki upplifað forðóma gagnvart því að vera með geðsjúkdóm, en í upphafi veikindanna hafi hún fundið fyrir skömm.

„Fyrst þegar ég veiktist þá fór ég að ímynda mér að allir væru að tala um þetta, af því að ég var svo opin með þetta. Þá vissu allir hvað var í gangi í kringum mig og ég upplifði skömm ef ég fór út og mætti fólki. Svo losaði ég mig við skömmina með því að tala um þetta og deila sögunum mínum. Ég frelsaði mig að einhverju leyti frá þessu. Það er ótrúlega mikilvægt að vera opin með þetta til þess að losna undan skömminni.“

Í dag finnur Áslaug fyrir því ef hún er að komast í maníuástand og hefur hún lyf til þess að slá á ástandið.

„Ef það er mikið áreiti, ef ég er kannski í miklum hávaða eða er óvenjuglöd eða spennt þá finn ég að ég er að fara upp. Ég verð svona meira „tens“ og oft þá vil ég ekki viðurkenna það af því að mér líður ótrúlega vel. Ég er þá í góðu ástandi sem myndi þó kannski ekki enda vel ef ég gerði ekki neitt í því. Mér líður eins og ég sé hrókur alls fagnaðar og að fólk hafi meiri áhuga á mér þegar ég er í þessu ástandi. En þetta eru aðeins ranghugmyndir þar sem manni finnst maður vera betri en maður er, upplifir sjálfan sig sem sérstakan. Ég hef alltaf geta stöðvað þetta með lyfjum, nema þegar ég er að reykja gras því þá hef ég enga stjórn. Þá er ég bara í neyslu og er ekkert að spá í þetta. Allt í einu er ég bara komin með ranghugmyndir og get ekkert stjórnað því.“

BÍLAMERKINGAR

Vel merktur bíll er ódýrasta auglýsingin

Sundaborg 1
104 Reykjavík
777 2700
xprent@xprent.is

Gerid gæða- og verðsamanburð

Svefn & heilsa
★★★★★

MEMORY Deluxe
Hágæða sjö svæðaskipt heilsudýna sem styður rétt við líkamann

Aðlagast líkamanum og gefur betri öndun. Góð þrýstijöfnun og réttur stuðningur tryggir betra blóðflæði og þú færð dýpri og betri svefn. Verð með botni og fótum:

80x200 cm
Verð aðeins kr. 74.900.-

VALHÖLL

5 svæðaskipt heilsudýna

Góð millistif heilsudýna á fráberu verði. Pokagormakerfi, gæðabólstun. Verð með botni og fótum:

80x200 cm
Verð aðeins kr. 74.900.-

SAGA / FREYJA

Hágæða 7 svæðaskiptar heilsudýnur

Pokagormakerfi, þrýstijöfnun í yfirdýnu sterkir hliðarkantar, gæðabólstrum Verð með botni og fótum:

80x200 cm
Verð aðeins kr. 94.900.-

Umboðsaðilar: Húsgaгнаval | Höfn | Bara snilld ehf. | Egilsstöðum

Justin Bieber á Íslandi, en söngvarinn hefur verið tíður gestur hér á landi.



Ekki geðveik að eilífu

Áslaug hóf að skrifa færslur á bloggið sitt áður en hún veiktist alvarlega og hélt svo áfram að skrifa í gegnum veikindi sín. Hún segist ánægð ef blogg hennar geti hjálpað einhverjum.

„Maður verður að byrja einhvers staðar og ég fagna því bara ef það eru einhverjir tveir sem vilja skoða þetta. Ég er líka að gera þetta fyrir sjálfa mig. Ég skrifaði mjög fljótt um fyrstu tvö manúköstin, en ég hef ekki skrifað um það þriðja og er því farin að gleyma því aðeins. Fljótlega eftir þau man ég vel hvað ég var að gera. Ég man þetta rosalegasta í smáatriðum en stundum segir einhver við mig að ég hafi gert eða sagt eitthvað og þá er ég bara: „Ha? Gerði ég hvað?“ En ég man svona rauða þráðinn í gegnum þetta og stundum alveg hvað ég er að hugsa. Þetta er eins og að hugsa til baka um eitthvað sem maður gerði áður.“

„Nú kemur að kaflaskilum í mínu lífi en ég er að fara til kærasta míns. Scooter er að fara að koma að sækja mig en þau voru að bíða eftir að ljósmyndarar færu frá húsinu. Ég er leyndarmál og verð ekki official kærasta hans í einhvern tíma, ekki á meðan Purpose tónleikaferðalagið er í gangi. Ég verð meðlimur í crewinu þeirra

og mjög óáberandi. Þetta verður að vera bara milli mín og þín þangað til allt kemur í ljós í fjölmiðlum. Hvað get ég sagt, ég er ástfangin upp fyrir haus en samt tilfinningalaus. Það er skrítið.“

Áslaug segir að þrátt fyrir að fólk lenti í veikindum líft og maníu eða geðrofi þá sé það ekki veikt að eilífu.

„Maður festist ekki í því ástandi. Það þýðir ekki að maður sé veikur að eilífu. Ég get stundað lífið alveg jafn vel og næsti maður. Ég finn ekki fyrir þessu í dag þótt ég þurfi að passa mig kannski betur, passa hvað ég geri og passa að vera vör um mig ef eitthvað gerist. En fólk hugsar stundum að ef það veikt einu sinni af geðsjúkdómi þá sé það bara geðsjúkdómurinn. Þá sé það geðveikt að eilífu, en það er ekki þannig. Það er fáfræði í samfélaginu og opna þarf á þá umræðu.“

Hélt að leynipjónustan kæmi

Hér fyrir neðan má svo lesa hluta af bloggi Áslaugar sem hún skrifaði um geðrof sitt eftir að hún komst úr því ástandi:

„Það var á GayPride, fyrstu helgina í ágúst sem fjörið byrjar fyrir alvöru. Ég ætlaði í fyrstu ekki að drekka áfengi en ákvað að slá til og fagna með vinkon-

um mínum. Ég fer niður í bæ og hitti þar vin minn, við spjöllum lengi saman og hann býður mér e-töflu þegar líður á kvöldið. Ég tek hana inn og við förum svo saman til hans í eftirpartý að reykja jónu og hlusta á tónlist. Allt í einu klikkar eitthvað enn einu sinni í hausnum á mér. Enn einu sinni talaði Spotify til mín. Mér fannst þetta yfirþyrmandi og segi við hann:

„Þetta var þá satt!“ Hann virtist vera ráðvilltur en ég var viss um að hann vissi hvað var í gangi. Ég tek yfir tölvuna og fer að hlusta á albúmið hans Justin enn einu sinni. Já! Hann var að syngja til mín. Ég var sérstök, útvalin. Þarna var ég enn einu sinni komin hinum megin við línuna, á hvíta svæðið, í himnaríki, þar sem heimurinn var svo fallegur og ég var sérstök. Ég fór heim morguninn eftir og fór beint á Twitter. Ég fann aftur belieber21256. Hann followaði mig til baka og við förum aftur að spjalla saman. Justin var með 17 ára kærustu sem hét Sofía en ég vissi að það væri bara cover. Ég mátti ekki vera opinberuð af því ég var leyndarmálið hans. Þegar við vorum búin að tala saman í nokkra daga þá er Justin með pop up tónleika í Japan. Já! Ég var að fara með til Japans. Ég segi við

Áslaug upplifir sig ekki ólíka öðru fólki / Ljósmynd: Aðsend



Ég reyni að bjarga heiminum þegar ég er í þessu ástandi og ég er með Justin Bieber á heilanum

hann að ég sé ready til að fara en segi við hann að ég sé að fara á fótboltaeik um kvöldið. Á fótboltaeiknum hitti ég vinkonu. Við förum út í bíl til hennar og ég sagði henni frá Justin og að ég væri að fara til Japans yfir helgina. Hún var mjög efins en ákvað að trúa mér á endanum. Ég sagðist ætla að senda henni snap af mér og Justin syngja Boyfriend og ég ætlaði að taka rapp partinn. Þetta var á fimmtudegi. Ég hlaut að vera að fara daginn eftir. Ég labba út á Klambratún og það er grenjandi rigning. Ég var að bíða eftir að vera sótt af leynipjónustunni. Enginn kemur og ég bíð og bíð. Ég sé

mann vera að tína rusl, hann var fatlaður. Mér fannst ég vera frelsari fatlaðra, mig langaði að tala þeirra málstað. Fatlaðir voru sérstakir eins og ég. Gátu heyrt raddir sem voru í raun fólk sem var að tala við það, hugsanaflutningur.“

Fékk kvíðakast þegar Justin mætti ekki á flugvöllinn

Á þessum tímamarki fannst Áslaugu hún upplifa þau skilaboð að hún ætti að fara frá Klambratúni, hún gekk um Reykjavík, fór á kaffihús og í Hallgrímskirkju þar sem hún hélt áfram að bíða eftir að verða sótt. Að lokum ákvað hún að fara heim:

„Þetta var búið að vera erfiður tími með miklum mótvindi, enginn vildi hlusta á mig, öllum fannst ég rugluð, veik. Ég talaði við Justin á Twitter og skrifaði til hans „I'm waiting!“ Svo sagði ég „no wait! Maybe you are waiting for me!“ Ég legg af stað niður á Reykjavíkflugvöll.“

Þar fann Áslaug ekki Justin og fór aftur út og inn í leigubíl. Hún sagðist vera að fara á Keflavíkflugvöll:

„Þar vissi ég ekki hvert ég átti að snúa mér. Ég endaði á að standa við vegg þar sem á skilti stóð „meeting point“. Þar var ungur maður með möppu augljóslega að bíða eftir fólki. Ég byrjaði að elta hann og tala við hann á fullu á meðan hann var ráðvilltur varðandi mig. Á endanum benti hann mér á að fara þar sem „komur“ voru. Justin

Bieber var jú á leiðinni til landsins til að sækja mig og fara með mig til Japans.“

Aldrei kom Justin að sækja Áslaugu þrátt fyrir langa bíð:

„Ég var orðinn mjög pirruð. Ég var farin að fokka upp í loftið. Ég var að fokka á þá sem voru að fylgjast með mér í myndavélunum og ég var að fokka á Guð. Ég var orðin uppgefin.“

Áslaug fékk kvíðakast á flugvellinum og átti hún erfitt með andardrátt. Að lokum kom sjúkrahúsið sem keyrði með hana í bæinn:

„Mér hefur aldrei liðið jafn illa. Mig langaði bara að fara að sofa en ég gat það ekki. Ég fór á sjúkrahúsið í Fossvoginum. Því næst lá leið mín heim og svo beint upp á geðdeild Landspítalans.“

Beið í tvo klukkutíma úti í kuldanum eftir Justin en endaði á geðdeild

Stuttu síðar losnar Áslaug af Landspítalanum en er þó enn í geðrofi. Á þessum tíma var Justin Bieber með tónleika á landinu og fór Áslaug á þá:

„Alla tónleikana var ég að tala við Justin í gegnum hausinn og hann var alltaf að segja mér að þegja því hann var að syngja. Ég var alltaf að afsaka mig og segja sorry en ég hafði bara ekki stjórn á hugsunum mínum út af því að ég var freðin. Justin er alltaf að segja mér í hausnum að við munum hittast á eftir. Ég redda mér fari heim. Justin segir mér að fara út með allan farangurinn minn og bíða þar. Ég bíð í tvo klukkutíma úti í nístandi kulda. Að lokum fer ég inn aftur til að sofa. Á endanum kemur mamma að sækja mig og ég fer heim. Ég hélt áfram að reykja og fór út á kvöldin að berjast

við drauga með því að syngja. Svo fer mamma með mig í viðtal á geðdeild, ég var freðin og sættist á að leggjast inn. Þar enda ég á að vera í meira en mánuð.“

Fyrir þá sem hafa áhuga á því að lesa færslur Áslaugar og kynna sér hugarheim einstaklings með geðhvarfasýki má benda á síðu hennar: aslaugeik.wordpress.com ■

EIGUM MARGA
LITI Á LAGER



ÁLKLÆÐNINGAR &
UNDIRKERFI



HANNAÐ FYRIR
ÍSLENSKT VEÐURFAR



Nánari upplýsingar á
mt.is og í s: 580 4500

ÚTSALAN

Í FULLU GANGI

**20-70%
AFSLÁTTUR**



**MEDIREST RÚM 160 CM
40% AFSLÁTTUR**

VERÐ ÁÐUR 203.760
MEÐ 40% AFSLÆTTI 122.256

STILLANLEG HEILSURÚM FRÁ 264.065 Á ÚTSÖLUNNI



SÓFAR

**20-60%
AFSLÁTTUR**

Diamond sófi
Verð með 40% afslætti: 89.940 kr.
Verð áður 149.900 kr.



STÓLAR

**20-50%
AFSLÁTTUR**

Beethoven stóll
Verð með 40% afslætti: 34.140 kr.
Verð áður 56.900 kr.



LJÓS OG LAMPAR

**20-70%
AFSLÁTTUR**

Frábært úrval af ljósum og lömpum



HANDKLÆÐI

**20-70%
AFSLÁTTUR**

50x100cm
Verð með 70% afslætti: 417 kr.
Verð áður 1.390 kr.


70x140cm
Verð með 70% afslætti: 897 kr.
Verð áður 2.990 kr.



FATAEFNI

**20-70%
AFSLÁTTUR**

Mikið úrval fataefna á útsölnni.



PÚÐAR

**20-60%
AFSLÁTTUR**

Margar gerðir og stærðir.

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar

Síðumúla 30 - Reykjavík | Sími 533 3500
Hofsbot 4 - Akureyri | Sími 462 3504

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ



Súðurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðlun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Framkvæmdastjóri: Karl Garðarsson Adalritstjóri og ábyrgðarmaður: Kristján Kormákur Guðjónsson
Aðstoðarritstjóri: Einar Þór Sigurðsson Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn



Baugur að rísa á ný?

Nú er róið að því öllum árum að koma **Jóni Ásgeiri Jóhannessyni** aftur í stjórn Haga. Eins og greint hefur verið frá bauð Jón sig fram á dögnum en fékk ekki náð fyrir augum tilnefningarnefndar. Meirihluta-eigendur eru lífeyrissjóðirnir og Samherji en félög tengd Ingibjörgu, konu Jóns, sjöundi stærsti hluthafinn.

Þegar eru farnir að birtast hneykslunarpistlar á stjórnarkjörinu frá valdamiklu fjölmiðlafólki með tengsl inn í stjórn málin. Er Jón þar máláður sem litli maðurinn gegn valdinu. Vætanlega líður ekki á löngu þar til fleiri birtast og að Jón verði trommaður upp í stjórnina. Spurningin er sú hvort Baugur sé að rísa á ný og athyglisvert verður að fylgjast með hvort tilboð verði gert í einn af bönkunum.

Tvær grímur

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson fer nú mikinn í fjölmiðlum og ræðst á þingforseta. Talar hann um „hefndarleiðangur“ og „pólítísk réttarhöld“ í tengslum við skipanir varaforseta í forsætisnefnd vegna Klaustursmálsins. Eftir meðferð þeirrar nefndar færir mál-ið til síðanefndar Alþingis þar sem yrði tekið á því. Í byrjun desember, þegar málið var í hámmáli, sagðist Sigmundur geta mætt fyrir síðanefnd eidsvarinn og lýst því hvað menn hafi sagt í einkasamtölum um félagann. Ítrekaði hann þessa hótun í Krydd-síldinni um áramótin og virtist beina þeirri hótun í ákveðnar áttir. Hótunin virðist hins vegar ekki hafa skilað sínu og tvær grímur farnar að renna á Sigmund. Getur hann staðið við stóru orðin?



Blóðuga baráttan um auglýsingakrónurnar

Leiðari

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Þú ert ekki orðinn alvöru blaðamaður fyrr en þú hefur verið rekinn tvisvar," sagði raðrekinn gamall vinnufélagi kumpánlega við mig þegar ég hóf störf á DV fyrir nokkrum árum. Sá hætti reyndar skömmu síðar, en ummælin, sem flestir vinnufélagar tóku brosandir undir, bera þess merki að starfsöryggi blaðamanna sé ekkert sérstaklega mikið.

Ástæðan er fyrst og fremst gríðarlega erfitt rekstrarumhverfi fjölmiðla þótt vissulega sé enn erfíðara þegar rekstrarsóðar eru við stjórnvöl skútunnar. Áskriftarsala er strembin og það er blóðug baráttan um hverja krónu á auglýsingamarkaði. Slæmt tímabil á þeim vettvangi getur þýtt að rífa þurfi seglin og þá eru þeir sem skrifa

efnið fyrstir út um dyrnar.

Afleiðingin af þessu umhverfi er sú að of mikil áhersla er lögð á magn efnis en ekki gæði. Einnig verður hlutfall fréttu, sem raunverulega skiptir máli, gagnvart afþreyingarefni bjagað. Það er stundum allt að því hrollvekjandi hversu miklu fleiri „smelli“ fréttir af frægu fólki fá en mikilvægar fréttir eða fréttaskýringar. Ég skal taka fulla ábyrgð á því að ég hef skrifað allnokkrar slúðurféttir á netvöktum þegar örvæntingin vegna lélegrar aðsóknar er algjör. Það er skýrt merki um skömm mína að ég merki slíkar fréttir ekki nafni!

Góðar fréttir eru líka þungar í vinnslu ef vel á að vera. Í þessu blaði er til dæmis frétt um jafnlaunavottun þar sem fyrsta fyrirspurn vegna málsins var send út rétt fyrir jól en fullnægjandi svör frá ráðuneyti skiluðu sér ekki fyrr en rúmum mánuði síðar. Það er

ekki laust við að undirritaður hafi verið með tár á hvarmi þegar að hann horfði á myndina Spotlight um árið. Þar tóku blaðamennirnir nokkra mánuði í að athuga hvort þeir yfirhöfuð myndu fjalla um tiltekið fréttamál og síðan enn fleiri mánuði í að vinna það. Líklega er það óraunhæft hér á landi, en maður má láta sig dreyma.

Það er því óhætt að fullyrða að margir kollega minna bíði spennir eftir frumvarpi um að ríkið styrki einkarekna fjölmiðla fjárhagslega. Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, hefur boðað að hún muni kynna frumvarpið í ríkisstjórn í næstu viku.

Í frumvarpinu er kveðið á um að einkareknir fjölmiðlar geti fengið stuðning í formi endurgreiðslu á hluta kostnaðar, allt að 25%, sem fellur til við öflun eða miðlun fréttu, fréttatengds efnis eða umfjöllunar um samfélagsleg málefni, að uppfylltum skilyrðum.

Þá hefur Lilja látið hafa eftir sér að skilyrði verði sett um hvað prentmiðlar þurfa að gefa út mörg tölublöð á ári, fjölmiðill þarf að vera skráður hjá fjölmiðlanefnd og má ekki skulda opinber gjöld.

Það verður fróðlegt að sjá nánari útfærslu og vonandi verður hún á þá leið að útilokað verði að hafa pólítísk afskipti af því hverjir hljóta endurgreiðsluna. Sósíal-istaforinginn Gunnar Smári Egilsson er einn þeirra sem virðast ekki vera mjög hrifnir af tillögnum. Hann kom fram með þá hugmynd að frekar yrði komið á fót sjóði til þess að styrkja blaðamenn beint, til þess að þeir geti óháðir rannsakað mál. Hugmyndin er góðra gjalda verð, en líklega yrði þó enn erfíðara að koma í veg fyrir að blaðamenn sem sérstaklega væru hlynntir ríkjandi stjórnvöldum böðuðu sig í gulli. ■

Spurning vikunnar

Borðar þú súrmat?





VEIÐILEYFI Á ÍSLANDI 2019

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarisdóttir / johanna@dv.is



SIF – N.A.R.T. 1948, tilvalið í veiðina

Armbandsúr-
ið SIF –
N.A.R.T.
1948 er massíft
1.000 metra
vatnshelt úr sem
hannað er til
að þola notk-
un við erfiðustu
aðstæður. Úrið
smíðað úr massífum
eðal stáiklump sem fyrst
er stansaður og síðan fræstur
út og mótaður. Úrið er með 4
mm safirglæri sem hefur gengið
í gegnum þrýsti- og álagspróf-
anir. Gangverk úrsins er sviss-
neskt, sjálftrekkjandi og með 25
rúbinsteina á slitflötum.

JS Watch co. Reykja-
vík úrin eru íslensk
frá grunni. Þau
eru hönnuð á
teikniborði JS
hér heima á Ís-
landi. Allir íhlutir
úrsins eru síðan
sérframléiddir
eftir þeirra hönnun
í sérhæfðum verk-



smíðjum í Þýska-
landi og Sviss og
settir saman
hér á landi
undir ströngu
gæðaeftirliti
Gilberts Ó.
Guðjónssonar
úrsmíðameista-
ra sem nýtir
áralanga þekkingu
og reynslu sína af úr-
smíði til að tryggja að hvert
og eitt úr standist ströngustu
kröfur.

Vönduð úr eru munaðarvara
Frá upphafi framleiðslunnar
hefur verið leitast við að
sameina glæsilega
hönnun, gæði, fyrsta
flokks úrverk og
falleg armbönd.
Vönduð úr eru
munaðarvara
og fylgihlutur
sem bæði karl-
menn og konur
njóta þess að velja,
bera og eiga. En úr

er ekki bara skartgripur. Það er
nytjahlutur sem hjálpar okkur
að gegna skyldum okkar, halda
loforð og skapa góðar minn-
ingar.

Stjörnur elska úrin frá Gilbert úrsmíði

Sérstæða úrana á íslenskum
markaði ásamt persónulegri
þjónustu og árangursríku
markaðs- og kynningarstarfi
hefur leitt til þess að úrin hafa
orðið eftirsótt meðal heims-
frægra einstaklinga
sem koma til lands-
ins. Meðal þekktara
einstaklinga
má til gamans
nefna Ben Stiller,
Tom Cruise og
Quentin Tar-
antino.

Fágætt úrana
ásamt því að vera
framléidd í hæsta gæða-
flokki er það sem gerir þau
eftirsóknarverð, en á skifu allra
úrana stendur Reykjavík. Það
ásamt, vönduðu verki, fram-

leiðslu og sígildu útliti gerir
úrin fágætt og einstök.

Persónuleg þjónusta

Gilbert úrsmíður hefur
lagt sitt af mörk-
um við að hvetja til
bættar verslunar og
þjónustu við ferða-
menn efst á Lauga-
vegnum og hefur ásamt
fleirum tekið þátt í að
byggja upp verslun í Vita-
hverfinu. Persónuleg þjón-
usta og góð vörubekk-
ing er aðalmerki
verslunarinnar
og þjónustustig
verslunarinnar er
til fyrirmyndar.
Viðskiptavinir
eiga kost á að
hitta framleiðend-
ur, fá að sjá úrsmíði
að störfum og koma
með ábendingar varðandi
samsetningu og útlit þeirra
úra sem þeir hyggjast kaupa.
Ferðamenn geta óskað eftir
einkaheimsókn komist þeir ekki



í verslunina á
hefðbundnum
opnunartíma og eru þeir þá
jafnan sóttir á hótél sitt og ekið
til baka að lokinni heimsókn.
Heildstæð áferð og framúr-
stefnuleg ásýnd markaðs- og
kynningarmála JS Watch co.
Reykjavík hefur vakið athygli
bæði innanlands og utan.
Úrvalið hefur aldrei verið
meira en nánari upplýsingar
um úrin og hönnunina má finna
á www.gilbert.is ■

Lax-Á í yfir 30 ár! 1987 til 2019

Lax-Á býður einnig upp á bæði bleikjuveiði og hreindýraveiði á Grænlandi. Lax-Á byggði árið 2012 glæsilegar veiðibúðir á Suður-Grænlandi. Þangað kemur fjöldinn allur af veiðimönnum frá öllum heimshornum ár hvert. Óhætt er að segja að aðbúnaðurinn sé sá besti sem í boði er á Grænlandi. Í búðunum eru sturtur, vatnssalerni og sána ásamt átta tveggja manna húsum og sameiginlegum matsal.

Farið er á bátum í fjölmargar ár og

nóg er af bleikju. Yfirleitt er veiðin um 20-40 bleikjur á dag.

Flogið er tvisvar í viku til Narsassuaq með Air Iceland Connect á þriðjudögum og laugardögum. Ferðir Lax-Á miðast við þessar flugferðir.

Lax-Á hefur skipulagt og boðið upp á veiðar í fjölmörgum löndum svo sem Skotlandi, Rússlandi, Noregi, Kanada, Suður-Ameríku, Angóla, Namibíu, Suður-Afríku, Tansaníu, Mósambík og víðar.

Nánari upplýsingar á lax-a.is ■



Grænlandsk fegurð.



Vorlax úr Blöndu Blanda er ein allra besta vorveiðiá Íslands.



Og hann er á! Blanda er fræg fyrir stórlaxa.



Og hann er á! Blanda er fræg fyrir stórlaxa.



Ólýsanleg fegurð í Grænlandi.



Stórlax úr Blöndu.



Við erum einnig með aðgang að tíu veiðiám allar troðfullar af sjö-genginni bleikju.



Það er víða fallegt og fengsælt við Stóru Laxá.

Í YFIR 30 ÁR HEFUR LAX-Á BOÐIÐ ÍSLENSKUM STANGVEIÐIMÖNNUM VEIÐILEYFI Í FJÖLMÖRGUM AF BESTU LAXVEIÐIÁM ÍSLANDS. ÞAR MÁ MEÐAL ANNARS NEFNA:

<u>EYSTRIRANGÁ</u>	<u>SOG ÁSGARÐI</u>
<u>YTRIRANGÁ</u>	<u>LEIRVOGSÁ</u>
<u>STÓRU LAXÁ, SVÆÐI 1 OG 2, SVÆÐI 3 OG SVÆÐI 4</u>	<u>HALLÁ</u>
<u>TUNGUFLJÓT Í BISKUPSTUNGUM</u>	<u>BLÖNDU SVÆÐI 1, BLÖNDU SVÆÐI 2, BLÖNDU SVÆÐI 3 OG BLÖNDU SVÆÐI 4 (REFSÁ)</u>



Á MÓTI STRAUMNUM

Framtíðin felst í lokuðum sjókvíum og landeldi

Stutt er síðan laxeldi í opnum sjókvíum við strendur Íslands höfst aftur eftir langt hlé. Um 23 eldisfyrirtæki, auk þjónustu- og stoðfyrirtækja þeirra, hafa stofnað með sér öflug hagsmunasamtök, Landssamband fiskeldisstöðva. Ekki stunda öll þessi fyrirtæki sjókvíaeldi á laxi en þar eru umsvifin mest í dag og áætlanir um vöxt hvað stórtækastar.

Varúðarreglur duga ekki til

Til varnar villtum laxastofnum í ám landsins er sjókvíaeldi á laxi einungis heimilt á Vestfjörðum, Austfjörðum og í Eyjafirði. Nýlegar slysasleppingar á eldislaxi hafa þó sýnt að varúðarreglur duga ekki til að koma í veg fyrir að strokulax úr sjókvíum ferðist um langan veg og blandist hrygningarstofnum villtra laxa. Þetta getur haft óafturkræfar afleiðingar í för með sér.

Sérlega lúsugur eldislax

Laxalús er snikjudýr sem lifir í sjó og leggst einkum á laxfisk. Það er alls ekki óalgengt að villtir laxfiskar séu með laxalús í einhverjum mæli. En þegar þúsundum laxa er komið fyrir í opinni sjókví, myndast kjöraðstæður fyrir lúsina til að fjölga sér. Nái hún að fjölga sér um of étur hún fiskinn lífandi. Smávaxin sjögönguseiði eru sérlega viðkvæm fyrir lús og eru dæmi um að heilu stofnar villtra laxfiska hafi nær þurrkast út vegna nálægðar við opnar sjókvíar.

Mengun frá eldiskvíum

Einnig geta úrgangsefni sem enda í hafinu í nálægð við sjókvíar valdið miklum breytingum á efnasamsetningu sjávar, m.a. gert hann svo súrefnissnauðan að einungis ákveðnar lífverur fái þar þrífist.

Strokulaxar veiðast víða

Þegar hafa veiðst strokulaxar úr kvíaeldi í Vatnsdalsá í Húnavatnssýslu, Eyjafjarðará og Selá í Steingrímsfirði, auk strokulaxa sem veiðst hafa í ám við Djúp og á sunnanverðum Vestfjörðum. Eldislaxinn í Eyjafjarðará var meðal annars kominn að hrygningu.

Lærum af nágrannabjóðum!

Í Skotlandi hefur ástandið verið miður gott. Tilkynnt hefur verið að minnsta kosti 2.000.000 strokulaxa hafi sloppið sl. tíu ár og 1,9 milljónir tíu árin þar á undan. Árið 2016 var uppgjafinn fjöldi strokulaxa úr eldi í Skotlandi 311.000 fiskar. Viðurkennd viðmið um tölu á strokulöxum eru þau að margfalda megi töluna með fjórum til þess að fá rauntölu strokulaxa. Það þýðir að fyrir hvert framleitt tonn 2016 hafi í raun sloppið sjö til átta eldislaxar. Þetta hljómar ekki mikið en í samhengi hlutanna er þetta óviðunandi.

Til samanburðar hefur framleiðsla úr norsku laxeldi verið um 1,2 milljónir tonna á ári undanfarin ár og talið er að umfang slysasleppinga hafi minnkað verulega síðustu ár. Opinberar tölur benda til þess að umfang slysasleppinga sé nú um 0,2 strokulaxar á hvert framleitt tonn. Samkvæmt viðurkenndum viðmiðum var strokufiskur árin 2014–2015 þó meira en 10% af heildarfjölda kynþroska laxa í 10–20% af rannsókuðum ám í Noregi.

Ef strok eldislaxa við strendur Íslands yrði með sama hætti og í Noregi, gæti fjöldi laxa sem sleppur numið allt að 56.000 löxum m.v. 70.000 tonna framleiðslu, eða meira en nemur öllum veiddum, villtum laxi á Íslandi. Ef strok verður hér sambærilegt og í Skotlandi verða strokulaxar margfalt fleiri en allir veiddir villtir laxar úr náttúrulegum íslenskum stofnum.

Viljum við í alvöru útrýma villtum laxastofnum á Íslandi?

Þrátt fyrir þessar sorgarfréttir, þá er lausn í sjónmáli! Ekki allar eldisaðferðir eru jafn slæmar. Ýmist er talað um opin eða lokuð kerfi í fiskeldi eftir því hvort hægt er að stjórna innstreymi, afrennsli og úrgangi frá eldinu. Lax sem alinn er í lokuðum kerfum á landi eða í lokuðum kvíum/tönkum í sjó er heilbrigðari en í opnum sjókvíum, lúsafaraldrar heyra sögunni til og heildarmengun frá eldinu er miklu minni. Lokaða leiðin í eldi framleiðir betri matvöru, er ódýrust fyrir



umhverfið og hentar þryðilega á Íslandi sem annars staðar. Þótt stofnkostnaður fyrirtækjanna sé örliðið meiri skilar hann sér í betri ávöxtun þegar fram í sækir.

Við skorum á stjórnvöld!

NASF á Íslandi, Verndarsjóður villtra laxastofna, biður nú fólk um að skora á stjórnvöld um að marka stefnu um sjálfbært fiskeldi í sátt við náttúruna. Því markmiði verður aðeins náð með lokuðum kvíum í sjó eða landeldi. Fiskeldi í opnum kvíum er ósjálfbær aðferð.

Fiskurinn sleppur reglulega og ógnar villtum stofnum auk þess sem snikjudýr, mengun og úrgangur berst óhindraður út í náttúruna.

Þá skaðar fiskeldi í opnum sjókvíum orðspor, mynd og náttúru Íslands. Sýndu stuðning þinn með því að fara inn á amotistraumnum.is/taktu-af-stodu og skrifaðu undir. Það er til mikils að vinna eða öllu að tapa!

Nánari upplýsingar má nálgast á amotistraumnum.is ■

VEIÐIKLÚBBURINN STRENGUR:

Fjölbreytt úrval veiðisvæða, eitthvað fyrir alla

Við hjá Veiðiklúbbnum Streng gerum allt sem í okkar valdi stendur til þess að tryggja að komandi kynslóðir fluguveiðimanna geti krækt sér í lax og sjógenginn silung í framtíðinni. Á okkar veiðisvæðum er eingöngu stunduð fluguveiði þar sem veitt og sleppt er meginreglan. Við bjóðum fulla þjónustu hvað varðar gistingu og mat. Við bjóðum einnig veiðisvæði þar sem veiðimenn gista í húsi við ána en sjá sjálfir um sig í mat og drykk. Fyrir þá sem vilja bjóðum við upp á leiðsögumenn við árnar, það getur verið mjög skynsamlegt að fá leiðsögn við veiðarnar, einkum þegar komið er í fyrsta sinn á nýja veiðislóð.

Veiðisvæði Strengs

Hofsá í Vopnafirði

Hofsá er að mati margra veiðimanna hin fullkomna fluguveiðiá. Laxgengt svæði árinna er 27 kílómetrar.

Veitt er á sjö stangir í Hofsá á sjö svæðum. Mjög rúmt er um veiðimenn og komast þeir sjaldnast yfir að kasta flugu á alla hylji árinna.

Veiði hefst í lok júní og lýkur upp úr miðjun september. Áin er fjölbreytt og það er einstaklega fallegt í Hofsárdal.

Veiðihúsið Árhvammur er staðsett við neðri hluta árinna. Í húsinu eru sjö tveggja manna herbergi, sem eru öll með sér baðherbergi, auk tveggja eins manns herbergja. Setustofa með arni og notaleg borðstofa með gullfallegu útsýni yfir ána og Hofsárdal. Maturinn er fyrsta flokks. Boðið er upp á vel útlátinn morgunverð, hádegisverð og þríréttaðan kvöldverð.

Selá í Vopnafirði

Selá er mikilfengleg og fjölbreytileg fluguveiðiá sem hefur upp á allt að bjóða. Áin rennur í stórkostlegu umhverfi. Aðalveiðisvæði árinna er 42 kílómetrar.

Veitt er á 6–8 stangir í Selá á jafnmörgum svæðum. Líkt og í Hofsá þá er mjög rúmt um veiðimenn og hyljirnir mismunandi og fjölbreyttir.

Veiði hefst í lok júní og lýkur upp úr miðjun september. Veiðimenn eru algerlega í kyrrð og fjarri allri umferð við veiðar.

Veiðihúsið Fossgerði er nýjasta og glæsilegasta veiðihús landsins. Það er staðsett á árbakkanum við neðri hluta árinna með útsýni upp að fossasvæðinu. Í Fossgerði eru tíu tveggja manna herbergi, öll með sér baðherbergi. Maturinn er fyrsta flokks. Boðið er upp á vel útlátinn morgunverð, hádegisverð og þríréttaðan kvöldverð.

Sunnudalsá + Hofsá (silungasvæði)

Sunnudalsá er hliðará Hofsár og mætir henni rétt við neðsta svæði árinna. Áin er falleg og fjölbreytt með 75 merktum veiðistöðum.

Veitt er á tvær laxastangir í Sunnudalsá. Með Sunnudalsá fylgir veiði á eina stöng á efri hluta silungasvæðis Hofsár þar sem er



góð sjóbleikjuveiði og laxavon.

Verðlag veiðileyfa í Sunnudalsá er sérlega hagstætt.

Veiðimenn sjá um að elda sjálfir í glæsilegu bjálkahúsi á árbakkanum. Í húsinu eru fjögur tveggja manna herbergi, öll með baði. Fyrir hóflegt húsgjald koma veiðimenn í hreint hús með uppabúnum rúnum.

Miðfjarðará í Bakkafirði

Strengur býður nú veiðileyfi í Miðfjarðará í Bakkafirði sem er falleg laxveiðiá á norðausturhorninu. Veitt er á tvær laxastangir í Miðfjarðará. Nýlega var opnaður laxastigi í Fálkafossi sem tvöfaldar veiðisvæði árinna sem er nú um 9 kílómetrar.

Veiðimenn sjá um að elda sjálfir í þrýðisgóðu sumarhúsi við ána. Í húsinu eru þrjú tveggja manna herbergi. Sama fyrirkomulag er á húsinu og í Sunnudalsá, veiðimenn koma í hreint hús með uppabúnum rúnum fyrir hóflegt húsgjald.

Tungulækur

Tungulækur er ein besta sjóbirtingsá Íslands. Áin er staðsett í um 300 kílómetra fjarlægð frá Reykjavík og rennur í gegnum fallegt landslag í Landbroti neðan Kirkjubæjarklausturs.

Tvö veiðitímabil eru í Tungulæk. Vortímabilið byrjar fyrsta apríl og stendur til loka maí. Hausttímabilið byrjar fyrsta september og stendur til 20. október.

Eingöngu er veitt á flugu og öllum sjóbirtingi á að sleppa.

Undirbúningur er hafinn við að reisa nýtt og glæsilegt veiðihús við Tungulæk þar sem veiðimenn sjá um að elda sjálfir. Í húsinu verða þrjú tveggja manna herbergi, öll með baði. Fyrir hóflegt húsgjald koma veiðimenn í hreint hús með uppabúnum rúnum.

Hægt er að senda fyrirspurnir og panta daga á heimasíðu Veiðiklúbbs Strengs www.strengurangling.is ■



FISH PARTNER:

Ástríða fyrir veiði

Eigendur Fish Partner, Gunnar Örn Petersen, Kristján Páll Rafnsson og Sindri Hlíðar Jónsson, hafa áratuga reynslu af stangveiði, leiðsögn og skipulagningu veiðiferða. Það er ástríða fyrir veiði sem rekur þá félaga áfram

og er óhætt að segja að þeir séu í draumastarfinu. Þeir þreytast aldrei á því að kanna nýjar veiðilendur og kynna ný svæði fyrir veiðimönnum. Þau svæði sem Fish Partner býður upp á eru rjómnn af því sem þeir félagar hafa uppgötvað.

SILUNGSVEIÐI

FISH PARTNER BÝÐUR UPP Á ÚRVAL VEIÐISVÆÐA MEÐ URRÍÐA OG BLEIKJU. SILUNGSVEIÐI ER SÉRSVIÐ FÉLAGSINS. BOÐIÐ ER UPPÁ VEIÐI Á NOKKRUM AF FALLEGUSTU SVÆÐUM LANDSINS.



Þingvallavatn – Villingavatnsárós

„Eitt magnaðasta urriðasvæði í veröldinni“

Villingavatnsárós er magnaðasta urriðasvæði Þingvallavatns. Eins og nafnið gefur til kynna á Villingavatnsá ós á svæðinu og urriðinn leit- ar í ósinn til að melta fæðu. Svæðið getur gefið ótrúlega veiði og mikið er af stórum fiski. Allar nánari upplýsingar er að finna á fishpartner.is



Villingavatn (Tjörnin)

„Lítið en leynt verulega á sér“

Villingavatn, eða Tjörnin, lætur ekki mikið yfir sér en geymir þó mikið af urriða sem margir hverjir eru mjög stórir. Allar nánari upplýsingar er að finna á fishpartner.is



Tungnaá

„Sjónveiði í kristaltærri hálandisá“

Tungnaá er frekar lítil á og umhverfi hennar er mjög sérstakt þar sem hún liðast kristaltær niður stórbrotinn jökulfarveg. Mögnuð bleikjuveiði getur verið í ánni. Allar nánari upplýsingar er að finna á fishpartner.is



Blöndukvislar

„Viðáttur óbyggðanna“

Vatnasvæðið ofan Blöndulóns samanstendur af sjö ám og ótal lækjum sem renna í lónið eða Blöndu. Krefjandi svæði fyrir ævintýragjarna veiðimenn. Allar nánari upplýsingar er að finna á fishpartner.is



Þingvallavatn – Kárastaðir

„Sennilega stórbrotnasta svæði Þingvallavatns“

Kárastaðir eru við norðanvert Þingvallavatn, skammt frá ósum Öxarár sem er helsta hrygningarstöð Þingvallavatns-urriðans. Urriðinn sveimar um svæðið í torfum á vorin og getur veiðin orðið ævintýrleg ef menn hitta á eina slíka. Allar nánari upplýsingar er að finna á fishpartner.is



Þingvallavatn – Svörtuklettur

„Mögnuð kvöld við Svörtukletta“

Svörtuklettur eru í landi Heiðarbæjar 2 við norðvesturluta Þingvallavatns. Móakotsá á ós á svæðinu og leitar urriðinn oft í ósinn til að melta og í fæðuleit. Svæðið er þekkt fyrir stóran urriða en þeir ferðast í torfum með ströndinni. Allar nánari upplýsingar er að finna á fishpartner.is



Þingvallavatn – Kaldárhöfði

„Spennandi kostur í urriða og bleikju“

Kaldárhöfði er syðsta veiðisvæðið í Þingvallavatni og nyrsta svæðið í Úlfjótuvatni. Um er að ræða mjög fjölbreytt svæði sem bæði býður upp á urriða- og bleikjuveiði. Allar nánari upplýsingar er að finna á fishpartner.is



Kaldakvísl

„Leynd perla á hálandinu“

Kaldakvísl geymir ótrúlegan bleikjustofn og geta stærstu bleikjurnar orðið allt að 10 pundum. Ekki er óalgengt að menn setji í 5–6 punda fiska. Í Köldukvísl er einnig að finna urriða sem líka getur orðið mjög stór. Allar nánari upplýsingar er að finna á fishpartner.is



Syðra-Fjall í Laxá í Aðaldal

„Paradis þurrfluguveiðimannsins“

Syðra-Fjall í Laxá í Aðaldal er skemmtilegt silungasvæði með laxavon. Allar nánari upplýsingar er að finna á fishpartner.is

LAXVEIÐI

ÞÓ SVO AÐ SILUNGSVEIÐI SÉ SÉRSVIÐ FISH PARTNER ÞÁ BÝÐUR FÉLAGIÐ EINNIG UPP Á SPENNANDI KOSTI Í LAXVEIÐI.



Gljúfurá

„Skemmtileg laxveiði“

Gljúfurá er nett og falleg þriggja stanga á í Húnavatns-sýslu. Veiðistaðir í Gljúfurá eru hver öðrum fallegri og mjög fjölbreyttir. Lax, bleikja og sjóbirtingur gengur í Gljúfurá og þar er einnig staðbundinn urriði. Allar nánari upplýsingar er að finna á fishpartner.is



Sandá í Þjórsárdal

„Haustveiði í stórbrotnu umhverfi“

Þessi tveggja stanga perla rennur í gríðarlega fallegu, skógi vöxnu, umhverfi í Þjórsárdal. Áin er hliðará Þjórsár og er ein af aðal hrygningarstöðvum laxins í efri Þjórsá. Allar nánari upplýsingar er að finna á fishpartner.is



Árbót í Laxá í Aðaldal

„Drottningin“

Laxá í Aðaldal, eða Drottningin eins og hún er gjarnan kölluð, er öllum íslenskum veiðimönnum kunn. Áin er þekkt fyrir að geyma stóra laxa og ógrynni af vænum urriða. Árbót er stórskemmtilegt laxa- og urriðasvæði á austurbakka Laxár, gegnt Nessvæðinu og Laxárfélagssvæðinu. Allar nánari upplýsingar er að finna á fishpartner.is

ÖNNUR SVÆÐI:



Hamrar í Hvítá.

Allar nánari upplýsingar er að finna á fishpartner.is



Geldingatjörn.

Allar nánari upplýsingar er að finna á fishpartner.is



Kvislarveita.

Allar nánari upplýsingar er að finna á fishpartner.is



Sporðöldulón.

Allar nánari upplýsingar er að finna á fishpartner.is

FLUGUVEIÐIKLÚBBURINN STARIR:

Fyrsta flokks veiði í fremstu laxveiðiám Íslands

Villti atlantshafslaxinn er eitt af aðalsmerkjum íslenskrar náttúru og á hann sér ríka sögu með þjóðinni enda Ísland þekkt sem eitt besta laxveiðiland heims.

Það er ástæða fyrir því að villti atlantshafslaxinn gengur einnig undir nafninu konungur fiskanna. Hann hefur þróast árbúsundum saman í ám landsins við afar hörð lífsskilyrði. Latneska heiti laxins, salmo salar, má þýða á íslensku sem „stökkvarinn“ enda stekkur hann í öllum sínum glæsileika upp fossa og flúðir á leið sinni úr hafi til uppeldisstöðvanna í sinni heimaá.

Fyrsta flokks veiði í fremstu laxveiðiám landsins

Fluguveiðiklúbburinn Starir einsetur sér að bjóða upp á fyrsta flokks laxveiðileyfi í hinum ýmsu ám og ármótasvæðum víða um landið. Starir eru í eigu Davids Mássonar, Halldórs Hafsteinssonar og Ingólfs Ásgeirssonar. Allir eiga þeir það sameiginlegt að vera miklir áhugamenn um fluguveiði. „Við viljum bjóða upp á fyrsta flokks þjónustu og aðbúnað fyrir gesti okkar. Rík áhersla er lögð á að bjóða einungis upp á úrvals hráefni og matseld í hæsta gæðaflokki fyrir viðskiptavinum okkar,“ segir Ingólfur.

Árið 2013 tók Starir hina þekktu laxveiðiá Þverá/Kjarrá á leigu. Veiðin var frábær fyrsta árið, segir Ingólfur, og veiddust það ár á fjórða þúsund laxar. Frá þeim tíma hafa Starir vaxið jafnt og þétt og rekur félagið nú sjö ársvæði. Meðal þeirra er hin þekktu Viðidalsá sem þeir félagar reka í samstarfi við Jóhann Hafnfjörð sem hefur verið yfirleidsögumaður við ána í áratugi.

Ársvæði með og án þjónustu

Í hinum stærri ám, Þverá/Kjarrá, Viðidalsá og Laxá í Aðaldal dvelja veiðimenn í veiðihúsum sem bjóða fulla þjónustu. Þar er leitast við að hafa allan aðbúnað sem bestan og gera dvöl gesta eins ánægjulega og kostur er. Í Straumum, Brennu og Viðidalsá 2, neðsta hluta veiðisvæðis Viðidalsár, er boðið upp á úrvals veiðihús, rúm eru uppábuin og húsin þrífir fyrir gesti. Veiðimenn sjá hins vegar sjálfir um matseld. Þessi svæði eru afar vinsæl hjá minni veiðihópum og fjölskyldum.

Nánar um ár sem bjóða fulla þjónustu:

Þverá/Kjarrá er ein frægasta laxveiðiá Íslands. Um er að ræða sömu ána þó að hún beri tvö nöfn. Neðri hluti árinna, **Þverá**, er 26 kílómetra löng og veidd með aðeins sjö stöngum á sjö aðskildum svæðum sem veiðast saman í skiptingu.

Veiðihúsið við Þverá er allt nýuppgerð og er eitt það glæsilegasta á landinu. Tvö herbergi fylgja hverri stöng og fer því einstaklega vel um gesti. Á verönd veiðihússins eru heitir pottar og gufubað þar sem veiðimenn geta slakað á og notið einstaks útsýnis yfir ána í lok dags.

Efri hluti ársvæðisins, **Kjarrá**, hefur þá sérstöðu meðal íslenskra laxveiðiáa að þar er engin byggð enda fellur áin öll um hálendi Íslands. Veiðihús Kjarrár stendur við Víghól. Um er að ræða glæsilegt veiðihús með fullri þjónustu. Kjarrá er veidd með sjö stöngum og er veiðisvæðið 46 kílómetrar að lengd. Við efstu veiðisvæði Kjarrár eru engir vegir og fara veiðimenn því gjarnan um þau á hestum sem gefur veiðinni einstakan blæ.

Viðidalsá og Fitjá eru ein þekktasta og gjöfulasta laxveiðiá Íslands og er áin jafnframt þekkt sem ein mesta stórlaxaá landsins. Glæsilegt veiðihús er við Viðidalsá og er það nýlega uppgerð. Áin er veidd með átta stöngum, sex í Viðidalsá og tvær í Fitjá, og veiðast þær saman í skiptingu.


Laxá í Aðaldal er gjarnan nefnd drottning íslenskra laxveiðiáa. Laxá er rómuð fyrir náttúrufergurð en einnig veiðast þar árlega stærstu laxar á landinu, fjölmargir yfir tuttugu pund. Nes er að jafnaði veitt með átta til níu stöngum. Afar sjarmerandi veiðihús er við ána og stendur það í landi Árnass. Allt aðgengi að ánni er mjög gott.

Veiðisvæði Stara án þjónustu eru þrjú talsins.

Brennan afmarkast af ármótum Þverár og Hvítár í Borgarfirði. Brennan er mjög gjöfult og aðgengilegt veiðisvæði og einstaklega vinsælt hjá fjölskyldum og minni veiðihópum. Brennan er veidd með aðeins þremur stöngum. Veiðihúsum eru nýuppgerð og fer vel um átta til tíu gesti. Góð verönd er við stærra húsið, grill og heitur pottur.

Straumar afmarkast af ármótum Norðurár og Hvítár í Borgarfirði. Straumar er tilvalið veiðisvæði fyrir fjölskyldur og smærri hópa. Svæðið er afar gjöfult og er veitt með aðeins tveimur stöngum. Aðstaðan er öll hin besta og fer vel um allt að átta gesti. Góð verönd er við húsið og grill.

Viðidalsá 2 er neðsti hluti Viðidalsár. Svæðið nær frá fossinum að ósum árinna. Veiðisvæðið er um fimm kílómetrar að lengd og er veitt með aðeins þremur stöngum. Svæðið er rómað fyrir bæði góða lax- og silungsveiði. Nýtt og glæsilegt hús er við ána. Í því eru þrjú rúmgóð svefnherbergi, tvö baðherbergi og góð stofa og opið eldhús. Heitur pottur er á verönd með útsýni yfir Húnaflóann. ■



LANDSSAMBAND VEIÐIFÉLAGA:

Veiðin er rótgróin í menninguna

Landssamband veiðifélaga eru hagsmunasamtök allra veiðifélaga landsins og er félagatala um 170 veiðifélög víða um land. „Það er skylda á Íslandi að vera með veiðifélag við öll vötn og ár og eru um 3.400 lögbýli um land allt sem eiga veiðirétt í veiðifélögum. Hlutverk samtakanna er að verja hagsmuni þessara veiðifélaga og höfum við meðal annars staðið í strangri varnarbaráttu síðastliðin ár út af fiskeldisáformum á Íslandi, sérstaklega hvað varðar laxeldi í sjó,” segir Jón Helgi Björnsson hjá Landssambandi veiðifélaga.

Gríðarleg áhrif á efnahagslífið

Það gleymist oft að taka inn í reikninginn þau gríðarlegu tekjuáhrif sem stangveiðiíðnaðurinn hefur á íslenskt efnahagslíf. „Í skýrslu frá Hagfræðistofnun Háskólans kemur fram að tekjur af stangveiði nema um heilum 27% af arði og launatekjum í landbúnaði og hátt í 70% á Vesturlandi. Á þessu sést að stangveiðiíðnaðurinn er gríðarstór þáttur í tekjum í dreifbýli,” segir Jón.

Síðustu ár hefur mikið borið á því að erlendir ferðamenn og jafnvel stórstjórnur séu að koma til Íslands að veiða. „Það má þó ekki gleyma því að um 50.000–60.000 Íslendingar stunda veiðar á hverju ári. Það er auðvelt að komast í ódýrari veiði í vötnum en svo er líka hægt að verja stórfé í laxveiði í bestu laxveiðiám

landsins. Það má jafnvel segja að það sé rótgróið í menningu okkar að veiða,” segir Jón.

Veiðar eru allra meina bót


Ástandið á villtum laxastofnum í íslenskum ám er með ágætum í dag. „Stangveiðimenn og veiðifélög eru farin að gæta meiri hófsemi í veiðunum heldur en tíðkaðist hér áður fyrr. Og menn eru farnir að stunda fluguveiði og sleppiveiðar í auknum mæli. Það sem er orðið mikilvægara í huga fólks er veran úti í náttúrunni. Fólk sækist frekar eftir upplifuninni og því að koma sér frá stressinu heima fyrir heldur en að veiða sem flesta og stærsta fiska,” segir Jón.

Nánari upplýsingar má nálgast á angling.is

Opnun Laxár í Aðaldal ■



Æðarfossar í Laxá í Aðaldal í Suður-Þingeyjasýslu.



Jón Helgi Björnsson hjá Landssambandi veiðifélaga við opnun Laxár í Aðaldal.

Veiðiþjónustan Strengir:

Það er til ódýr laxveiði

Veiðiþjónustan Strengir býður veiðimönnum upp á fyrirtaks laxveiði á gullfallegum ársvæðum, sem og silungsvæði. Nýleg fyrsta flokks veiðihús hafa verið byggð á flestum veiðisvæðum Strengja.

Veiðiþjónustan Strengir var stofnuð árið 1988 og hefur síðan þá lagt mikla áherslu á persónulega og góða þjónustu við veiðimenn, jafnt innlenda sem erlenda. Strengir hafa nú á sínum snærum Breiðdalsá, Jöklu og Hliðarár, Fögruhlíðará, Hrutafjarðará

og Minnivallalæk.

Forstjóri Strengja er Þröstur Elliðason en hann er jafnframt stofnandi fyrirtækisins.

Nánari upplýsingar á strengir.is

Veidileyfi má ýmist panta í gegnum vefsíðuna eða með því að hafa samband við Þröst Elliðason í síma/fax: 567 5204, heimasíma: 567-5211 eða 660-6890 eða með því að senda póst á netfangið: ellidason@strengir.is. ■

Hér pantar þú veiðileyfi:

Breiðdalsá

Jökla I og

Fögruhlíðará

Breiðdalsá

Jökla II

silungasvæði

Hrutafjarðará

Jökla III

Minnivallalækur

Fögruhlíðarós

SVFR:

Stangaveiðifélag Reykjavíkur 80 ára

Stangaveiðifélag Reykjavíkur var stofnað 17. maí árið 1939 og verður félagið því 80 ára í ár. Tilgangur félagsins við stofnun var til að byrja með að halda utan um leigu á Elliðaánum og halda utan um félagsskap stangveiðimanna. Síðan þá hefur félagið vaxið og dafnað í árunna rás og er nú leigutaki fjölda veiðisvæða um allt land. Raunar er

úrvalið svo mikið að enginn einn aðili annar á landinu býður upp á jafn fjölbreytta valkosti eins og SVFR.

Á dimmasta tíma ársins er tilvalið að láta hugann reika til komandi sumars og skipuleggja fjölbreyttar veiðiferðir með góðum vinum, félögum og fjölskyldu. Félagauthlutun félagsins er nýlokið og fer vefsala félagsins í gang innan tíðar. ■



Haukadalsá

Haukadalsá hefur verið kölluð hin fullkomna fluguveiðiá. Áin er um 7,5 kílómetra löng en þó með um 40 merktu veiðistaði, þannig að hér tekur hver veiðistaðurinn við af öðrum. Meðalveiði er um 590 laxar á ári.



Laugardalsá

Ný og spennandi laxveiðiá á Vestfjörðum hefur bæst í flóru SVFR. Laugardalsá í Ísafjarðardjúpi er 16 kílómetra löng og rennur úr Laugabólsvatni, niður Laugardal og til sjávar við vestanverðan Mjóafjörð.



Elliðaár

Elliðaárnar eru perla Reykjavíkur og heimavöllur SVFR. Áin er aðgengileg og hafa margir stigið sín fyrstu skref í veiðinni á bökkum þeirra enda árnar einstaklega fjölskylduvænar. Frábær á til að stíga sín fyrstu skref á árbakkanum.



Langá

Langá á Mýrum er ein besta laxveiðiá landsins sem félagsmenn hafa tekið ástfóstri við. Frábær og aðgengileg á með úrvals þjónustu. Meðalveiði síðastliðin ár er rétt um 2.000 laxar.



Bíldsfell

Í Soginu má eiga von á áventýrum, en flott veiði var þar síðasta sumar, þrátt fyrir litla ástundun. Veiðisvæði Bíldsfells er víðfeðmt og fiskar geta leynst víða. Skemmtilegt fyrir litla hópa.



Eldvatnsbotnar

Í Eldvatnsbotnum má finna flotta sjóbirtinga á haustin, en svæðið er rómað fyrir skemmtilega veiðistaði og gott aðgengi.



Gljúfurá

Gljúfurá er frábær þriggja stanga laxveiðiá í fögru umhverfi Borgarfjarðar. Veiðistaðir eru fjölmargir og fjölbreyttir og hentar áin afar vel fyrir bæði flugu- og maðkveiði. Húsið er einnig frábært með nægu plássi fyrir stóra hópa.



Úlfarsá (Korpa)

Frábær laxveiðiá í fögru umhverfi í landi Reykjavíkur. Áin er um 7 kílómetra löng og rennur í bugðum og sveigjum niður til sjávar. Áin gaf 236 laxa síðastliðin ár og er hentug fyrir hvern sem er.



Varmá

Veiðitímabilið er langt á bökkum árinna, það hefst strax í apríl og stendur allt fram til 20. október. Hér er gríðastaður fluguveiðimanna og margir veiðimenn sem heimsækja svæðið oft yfir veiðitímann.



Efri Flókadalsá

Skemmtilegt svæði með góðri veiði, en á síðasta ári veiddust þar um 1.000 bleikjur. Gott þriggja stanga svæði sem hentar hverjum sem er.



Laxárdalur og Mývatnssveit

Urriðasvæðin í Laxárdal og Mývatnssveit eru með bestu urriðasvæðum í heimi og heimsækja veiðimenn svæðið ár eftir ár. Mikið er af stórum urriðum á svæðinu og getur svæðið verið erfitt fyrir þá sem heimsækja það í fyrsta skipti, en þegar það nær tókum á veiðimönnum er ekki aftur snúið.



Gufudalsá

Gufudalsá er frábært sjóbleikjusvæði og er gífurlega fjölskylduvænt. Frábært hús er á staðnum þar sem veiðimenn gista og fer vel um stórar fjölskyldur á þessu fjögurra stanga svæði.



Straumfjarðará

Straumfjarðará er með nafntoguðustu laxveiðiám landsins og er bæði gjöful og skemmtileg veiðiá. Áin á upptök sín í fjöllum á norðanverðu Snæfellsnesi og dregur vatn í hana úr Baulárvallavatni og uppsprettum Köldukvíslar í Kerlingarskarði.



Um Vatnsdalsá og Vatnsdalsvatn

Vatnsdalsá og Vatnsdalsvatn er lax- og silungsveiðisvæði á sunnanverðum Vestfjörðum í miðju friðlandi Vatnsfjarðar. Selt er í ána í heilum hollum og leyfilegt er að veiða á tvær stangir samtímis. Innifalið í veiðileyfi í árnar er veiði í Vatnsdalsvatni. Verður áin opnuð um mánaðamótin júní/júlí. Undanfarin ár hafa veiðst um 110 laxar á tvær stangir í Vatnsdalsá og talsvert af bleikju. Eingöngu er leyfð veiði á flugu í ánum.

Lýsing á Vatnsdalsá

Veiðisvæðið í Vatnsdalnum nær allt frá gljúfrum í efri ánni niður að vatni, Vatnsdalsvatnið sjálft og frá útfalli á vatninu í neðri ána og alla leið til árósanna. Vatnsdalsáin er vatnsmesta á á sunnanverðum Vestfjörðum og þornar aldrei, jafnvel á þurrustu sumrum. Menn hafa lengi einblínt á neðri ána sem eina veiðisvæðið þrátt fyrir að hún sé um 700 metra löng með öllum sínum bugðum og sveigjum. Allt frá árinu 1962, eða eftir að laxastiginn var byggður og laxi af Kollafjarðarstofni var sleppt, hefur veiðst lax í ánni. Áin er sjálfbær lax- og silungsveiðiá.

Neðri áin

Það veiðist bæði lax og bleikja í neðri ánni, á breiðunni neðan brúarinnar og niður af fossum. Neðan við fossa eru tveir veiðistaðir í beygjunni í eystri kvísl og sjóbirtingur veiðist í ósunum.

Veiðisvæðið frá Grettisstillum og niður að brúnni yfir ána á Þjóðvegi 64 er sennilega gjöfulesta bleikjusvæðið í ánni. Í beygjunni stoppar göngufiskur á leið upp í efri ána. Þarna eru einnig uppeldisstöðvar staðbundins fisks í vatninu og eru því afar mikilvægar uppeldisstöðvar á þessu vatnasvæði.

Veiðikofinn Stöng / The fishing hut

Veiðihúsið er 18 fermetra bjálkakofi sem er einangraður og klæddur að innan. Húsið er staðsett á svokölluðu Pennunesi og er um 2,5 kílómetra frá Vatnsdalsá. Hótel Flókalundur er í göngufæri og sundlaug er í sumar-bústaðabyggðinni ofan við Stöng. Í húsinu er svefnpokapláss fyrir fimm veiðimenn.


Upplýsingar um veiðileyfi veitir Einar Birkir Einarsson í síma 820-2200 og ebe@fluga.net

Upplýsingar fást einnig á fluga.net



Brot af því besta

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is



Aukin þægindi fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga

Ef þú ert sjálfstætt starfandi einstaklingur hefur þú örugglega velt fyrir þér hlutum á borð við reikningagerð, virðisaukaskatt, launatengd gjöld og skil á opinberum gjöldum.

Hjá mörgum getur það verið yfirþyrmandi og tímafrekt verkefni að þurfa að passa upp á þessa þætti í hverjum einasta mánuði. Hjá þjónustunni Payday er hægt að leysa vandamálið með einföldu en öflugum kerfi sem er sérsníðið að þörfum sjálfstætt starfandi einstaklinga. Þjónustan sér sjálfkrafa um skil á launatengdum gjöldum.


Payday er hvort tveggja í senn, hugbúnaður og þjónusta. Um er að ræða lausn fyrir fyrirtæki og einstaklinga sem selja út vinnu sína og/eða þjónustu og gerir notendum kleift að halda utan um allt sem viðkemur launagreiðslum og reikningum á einum stað.

Payday gefur út reikninga, stofnar þá í heimabanka greiðanda, sér til þess að allar lögbundnar greiðslur séu inntar af hendi til þar til bærra aðila og auðveldar notendum að halda utan um og hafa yfirsýn yfir stöðu rekstrarins hverju sinni. Mikið er lagt upp úr því að hugbúnaðurinn sé notendavænn og sem einfaldastur í meðförum.

Það tekur aðeins örfáar mínútur að stofna aðgang að Payday, að því loknu getur þú byrjað að senda reikninga eða greiða þér út laun. Það er ekki jafn flókið að halda utan um reksturinn og þú hefur haldið til þessa, Payday sér til þess.

Payday veitir þér þá yfirsýn yfir reksturinn sem þig hefur alltaf dreymt um. Með auðveldum hætti sérðu hvað þú átt útistandandi í ógreiddum reikningum, hverjar tekjurnar eru í hverjum mánuði, hvað þú greiðir í skatt og hvað er til ráðstöfunar. Með þessu móti ættir þú að verða öruggari með reksturinn og þá um leið verða ákvarðanir tengdar rekstrinum auðveldari.

Þú þarft ekki lengur að muna



hvenær það eru skil á staðgreiðslu eða lífeyrissjóðsgreiðslum, Payday passar upp á það fyrir þig. Payday passar upp á að allt sé í skilum á réttum tíma og kemur þannig í veg fyrir óþarfa kostnað og áhyggjur. Framtíðarsýn Payday er sú að bókhald verði sjálfvirkara með hjálp gervigreindar. Þannig verður

hægt að lesa sjálfvirk inn reikninga og kvittanir sem bókaðar eru sjálfkrafa inn í kerfið og stemmdar af með beintengingum við bankareikninga fyrirtækja.

Payday hefur unnið Nordic Startup Awards 2018 á Íslandi sem besta FinTech Startup. Þess má einnig geta að þjónustan náði

mikilvægum áfanga við síðustu uppfærslu í desember. Núna er fyrirtækjum með fleiri en einn starfsmann boðið upp á stóru áskriftarleiðina okkar (sem nefnist Allur pakkinn). Þessi breyting opnar á alveg nýjan markhóp sem eru örfyrirtæki og lítil fyrirtæki. ■



Húsaviðgerðir fyrir



Húsaviðgerðir og málnun eftir

HÚS OG MÁL:

Þú þarft ekki að leita lengra!

Vantar þig aðstoð við að klára verkefni eða ertu að byrja nýtt verk og vantar aukamannskap? Hús og mál ECC ehf. er ný starfsmannþjónusta sem samanstendur af reynslumiklum hópi iðnaðarmanna. Fyrirtækið er með flísara, málara, smíði, verkamenn og fólk í flestar aðrar stöður á skrá sem getur byrjað strax eða fljótlega.

Allt viðhald er í höndum reynslumikilla byggingasérfræðinga fyrirtækisins. Eftir því sem tíminn líður er viðhald alltaf óhjákvæmilegt. Það er ekki aðeins nauðsynlegt útlitsins vegna heldur einnig af verðgildis og öryggisástæðum. Sérfræðingarnir hjá Hús og mál hafa gert upp, endurnýjað og málað hinar ýmsu byggingar erlendis og á Íslandi Þar má nefna kvikmyndahús, háskóla, söfn og kirkjur auk fjölbýlishúsa og einbýlishúsa.

Húsaviðgerðir, þakviðgerðir og gluggaviðgerðir

Fagmenn frá Hús og mál kunna til verka þegar kemur að húsa-, þak- og gluggaviðgerðum. Fyrirtækið er með starfsmenn með fjölbreytta menntun og reynslu sem getur séð um allar viðgerðir fasteigna.

Parketslípun og -lögn

Er parketið þitt farið að láta á sjá? Fagfólk okkar í parketlögn tekur að sér um að leggja nýtt parket, lakka, slípa, endurnýja og hvítta/dekkja eldra parket.

Málningarvinna og undirbúningur

Hús eru ekki máluð eingöngu af fagurfræðilegum ástæðum. Málningin ver steypuna gegn veðrum og vindi. Hjá Hús og mál starfa málara-meistarar með gífurlega reynslu af húsamálnun.

Lyftaraleiga

Hús og mál starfrækir lyftaraleigu fyrir fyrirtæki og einstaklinga.

Þú getur haft samband við okkur með allar þær spurningar sem þér dettur í hug varðandi endurnýjun og viðhald fasteigna. Hús og mál sér um allt þegar kemur að byggingariðnaðinum. Hafðu samband við okkur og þú þarft ekki að leita lengra!

Hringdu núna: 788-7688

Netpóstur: husogmal@husogmal.is

Rjúpnasali 14-103, 201 Kópavogur

<http://www.husogmal.is/>

Facebook: <https://www.facebook.com/husogmal/>

com/husogmal/ ■



Það þarf að gera margt fyrir þetta íbúðarhús.



Hér var gert við húsið og það málað. Munurinn er greinilegur.



Þakviðgerðir: Það þarf að halda þakinu í lagi í rigningunni.



Þakviðgerðir



Fyrir og eftir málnun á stiga.



Gluggaviðgerðir: Gerum við og skiptum um glugga og gler.



Munurinn er ótrúlegur

ET VERSLUN:

Vinnuljós og öll ljós á bíla

ET Verslun, Klettagörðum 11, er á meðal leiðandi aðila í sölu á ljósabúnaði fyrir ökutæki og vinnuvélar, þar á meðal eru ljóskastarar, vinnuljós og afturljós. Eigendur breyttra jeppa, vinnuvéla og vörubíla eru á meðal helstu viðskiptavina verslunarinnar sem sér þeim fyrir öllum þeim ljósum sem þá vanhagar um og kappkastar að selja gæðaljós undir þekktum merkjum á sanngjörnu verði.

ET Verslun selur framljós, afturljós, hliðarljós, vinnuljós og ljóskastara. Meðal merkja eru bandarísku Rigid-ljósinn sem slegið hafa í gegn á Íslandi fyrir frábæra endingu. Einnig má nefna sænska merkið LEDSON sem sérhæfir sig í framleiðslu á díóðuljósum, meðal annars díóðuljóskösturum, vinnuljósum og perum. Vinsælasti kastarinn í dag kallast Pollox og kemur

einmitt frá LEDSON, um er að ræða 9" díóðu(LED)-kastara sem lýsir upp endurskinið á vegstikum í 850 metra fjarlægð.

Nær allir breyttir jeppar eru með aukaljós og eigendur slíkra ökutækja ganga að góðu úrvali og framúrskarandi gæðum í ET Verslun, hvort sem um ræðir kastara, vinnuljós, bakkljós eða innljós. ET Verslun er þekkt fyrir góða þjónustu við jeppaeigendur og var

nýlega með bás á jeppasýningu Ferðaklúbbsins 4X4.

Jafnframt er ljósaúrvalið hjá ET Verslun ekki síðra þegar kemur að hliðarljósum og afturljósum sem eru fáanleg í mörgum stærðum og gerðum.

ET Verslun hefur verið starfandi í yfir 26 ár og hefur því mikla reynslu af þjónustu við bíleigendur og eigendur annarra ökutækja, til dæmis vinnuvéla. Fyrir utan ljósaúrvalið er verslunin frammarlega

í framboði á vagnavara hlutum, vökvabúnaði og mörgu öðru. Ávallt kappkastar ET Verslun að koma fram með nýjungar sem gagnast eigendum ökutækja vel.

Sem fyrr segir er verslunin til húsa að Klettagörðum 11. Ópið er virka daga frá kl. 8 til 18 og laugardaga frá 10 til 14. Sjá nánar á et.is undir Verslun og á Facebook-síðunni ET Verslun. ■





et EHF. VERSLUN

**FRÁBÆRT ÚRVAL
DÍÓÐU (LED)
VÖRUBÍLA OG KERRU-
LJÓSA Á GÓÐU VERÐI**

Klettagörðum 11 • 104 Reykjavík
S: 5682130 • Fax: 5680844 • www.et.is





HYDRA FLOT SPA:

Lokaðu á áreitið og njóttu þess að fljóta um í þyngdarleysi

Nútímafólk sækist í auknum mæli eftir slökun og íhugun til að draga úr streitu og fá stundarfrið frá áreiti heimsins. Sérstakir flottankar þar sem hægt er að fljóta um í þyngdarleysi eru áhugaverð nýjung sem veita fólki magnaða upplifun og einstaka kyrrðarstund.

Bandaríkjamaðurinn Ryan Kevinson hefur nú opnað heilsulindina Hydra Flot Spa, að Rauðarárstíg 1, á Hlemmtorgi, og þar eru þrír sérstakir flottankar. Vatnið í hverjum tanki er blandað með 400 kílóum af Epsom-salti og hitastig er það sama og húðin, sem veitir þá upplifun að svifið sé um í draumkenndu þyngdarleysi.

Tankarnir takmarka allt ytra áreiti

og maður er einn með skilningarvitunum. Tankar af þessu tagi hafa verið notaðir af NASA og bandaríska hernum til að rannsaka mannhugann.

Þessi nýstárlega heilsurækt er talin geta unnið gegn svefnleysi, verkjum, kviða, þunglyndi og jafnvel fíkn. Þeir sem prófað hafa tankana hjá Hydra Flot Spa eru afar ánægðir. Á Facebook-síðu heilsulindarinnar, Facebook.com/hydraflot, er að finna afar jákvæðar umsagnir hrifinna viðskiptavina. Meðal þeirra er Sýlvía Rut sem skrifar:

„Fór út fyrir þægindarammann í dag og skellti mér í flot, var bæði mjög spennant að prófa e-ð nýtt en líka kviðin og stressuð þar sem ég fæ stundum

innlokunarkennd. En þetta var „out of this world“ upplifun! Eigandinn fór vel yfir ferlið og gaf góð ráð um hvernig væri best að venjast og ná að slaka á sem þrælvirkaði. Mér leið strax vel ofan í tanknum (engin innlokunarkennd), meira að segja þegar ljósin slokknuðu sem ég var búin að vera smá stressuð fyrir. Þetta var algjör unaður, bæði náði ég betri slökun en ég hef áður upplifað og saltið í vatninu gerði húð og hár silkimjúkt. Ég mun að öllum líkindum verða fastakúnni hér og get 100% mælt með þessu. Takk fyrir mig.“


Aðrir viðskiptavinir greina meðal annars frá því hve dvölin í tönkunum hafi verið streitulosandi og vöðvaslak-

andi.

Það er áhugaverð og heillandi hugmynd að svipta mann um stund öllu áreiti, að loka á skynfærin og vera fullkomlega einn með sjálfum sér um leið og líkaminn fær dásamlega hvíld. Þetta er eitthvað sem fólki finnst spennandi að prófa og þeir sem hafa gert það eru mjög hrifnir af upplifuninni og áhrifunum á líkama og sál.

Í takmarkaðan tíma er nú í gildi 2 fyrir 1 tilboð á tíma í Hydra Flot Spa. Hægt er að nota þetta sem gjöf ef þú kýst. Sjá nánar á shop.hydraflot.is/products/2fyrir1-is

Sjá nánar á vefsíðunni hydraflot.is og Facebook-síðunni [Facebook.com/hydraflot](https://www.facebook.com/hydraflot). ■



HÚÐIN

HÚÐIN SKIN CLINIC:

Heilbrigðari húð og aukin vellíðan

Húðin Skin Clinic er húðmeðferðarstöð að Hátúni 6b í Reykjavík þar sem veittar eru fjölbreyttar húðmeðferðir og afar fagleg þjónusta. Þar starfa Lára G. Sigurðardóttir, sem er læknir og doktor í lýðheilsuvísindum, Sigríður Arna Sigurðardóttir, hjúkrunar- og förðunarfræðingur, Drifa Ísabella Davíðsdóttir hjúkrunarfræðingur og Esther Helga Ólafsdóttir, móttökuritari og snyrtifræðingur.

Viðskiptavinir Húðarinnar Skin Clinic geta verið vissir um að fá góða þjónustu sem veitt er af menntuðu og þrautþjálfuðu fagfólki. Áhersla er lögð á að halda náttúrulegu útliti og húðinni heilbrigðri og fallegri. Auk fjölda húðmeðferða er boðið upp á einstaklingsmiðaða ráðgjöf.

Sársaukalaus háreyðing með laser

Háreyðing með laser er ein vinsælasta meðferðin hjá Húðinni bæði hjá körlum og konum. Rakstur og vax valda oft inngrónum hárum og hverfur það vandamál gjarnan eftir lasermeðferð. Lasermeðferðin eyðir hvítleiðum hárum varanlega eða í langan tíma.

Í janúar erum við með **20% afslátt af laser háreyðingu** og því um að gera að stökkva á tilboðið ef þig langar að prófa.

Lára G. Sigurðardóttir hjá Húðinni bendir á að margir óttist lasermeðferðir þar sem þær hafa haft orð á sér fyrir að vera sársaukafullar. „Við notum hins vegar lasertæki sem byggir á annarri tækni en þeirri hefðbundnu og hjá okkur er meðferðin ekki sársaukafull heldur beinlínis notaleg. Vissulega eru sum svæði viðkvæmari, til dæmis þar sem eru margir taugaendar.“

Frábært tilboð á andlitslyftingu með laser

Önnur vinsæl meðferð er andlitslyfting með laser, sem gengur oftast undir

nafninu laserlyfting. „Þetta er andlitslyfting án skurðaðgerðar þar sem laser er notaður til að byggja upp húðina innan frá. Línur minnka og húðin verður þéttari, sléttari, hraustlegri og unglægri.“

Okkur langar að gera vel við viðskiptavinum okkar og bjóðum því þessa eftirsóttu meðferð með **20% afslætti í febrúar** og því ættu vonandi fleiri að geta nýtt sér hana, en verðið hjá okkur er nú þegar í lágmarki.

Fyllt upp í djúpar línur með áhrifaríkum hætti

Notkun á Restylane fylliefni til að fylla í djúpar línur í húðinni er önnur vinsæl og áhrifarík meðferð hjá Húðinni. Restylane, sem er gert úr náttúrulegu rakafni húðarinnar, er sett rétt undir húðina og henni lyft. Þannig hverfa línurnar eða verða minna sýnilegar. Varir minnka oft með aldrinum og einnig er hægt að nota Restylane til að gefa meiri fyllingu í þær. Eftir meðferð með fylliefnum er ekki óalgengt að heyra hve úthvildur maður er eða líti vel út.

Húðslípun til að fríska upp á húðina

Húðslípun (microdermabrasion) er vinsæl meðferð hjá ungu fólki enda vinnur hún gegn bólum og filapenslum. Notað er demantshúðslípunartæki sem fjarlægir dauðar húðfrumur og örvar endurnýjun ysta lags húðarinnar. Meðferðin gerir húðina sléttari og jafnar litaáferð auk þess sem hún virkar á þurra húð og gefur aukinn ljóma.

Lára segir jafnframt að auk meðferðanna leggi stofan áherslu á hvað fólk geti gert sjálf til að hlúa vel að húðinni enda hefur lífsstíll mikið að segja um hvernig húðin stenst tímans tönn.

Gjafabréf að eigin vali

Gjafabréf í húðmeðferð hefur notið mikilla vinsælda á þeim tímum sem við lifum þegar fólk hefur sankað að sér mörgum hlutum og vill kannski frekar fá upplifun eða vellíðan í gjöf.

Á vandaðri heimasíðu Húðarinnar, hudin.is, eru ítarlegar upplýsingar um allar meðferðir. Einnig eru veittar upplýsingar í síma 783-2233. HÚÐIN skin clinic er í Hátúni 6b, 105 Reykjavík. ■

Restylane og húðslípun



Laserháreyðing



FYRIR

EFTIR

Fyrir

Eftir 2 skipti



INGVASYNIÐ:

Flytja hvað sem er hvert á land sem er

Fyrrir rúmlega ári fóru þeir bræð-ur Þórir Már og Ármann Ingi Ingvasynir í rekstur á flutninga-fyrirtækinu Ingvasynir. „Við byrjuðum í raun bara á tveimur jafnsterkum, en svo vatt þetta fljótt upp á sig. Næst fjárfestum við í vörubíl og svo „pickup“. Við höfum aldrei farið fram úr okkur enda erum við varkárir í eðli okkar. En á rúmu ári höfum við stækkað ótrúlega mikið vegna þess að menn hafa hent reiður á hvað við erum traustir og snöggir að leysa verkefni,” segir Þórir.

Flytja allt milli himins og jarðar

Ingvasynir eru þekktir fyrir fagleg og vönduð vinnubrögð og gefa fast verð í alla flutninga. Þeir taka að sér hvers kyns flutninga, hvort heldur er á bílum eða öðrum hlutum, hvert á land sem er. Þeir bræður búa enn fremur yfir margra ára reynslu í akstri úti á landi.

„Okkar aðalstofnæð eða grunnrekstur er í bílaflutningum, en við getum í raun flutt næstum hvað sem er. Við höfum yfir að ráða vörubíl með úrvali af vögnum og tvo „pickupa“ með vagna. Þannig að við höfum líka verið í malarflutningum, flutningi á ýmiss konar vinnuvélum og mörgu fleiru,” segir Þórir.

Lítið en lipurt flutningafyrirtæki

Ingvasynir er ekki stórt fyrirtæki, en samt sem áður er ekkert verkefni of stórt fyrir þá. „Við erum í samstarfi við fjöldann allan af öðrum fyrirtækjum og erum alltaf tilbúnir í samstarf við ný fyrirtæki. Ef svo fer að viðskiptavinur kemur með verkefni til okkar sem við sjáum okkur ekki fært að framkvæma vegna tíma eða annars, þá veitum við þeim verkefnum í öruggan farveg til réttra aðila. Okkar mottó er að leysa öll verkefni eins hratt, lipurlega og vel og unnt er, með öllum nauðsynlegum leiðum,” segir Þórir.

Nánari upplýsingar má nálgast á Facebook-síðunni Ingvasynir ehf. Bílaflutninga og Verktakapjónusta
Sími: 866-7739 ■





Haraldur Leifsson sýnir Reinhold Würth lager í nýlegum höfuðstöðvum Würth á Íslandi í Norðlingaholti.

WÜRTH:

Gæðin oft ódýrari þegar upp er staðið

Þegar allt kemur til alls eru það gæðin sem gilda, og við berjumst ekki á lágvöruverðsgrundvelli. Við leggjum alla áherslu á gæðin," segir Haraldur Leifsson, framkvæmdastjóri Würth.

Würth á Íslandi var stofnað árið 1988 og hefur þar af leiðandi þjónusta viðskiptavini sína í 31 ár. Fyrirtækið er hluti af hinni alþjóðlegu Würth-samsteypu en hún samanstendur af 413 fyrirtækjum í 84 löndum, með um það bil 77 þúsund starfsmenn. Viðskiptamódel Würth er nokkuð sérstætt, eins og Haraldur Leifsson segir frá. Á þessum bæ er algert grundvallaratriði að eiga fyrir hlutunum. Arðsemiskrafan er hófstíll frá hendi samsteypunnar og ekki er leyfilegt að taka einhverja sénsa í rekstrinum, eins og Haraldur segir. Það er mikill agi og náð fylgst með rekstrinum.

Allt sem þarf til að koma hlutunum saman

„Würth á Íslandi er dæmigerð starfseining fyrir samsteypuna og í raun erum við öll að gera það sama," segir Haraldur, spurður um fyrirtækið hér á landi í samanburði við það sem erlendis þekkt. „Við erum að selja lausnir fyrir iðnaðarmenn, verkfæri, efnavöru, festingar, bílahreinsivörur, vinnufatnað og í raun allt sem þarf til að koma hlutunum saman."

Til marks um umfang starfseinnar er sú staðreynd að samsteypan er alls með um 125 þúsund vörunúmer

og fyrirtækið á Íslandi er með um 9 þúsund slík. „Fjöldi, stærð og velta eru hlutir sem skipta ekki öllu máli í samhenginu. Ef það verða frávik frá væntri afkomu þarf maður að útskýra hvernig á þeim stendur, standa skil á því gagnvart samsteypunni. Það er lagt upp úr því að starfsumhverfið sé gott, starfsmenn séu ánægðir og allir séu að sinna sínu. Þá eru allir hamingjusamir," bætir Haraldur við.

Fyrirtæki þjónustuð með persónulegum hætti

Haraldur bendir enn fremur á að Würth sé með mottó sem fangi í raun það sem fyrirtækið vilji standa fyrir. Það eru gæði, hraði og þjónusta. „Þetta er markmið fyrirtækisins á heimsvísu. Gæðin eru númer eitt, tvö og þrjú; hraðinn á að vera með þeim hætti að ef verktaka vantar eitthvað frá okkur þá fær hann það mjög fljótt, og loks að þjónustan sé hundruð prósent og með þeim hætti að viðskiptavinir komi alltaf aftur."

Það kemur á daginn að fyrirtækið er um margt sérstakt og rekstrarformið án hliðstæðu hér á landi. „Starfsemin gengur út á það að helmingurinn er sölumenn og þeir fara að heiman frá sér á morgnana og sinna sínu tiltekna sölusvæði. Hver þeirra er með á bilinu 70–150 fyrirtæki á sinni könnu. Sölumennirnir þjónusta þessi fyrirtæki með persónulegum hætti, fara til þeirra og skoða lagerstöðuna hverju sinni hjá viðkomandi fyrirtæki. Þar fylla þeir á

eftir þörfum, kynna nýjungar og eru bara í viðvarandi þjónustu. Fyrirtækin þurfa þá ekki að vera senda menn hingað og þangað um bæinn að sækja hluti. Þvert á móti þá komum við til fyrirtækjanna og sjáum til þess að staðan sé ávallt góð." Heimsóknir sölumanna eru þar af leiðandi snar þáttur í starfseminni, eins og Haraldur útskýrir; reksturinn snýst í raun alfarið um það að þjónustufulltrúi selur fyrirtækjum og þjónustar þau meðfram því. Það er því lítið um það að fólk sé að koma inn af götunni til Würth, eins og Haraldur orðar það.

Þverþjóðlegir samráðsfundir

Þannig hljómar Würth-rekstrarformið á heimsvísu, og nákvæmlega sami háttur hafður á hvort sem það er hér á landi eða í tilteknu Afríkuríki. „Það er gaman að segja frá því að ég er í grúppu af framkvæmdastjórum hjá Würth frá átta mismunandi löndum og við erum að hittast á um það bil þriggja mánaða fresti. Þá erum við að fara yfir mál hvers lands fyrir sig, berum saman bækur okkar og skoðum hvað gengur vel og hvað síður, ef eitthvað er. Í spjallinu er svo hægt að fá hugmyndir og innblástur af öðrum markaðssvæðum, leita í reynslubanka kollega í öðrum löndum og miðla þekkingu milli manna og draga lærdóm af."

Fagmennirnir koma aftur og aftur Vöruþróun er enn fremur snar þáttur í starfsemi Würth og sífellt er verið

að þróa nýjar lausnir. Þúsundir nýrra vörunúmera eru kynntar á hverju ári og svo þarf að velja úr það sem hentar íslenskum markaði og aðstæðum. „Skrúfa er til dæmis ekki það sama og skrúfa," bendir Haraldur á. „Sumar þurfa átak og fyrirhöfn til að vera skrúfaðar í tré en aðrar geturðu skrúfað á sinn stað á augnabliki. Þetta sparar bæði tíma og afl. Það tekur í þegar þú þarft að skrúfa hundruð eða þúsundir af skrúfum í stóru verki.

Sama er með kitti. Kittid okkar er jafnan talið með betra kitti á markaðnum og það heldur einstaklega vel. Það lekur ekkert sem hefur verið kittað með Würth-kitti. Það er kannski freistandi fyrir byggingaraðila að spara og kaupa ódýrt kitti fyrir gluggana í heilu fjölbýlishúsi. Sá sparnaður fer hins vegar fyrir lítið þegar þú þarft svo kannski að skipta út og laga alla gluggana. Þegar allt kemur til alls eru það gæðin sem gilda, og við berjumst ekki á lágvöruverðsgrundvelli. Við leggjum alla áherslu á gæðin," segir Haraldur. „Þegar upp er staðið eru gæðin því ódýrari en að þurfa að laga það sem aflaga fór. Þetta skilar sér og það er það sem er mest gefandi í þessu, að iðnaðarmaðurinn og fyrirtækin koma til okkar aftur og aftur því fagfólkið treystir vörunum okkar og kann að meta þjónustuna."

Nánari upplýsingar má nálgast á www.wurth.is ■



VERSLUNIN MÓÐURÁST:

Býður upp á allt fyrir ungbarnið

Verslunin Móðurást á sér merki-lega forsögu en eigandinn, Guðrún Jónasdóttir, hóf árið 1992 að kaupa brjóstadælar og leigja þær út. „Ég eignaðist fyrirbura 1987 og upp úr því stofnuðum við nokkur saman stuðningshóp fyrir fyrirburaforeldra. Þá áttaði ég mig á því að þetta vantaði hér á Íslandi. Ég fór því að kaupa mjaltavélar dýrum dómum og leigja þær út,” segir Guðrún.

Frumkvöðlastarfsemi

Þegar Guðrún stofnaði verslunina var um sannkallaða frumkvöðlastarfsemi að ræða sem rekin var af fallettri hugsjón. „Svona var enginn að gera á Íslandi og ég gerði mér fljótt grein fyrir því að það vantaði mikið upp á þjónustuna við mæður nýfæddra barna.” Starfsemin tók smám saman að vaxa og breikka og Guðrún fór að selja ýmsan skyldan varning. Fyrst var hún bara með þetta heima hjá sér en árið 2002 opnaði hún verslunina Móðurást sem í dag er bæði verslun við Laugaveg 178 og vefverslun.

Brjóstaráðgjöf

„Ég veiti líka brjóstagafrarráðgjöf fyrir konur sem þurfa á slíku að halda en ég er menntaður brjóstagafrarráðgjafi. Sérhæfing mín felst í þessu ásamt því að ég sel allt sem snertir brjóstgjöf, allt sem gæti þurft við mismunandi aðstæður við brjóstgjöf,” segir Guðrún, sem segir starfið mjög gefandi og hún sé lánsöm að fá að starfa við áhugamál sitt og hugsjón, ekki séu allir svo heppnir.

Mjaltavélar, ungbarnavogir, snuð, leikföng, fatnaður, barnavagnar...

Fyrir mæður með börn á brjósti fæst mikið úrval af undirfatnaði í Móðurást, auk þess sem bæði mjaltavélar og ungbarnavogir eru leigðar út. Í versluninni fást ýmsar ungbarnavörur, sem henta vel fyrir börn frá fæðingu fram á annað ár, allt frá snuðum, leikföngum og fatnaði, til Silvercross-barnavagna og kerra, svo eitthvað sé nefnt. Proskaleikföng frá Lamaze og Chicco eru vinsæl leikföng. Dúkkann Lottie er einnig vinsæl fyrir eldri börn, hún er í réttum stærðarhlutföllum og einnig fæst fjöldi fylgihluta fyrir hana. Nánari upplýsingar má nálgast á

vefversluninni modurast.is. Sumar vörur eru eingöngu til sölu í vefversluninni en það er engu að síður hægt að sækja þær í verslunina. Margir viðskiptavinir skoða vörurnar vandlega á vefnum en koma síðan í verslunina til að skoða betur og fá ráðgjöf.

Vefverslun: modurast.is
Móðurást er staðsett að Laugavegi 178, við hliðina á gamla útvarpshúsinu.
Sími: 564-1451
Netfang: modurast@modurast.is
Opnunartími er mánudaga–föstudaga frá kl. 11 til 18 og laugardaga frá 12 til 16. ■



Góður biti

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is



ELDOFNINN:

Fullkomlega eldbakaðar flatbökur

Eldofninn er með 12–13“ pítsur sem bakaðar eru í eldfni og er eingöngu notaður eldiviður við baksturinn. Eldiviðurinn gefur þennan ekta ítalska eldofnskeim sem fólk sækist eftir þegar það fær sér eldbakaða pítsu. Botninn er stökkur, áleggjið er eldbakað og gómsætt og osturinn teygist eins og enginn sé morgundagurinn. Maður fær vatn í munninn við tilhugsunina og eina lækningin við því er einfaldlega að verða sér úti um eina ljúffenga pítsu frá Eldofninum.

Sjálfvirk alúð tryggir að hver pítsa er einstök

Árið 2008, ári áður en Eldofninn var opnaður, fóru hjónin Ellert Austmann Ingimundarson og Eva Karlsdóttir til Ítalíu í leit að hentugum ofni. Þau komu heim með eldfni með snúningsplötu, sem tryggir í senn frábæran bakstur, ósvikið viðarofnsbragð og hraða þjónustu. „Eftir að við setjum pítsuna inn í ofninn snýst pítsan og bakast jafnt og þétt á tæpum tveimur mínútum,“ segir Evert Austmann Ellertsson, bakari hjá Eldofninum í Grímsbæ. Snúningsplatan í ofninum skapar næstum sjálfvirka alúð við baksturinn, hægt er að afgreiða pítsurnar mjög hratt en þær eru þó afar jafnt og vel bakaðar. „Við getum sett inn sjö til átta pítsur í einu en þegar jafn mikið er að gera eins og er núorðið þá þarf að vera með mann á ofninum til að fylgjast með.“

Allt eldað frá grunni

„Við búum til allt frá grunni, sósurnar okkar eru án aðfenginna aukafna og í hana eru notaðir sætir og safarikir plómutómatar. Það sama má segja um hvítlauksolíuna og eldofnsolíuna okkar sem er sterk chili-olía. Rauðlaukinn skerum við niður hérna og kryddið sem fer í sósuna mallar í potti,“ segir Evert.

En hvaða pítsur eru vinsælastar?

„Vinsælustu pítsurnar eru yfirleitt þær sem eru kenndar við okkur bakarana og við höfum sett saman eftir okkar smekk, enda erum við allir miklir sælkerar. Sigga Spes-pítsan er til dæmis búin að vera vinsælasta pítsan hér í 6–7 ár en á henni eru sveppir, skorið pepperóni, ananas, svartar ólífur, jalapeno, hvítlaukur, rjómaostur og óreganó. Þessi pítsa slær í gegn hjá öllum og er sívinsæl. Óli Spes er svo líklega vinsælasta grænmetisþítsan. Veganostur er líka nokkuð sem grænkerar vilja á pítsuna sína og að sjálfsögðu bjóðum við upp á veganost,“ segir Evert.

Opin ítölsk stemning í matsalnum

Veitingasalurinn á Eldofninum er bæði huggulegur og skemmtilegur. Allt er galopið svo viðskiptavinir skemmta sér við að horfa á bakarana þeyta pítsum upp í loftið. „Krakkarnir eru mjög spenntir fyrir þessu, til dæmis að sjá pítsurnar snúast í ofninum,“ segir Evert og honum líkar það vel að matargestir sjái fjölskylduna að störfum.

Tíu prósentu afsláttur er veittur af mat sem er sóttur og einnig eru alltaf í gangi hádegisboð virka daga frá 11.30 til 14.00 og þá er staðurinn yfirleitt þéttsetinn.

Matseðil og upplýsingar um tilboð má finna á heimasíðunni, eldofninn.is

Opnunartími Eldofnsins:

Þri.–fim. frá 11.30–21.00
Fös. frá 11.30–22.00
Lau. frá kl. 17.00–22.00
Sun. frá kl. 17.00–21.00
Á mánudögum er lokað – þá hleður Eldofnsfjölskyldan rafhlöðurnar fyrir hina sex daga vikunnar. ■





BÓNDADAGSTILBOÐ MATARKJALLARANS:

Gleddu bóndann með steikarplanka

Grill og kokteilbarinn Matarkjallarið í Grófinni hefur heldur betur fest sig í sessi sem einn af upphaldsveitingastöðum Íslendinga síðustu tvö ár. Þar mætast frönsk brasserie-stemning og íslenskt hráefni og útkoman er hreint út sagt stórkostleg.

Hungrar þig í hanastél?

Það er fátt sem kemur fólki í betri fíling en góður kokteill. Á Matarkjallaranum er hægt að komast í fyrsta flokks hanastél. „Við erum með hæfileikarika kokteilbarþjóna hér á Matarkjallaranum sem töfra fram æðislega fordrykki og gómsæta eftirréttakokteila sem gaman er að smakka á,” segir Valtýr Bergmann á Matarkjallaranum.

Steikarplanki á bóndadaginn

Í tilefni bóndadagsins, núna á föstudaginn 25. janúar, býður Matarkjallarið upp á sérstakt Bóndadagstilboð. „Þá fylgir drykkur mánaðarins með öllum samsettum matseðlum um helgina. Ég mæli sérstaklega með Haf og haga matseðlinum okkar þar sem aðalrétturinn er steikarplanki með lambafillet, nautakjöti og svínasiðu með humarhala. Þessi matseðill er svona ekta fyrir bóndann og hefur verið einn vinsælasti matseðillinn okkar frá opnun,” segir Valtýr.

„Vetrartilboð er á Leyndarmálsmatseðlinum okkar fram til fyrsta



febrúar, sunnudaga til fimmtudaga. Um er að ræða sex rétta matseðil með sérvöldum réttum á einungis 6.990 krónur. Fullt verð er 10.900 krónur og því erum við að gefa virkilega góðan afslátt,” segir Valtýr.

Dásemdar vínseðlar

Matarkjallarið býr einnig yfir yfirgripsmiklum vínseðli með fyrsta flokks vínunum. „Þjónarnir okkar hjálpa gestum við val á góðu vini sem passar þeim réttum sem valdir eru. Einnig erum við með tilbúna vínseðla sem hægt er að



bæta við samsettu matseðlana þar sem hvert vín er valið af kostgæfni til þess að fylgja réttunum,” segir Valtýr.

Matarkjallarið er í kjallaranum í Aðalstræti 2, 101 Reykjavík.

Borðapantanir eru í síma 558-0000 eða á heimasíðu staðarins matarkjallarið.is.

Matarkjallarið er líka á Facebook og Instagram.

Opið er í hádeginu alla virka daga kl. 11.30–14.30 og kl. 17.00–23.00 öll kvöld vikunnar. ■



SUMAC Á BÓNDADAGINN:

Miðausturlenskar krásir

Veitingastaðurinn Sumac, Laugavegi 28, heitir eftir djúprauðum villiberjum sem vaxa víða í Miðausturlöndum og við Miðjarðarhafið. Sumac-berin einkennast af björtum sítruskeimi sem er algerlega ómisandi í matseld Miðausturlanda. Matseldin á veitingastaðnum Sumac er innblásin af seiðandi stemningu frá Beirút í Líbanon og tælandi áhrifum frá Marokkó. Á staðnum töfra kokkarnir fram miðausturlenskar lystisemdir úr fersku íslensku hráefni úr íslenskrí náttúru, matreitt. Á matseðlinum má líta eldgrillaða rétti með framandi kryddi.

Borðapantanir eru á heimasíðunni sumac.is og í síma 537-9900. Einnig er kjörið að gefa gjafakort frá Sumac á bóndadaginn en þau er hægt að kaupa á sumac.is eða á staðnum, að Laugavegi 28.

Netpóstur: sumac@sumac.is
Facebook: <https://www.facebook.com/Sumac-Grill-Drinks-273023086462305/>
Instagram: <https://www.instagram.com/sumacgrilldrinks/>
Opnunartími virka daga: 17.30–23, drykkir: 12–00.

Um helgar 15–23, drykkir: 15–01. ■



Ógleymanlegt ferðalag fyrir bragðlaukana

Á barnum er Miðjarðarhafsstemning og í boði eru ferskir, fjölbreyttir og freistandi kokteilar. Á vínseðlinum blandast svo saman innblástur frá Evrópu, Marokkó og Líbanon. Að borða á Sumac er ógleymanlegt ferðalag fyrir bragðlaukana sem enginn ætti að missa af.

Bóndadagstilboð

Þann 25. janúar býður Sumac upp á sérstakt bóndadagstilboð. Þá fá allir þeir bændur, landbúnaðar- og/eða húsbændur, sem fara í Meze-matseðilinn, frian Viking Bóndabjór.



Heilsusamlegt sælgæti án viðbættis sykurs

Flest viljum við bæta mataræði okkar og draga úr sykurneyslu. En maður verður stundum að leyfa sér eitthvað og þá er best að fá sér góðgæti sem er bæði bragðgott og hollt. Þurrkað Mango snakk, hnetusmjör og Orkupokinn frá H-Berg eru

allt heilsusamlegt góðgæti sem inniheldur engan viðbættan sykur.

Piparmöndlurnar frá H-Berg slógu rækilega í gegn þegar þær komu á markaðinn fyrir tveimur árum og má segja að sannkallað piparmöndluæði hafi geislað síðan

þá. Ekki minnkuðu vinsældirnar þegar möndlur með karamellukremi og sjávarsalti bættust við, lostæti sem sprengir alla skala hjá bragðlaukunum.

Vörurnar frá H-Berg eru til sölu í öllum matvöruverslunum. Nánari

upplýsingar eru á www.hberg.is.

Þessar vörur eru ekki bara góðar einar og sér sem nasl heldur henta þær líka í bakstur og gómsæta rétti. Sjá nánar á uppskriftasíðu H-Berg. ■





O'LEARYS Í SMÁRALIND:

Huggulegt eins og í stofunni heima

Pegar sest er niður á veitingastaðnum O'Learys í Smáralind þá líður manni ekki eins og maður sé staddur í verslunarmiðstöð heldur notalegri stofu. Innréttingar eru afar smekklegar og hlýlegar. Fyrirmyndin er veitingastaðir í Boston en þaðan er O'Learys-keðjan upprunnin.

„Boston er mikil íþróttaborg sem státar af afrekum í til dæmis körfubolta og hafnarbolta og veitingastaðirnir bera þess merki. Auk þess er mikil áhersla lögð á að taka vel á móti fjölskyldum. Áherslan í matargerðinni er síðan á hefðbundinn amerískan mat, hamborgara, svínaríf, kjúklingavængi og steikur,” segir Laurence Kellermann, svæðisstjóri fyrir O'Learys í Evrópu. Við hittum Laurence og Elís Árnason, eiganda staðarins á Íslandi.

Andrúmsloftið í rúmgóðum veitingasalnum er afskaplega þægilegt og það er gott að eiga hér gæðastund. Alls eru 32 flatskjáir á veggjunum með alls konar efni, bæði íþróttum og öðru sjónvarpsefni, en hljóðstýring er svæðisbundin og hljóð berst ekki á milli svæða eða ónáðar þá sem hafa ekki áhuga á sjónvarpsdagskránni. Veggina prýða einnig fjölmargar myndir sem ýmist tengjast íþróttum eða sögu Boston-borgar.

Á staðnum eru einnig stórskemmtileg leiktæki sem höfða til bæði barna og fullorðinna og henta því fjölskyldufólki vel. Raunar höfðar O'Learys til margs konar hópa því þarna er gott að tylla sér niður með fartölvu og vinna enda gott þráðlaust net og innstungur úti um allt. Einnig er gott fundarborð sem hentar vel fyrir smærri vinnufundi.

Ferskir hamborgarar

Hamborgararnir hjá O'Learys eru ferskir 170 gramma borgarar sem koma frá Norðlenska. Góð blanda kjöts og fitu gerir þá einstaklega safaríka. Við prófuðum hamborgara sem var afskaplega ljúffengur, ferskur og safaríkur.

Kjúklingavængir O'Learys, sem eru sérframleiddir fyrir keðjuna og að Boston-sið, eru hreint lostæti og ekki



spillti fyrir gráðaostasósa sem gott er að dýfa þeim í. Við fengum okkur líka djúpsteiktan, íslenskan þorsk í orly með kaldri tartar-sósu. Afbragðsgóður matur.

Á mánudagskvöldi var staðurinn heimsóttur aftur og pantaður hamborgari, svínaríf og kjúklingavængir. Síðan var pekan-pie í eftirrétt. Allt var þetta einstaklega ljúffengt og þjónusta var til fyrirmyndar.

Gestirnir voru að verða saddir en það var ekki hægt að standa upp frá veisluborðinu án þess að bragða á svínarífjunum sem voru nákvæmlega eins og maður vill hafa slíkan mat. Afar bitastæður og bragðgóður matur.

Hlaðborð og kótelettur

Hlaðborð er í hádeginu alla miðvikudaga, fimmtudaga og föstudaga. Á miðvikudögum eru lambakótelettur sem eru vægast sagt vinsælar og til að toppa vinnuvikuna þá er tilvalið að skella sér á naut og bearnaise hlaðborðið sem er alla föstudaga. Eins og áður segir er vel gert við fjölskyldur og á sunnudögum kemur blöðru-listamaður og þá fá allir krakkar fría blöðru milli kl. 17 og 20.

Biðtilboðin eru síðan alveg einstök, sunnudaga til fimmtudaga er hægt að fá máltíð og bíómiða í Smárabíó á flottu verði. Alveg kjörið að tvínna saman bíóferð og málsverð á O'Learys. ■





CAFÉ ADESSO:

Eitt vinsælasta kaffihús landsins

Cafe Adesso í Smáralind hefur um árabil verið geysilega vinsælt kaffihús og veitingastaður en staðurinn var opnaður 7. apríl 2002. Cafe Adesso er vel sóttur af viðskiptavinum Smáralindar en auk þess venur stór hópur fastagesta komur sínar á staðinn, meðal annars fólk sem vinnur í nágrenninu.

Cafe Adesso býður upp á hið rómaða og bragðmikla Piazza doró-kaffi. Piazza doró inniheldur Arabica kaffibaunir frá Ástralíu og er leiðandi kaffiframleiðandi þar í landi.

Með kaffinu er gott að snæða franska súkkulaðiköku með rjóma. Mikið úrval er af alls konar gómsætum kökum. Einnig eru smurbrauð með roastbeef, laxi, hangikjöti og fleiru gerð alla daga.

Fjölbreytt úrval af gómsætum mat og hádegisstilboð alla daga

Sem fyrr segir er Cafe Adesso í senn kaffihús og veitingastaður.



Geysilegt úrval af tertum og smástykkjum er í boði alla daga en matseðla má skoða á heimasíðu staðarins, adesso.is. Meðal annars eru crepes hádegisstilboð alla virka daga milli kl. 11.30 og 14.00 á 1.890 krónur, súpa dagsins með brauði á 1.190 krónur, svo má ekki gleyma Mexíkókjúklingasalatinu okkar á 1.890 krónur alla daga.

Börnin geta valið sér crepes eða þá panini, já eða bara kleinhúring.


Megináherslan er lögð á fjölbreytni í starfsemi Cafe Adesso þannig að allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Að ógleymdu kaffinu sem nýtur ómældra vinsælda.

Nánari upplýsingar má nálgast á adesso.is

Cafe Adesso er opið mánudaga–miðvikudaga frá kl. 11.00 til 19.00, fimmtudaga frá 11.00 til 21.00, föstudaga og laugardaga frá kl. 11.00 til 19.00 og sunnudaga frá kl. 12.00 til 18.00. ■



Tímavélin



Tvo menn vantar.
14. okt. Sveinbjörn Jakobsson frá Ólafsvík og Pjetur Guðmundsson vjelstjóra, báða fullorðna, vanta frá síðastliðnu fimtudags- og föstudagskveldi. Leit árangurslaus. Menn óttast að Pjetur hafi af slysi fallið í höfnina, en um Sveinbjörn er sagt, að hann hafi haft mikið af pening

Gamla auglýsingin

Siglfirðingur 18. október 1930



SJÓMAÐUR HVARF VIÐ ÞEKKT SVALLHÚS

■ Lögregluskýrslur varpa ljósi á rannsókn beinanna við Faxaskjól ■ Beinin ekki alltaf hvílt í gryfjunni?

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Tímavél DV hefur undanfarið fjallað um beinafundinn við Faxaskjól árið 1975. DV hefur nú undir höndum skjöl rannsóknarlögreglunnar og réttarmeinafræðinga sem gefa sterklega til kynna að beinin hafi ekki alltaf legið í byrginu sem þau fundust í. Einnig hvernig rannsóknin beindist að hvarfi Sveinbjarnar Jakobssonar frá árinu 1930.

Ekkert hár og engar neglur

Beinin fundust í Faxaskjól fyrir tilviljun þann 7. júlí árið 1975 þegar krakkar úr hverfinu voru að grafa göng. Lögreglan kom á svæðið, gerði tveggja tíma frumrannsókn og safnaði beinum og munum. Í skýrslum lögreglunnar kemur fram að aftur var farið á vettvang þann 12. júlí til að leita að frekari vísbendingum. Með í för var Brian Desmond Holt, sem hafði starfað í lögreglunni á Keflavíkuvelli,

og sonur hans Anton. Anton var sagnfræðinemi og hafði komið að fornleifauppgreftri áður. Hann kundi því að fara með jarðveg.

Að þessu sinni var grafið mun meira og moldin fínkembd. Engin fót fundust í þessum uppgrefti, en annað var merkilegra. Í skýrslunni segir:

„Hvergi var að finna neitt sem benti til þess að það væri hár af manni, eða neglur, en að áliti Antons hefði slíkt átt að finnast, ef beinagrindin væri af manni, sem legið hefði í jörðu „á sama stað“, í sem næst 20 ár.“

Einnig fundust engir fitublettir á steyptu gólfinu sem hefði mátt ætla að væru til staðar ef líkið hefði legið þar. DV ræddi við Anton um þennan gröft en hann man ekki allt í smáatriðum, enda nærri hálf öld liðin. Hann mundi þó eftir því að rætt hefði verið um að beinin hefðu hugsanlega verið færð til á þennan stað. Sérstaklega í ljósi þess að beinin voru til-
tölulega dreifð og ekki aðeins þau sem börnin höfðu fundið. Benti

það til þess að lík hefði ekki verið sett þarna niður til að rotna heldur bein sem áður hefðu legið annars staðar.

Fram að þessu hafði rannsókn lögreglunnar beinst að manns-
hvörfum frá fyrri hluta sjötta áratugarins. Eftir þennan gröft beindist rannsóknin hins vegar að eldra máli, hvarfi Sveinbjarnar Jakobssonar frá árinu 1930.

Þekkt svallhús

Hvarf Sveinbjarnar Jakobssonar þann 9. október árið 1930 er með þeim dularfyllri í Íslandssöggunni og lögreglan rannsakaði það sem sakamál. Sveinbjörn, sem var 45 ára gamall sjómaður frá Ólafsvík, var í heimsókn í Reykjavík eftir vel heppnaðan síldartúr. Um tíma lék grunur á að ábúendur á bæn-
um Sauðagerði tengdust málinu. Þangað var hann keyrður af leigubílstjóra daginn sem hann hvarf. Þegar leigubílstjórinn hafði samband við lögregluna til þess að fá aðstoð við að innheimta túrinn fannst Sveinbjörn hvergi og fólk

í Sauðagerði sagðist ekki kannast við að Sveinbjörn hefði komið þangað.

Sveinbjörn dvaldi hjá Sigríði, dóttur sinni, og tengdasyni á Meistaravöllum í vesturbæ Reykjavíkur í fimm daga. Ætlaði hann aftur heim til Ólafsvíkur kvöldið 10. október með strandferðaskipinu Esju en um borð skilaði hann sér aldrei. Tengdasonurinn, Hjalti Einarsson, tilkynnti hvarfið.

Sveinbjörn var drykkfelldur maður og mikið ölvaður á öðrum tímanum þann 9. október, þegar hann fór frá Meistaravöllum. Sagði Hjalti lögreglunni að Sveinbjörn hefði pantað sér leigubíl og farið að bænum Sauðagerði til þekkrar spákonu er hét Jósefína Eyjólfsdóttir. Í Sauðagerði, sem er nú við Reynimel, var oft glatt á hjalla á þessum árum og oftast en ekki vín haft um hönd. Klukkan þrjú hafi aftur verið hringt á leigubíl fyrir Sveinbjörn. Var honum þá ekið á Laugaveg 33B. Þar hafi Sveinbjörn skroppið inn og síðan farið að Sauðagerði að nýju.

„Ég get ekki gefið miklar upplýsingar af föður mínum, meiri en við gáfum þá. Ég hafði lítið af honum að segja.“

Fékk ekki greitt

Leigubílstjórinn sem ók Sveinbirni hét Skúli Eggertsson, 25 ára gamall og starfaði fyrir stöðina Bifröst. Í yfirheyrslu sagði Skúli að eiginmaður Jósefinu, Halldór Sigurðsson á Sauðagerði eða „Halldór rukkari“, hefði hringt og beðið um bíl. Þangað fór hann og beidi fyrir utan í fimm mínútur þangað til Jósefína og maður, sem reyndist vera Sveinbjörn, komu út. Í skýrslunni segir:

Sægreifinn við gömlu höfnina
TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN
KÆRU BÆNDUR!
2FYRIR1
3.440 KR.
GRILLAÐ ÞÖRSKSPJÓT, HUMARSÚPA & BRAUÐ

Faxaskjól 1975 Bærinn Austurkot til vinstri.



Lögregluskýrsla Rissmynd af aðstæðum á fundarstað.



„Yfirheyrði sá þau stoppa miðja vegu milli bílsins og rauða hússins, sem er þar í námunda, og sneri Jósefína þar við og hvarf bakvið rauða húsið, en kom brátt aftur og sá þá yfirheyrði ekki betur en að Jósefína gengi til mannsins og spenntist þá frakkabarmur mannsins út, líkt og væri verið að láta eitthvað í vasa hans. Fylgdi svo Jósefína manni þessum, sem var mjög drukkinn, að bifreiðinni, opnaði hana fyrir hann og sagði yfirheyrða að aka honum að Laugavegi 33B.“

Skúli sagði jafnframt að Sveinbjörn hefði ekki fundið neina peninga á sér til að greiða fargjaldið, sem var þrjár krónur. Hafi hann þá beðið Skúla að keyra sig aftur að Sauðagerði til að fá lánaða peninga og skipti engu þó það kostaði aðrar þrjár krónur. Þegar þangað var komið fór Sveinbjörn bak við hið téða rauða hús en Skúli beið í alls klukkutíma.

„Kom þá Halldór rukkari neðan úr bæ og piltur með honum, og kallaði yfirheyrði til hans og sagðist biða hér manns, sem mundi vera á heimili hans og sagði honum jafnframt aðdraganda þess. Fór þá Halldór burtu og kom aftur litlu seinna og sagði, að vegurinn lægi í kringum Sauðagerði og maður þessi mundi hafa farið þann veg að Meistaravöllum því þar ætti hann heima í kjallaranum.“

Sagðist Halldór ekki vita hvað Sveinbjörn héti en Skúli ók að Meistaravöllum þar sem hann hitti fyrir Hjalta. Hjalti sagði Skúla þá að Sveinbjörn hefði ekki skilað sér þangað.

Jarpur, rúnnvaxinn og með ljóta húfu

Leið nú fram á kvöldið og Hjalti fór að ókyrrast. Gekk hann áleiðis að Sauðagerði og leitaði á þeim stöðum sem Sveinbjörn gæti hafa lagnast út af í ölaði, bæði úti í mýrunum og í húsum í nágrenninu. Þegar Sveinbjörn hafði ekki skilað sér heim um morguninn tilkynnti Hjalti hvarfið til lögreglunnar. Einnig fór hann og beið við höfnina þar sem Esja lá bundin við bryggju. Allur farangur Sveinbjarnar var enn þá á Meistaravöllum. Hjalti lýsti Sveinbirni svo fyrir lögreglunni:

„Lágur vexti og rúnnvaxinn, jarphæður með jarpt yfirskegg,

frekar rauður í andliti og þreytulegur, augun blágrá. Aldur 45. Klæddur í blá chiviot fót og gráan rykfrakka með ljóta gráa húfu, sem fór honum illa.“

Bætti Hjalti því við að Sigríður, kona hans, hafi fundið að drykkju föður síns og hirt hann fyrir það. Jafnframt að hann hefði tekið því svo illa að við vinslitum lá. Einnig bætti Hjalti því við að Sveinbjörn hefði verið í tygjum við konu að nafni Hrefna Einarsdóttir að Laugavegi 128 og að hún hafi haft af honum peninga.

Sögdust ekki hafa séð Sveinbjörn aftur

Jósefína og Halldór í Sauðagerði voru bæði yfirheyrð vegna hvarfsins. Hvorugt þeirra sagðist hafa séð Sveinbjörn eftir að Skúli keyrði hann til baka að Sauðagerði. Sagði Halldór að Sveinbjörn hefði komið í alls þrjú skipti að Sauðagerði, en sagðist engu að síður ekki vita nafn hans. Þegar hann hafi komið um miðjan dag þann 9. október hafi hann verið mjög drukkinn, með „Sherry flösku fulla óátækna og slatta á annarri.“ Sagðist hann ekki vita hvort Sveinbjörn hafi verið með peninga á sér. Eftir að Hjalti kom til þeirra hefði hann leitað að Sveinbirni á túnunum og einnig síðar um kvöldið.

Jósefína sagði að Sveinbjörn hefði fyrst komið til þeirra þann 8. október eftir að hún sendi eftir honum. Vildi hún þá fá neftóbak frá Sveinbirni því hún vissi að hann tæki í nefið. Var hann þar í kaffi og mjög ölvður. Morguninn eftir hefði hann komið allsgáður um morguninn og beðið hana um að fara í ríkið fyrir sig. Hann hafi farið þegar hún neitaði en komið aftur síðar um daginn, talsvert ölvður og með tvær flöskur af Spánarvíni. Hafi hann setið lengi og drukkíð, en Jósefína síðan hringt á bíl fyrir hann. Ætlaði hann þá að Laugavegi 33. Þegar bíllinn kom hafði hann gleymt annarri flöskunni sem hún segist hafa sótt fyrir hann.

Þegar Skúli kom hefðu þau hvorugt séð hann koma til baka. Ágústa, systir Jósefínu, hefði hins vegar séð bíl koma að Sauðagerði og mann ganga fram hjá húshorninu hjá Sauðagerði og í áttina að Skálholti. Það var bær í



Djöflaeyjan Halldór og Jósefína voru fyrirmyndirnar að Tómasi og Karólínu.

Sauðagerðislandinu, nú Grenimelur 46. Var leitað þar um kring.

„Kl. 11 um kvöldið fór yfirheyrða (Jósefína) til Hjalta og Sigríðar, og voru þau þá bæði háttuð. Eggjaði sig og leita Sveinbjarnar, því leitt væri, ef hann hefði kannske eitthvað farið sér að voða, eða sofnað einhvers staðar úti. Neitaði Hjalti að leita, en Sigríður sagði ekkert um það, en sagði að Sveinbjörn hefði verið með peninga, og giskaði á, að hann mundi hafa lent hjá einhverri stelpu.“

Sagðist Jósefína ekkert vita um hvort að Sveinbjörn hefði haft peninga eða ekki.

Bréf frá Las Vegas

Við rannsóknir á höfuðkúpunni sem fannst í Faxaskjóli kom fram að tvær miðframtennur hefur vantað að í lifanda lífi og gómurinn hefði verið skakkur. Einnig að höfuðkúpan hefði verið brotin sem gæti hafa orsakað dauðsfallið. Rannsókn lögreglunnar beindist því að því að komast að upplýsingum um tennur Sveinbjarnar.

Skúli og Halldór voru báðir látir árið 1975 og Jósefína sagðist ekki muna hvort tennur hafi vantað í Sveinbjörn. Sendi lögreglan bréf út til Sigríðar, dóttur Sveinbjarnar, sem þá var búsett í Las Vegas í Bandaríkjunum.

Í svarinu sagði Sigríður að faðir hennar hefði verið með falskar tennur og mundi hún ekki eftir því að hann hefði haft skakkt bit. Hún myndi hins vegar ekki allt og hefði ekki verið í miklum samskiptum við hann. Í bréfinu segir:

„Ég get ekki gefið miklar upplýsingar afföður mínum, meiri en við gáfum þá. Ég hafði lítið af honum að segja. Ég var heima í Reykjavík fyrir þremur árum og reyndi þá að fá allar þær upplýsingar sem ég hélt að kannski fyrir mig lagðar af þeim sem áttu að vita. Bæði í Ólafsvík og Stykkishólmi. Enginn vissi neitt.“

Dularfullur haugur

Áður hefur komið fram að gryfjan sem beinin fundust í hafi verið tóm eftir að bandaríski herinn fór þaðan og fram til ársins 1951. Þegar hverfið byggðist upp þarna um kring hafi gryfjan smám saman fyllst af garðaúrgangi. Í skjölum lögreglunnar kemur fram að tveir sem yfirheyrðir voru hafi sagt að haugur hefði komið þarna einn daginn, áður en að aðrir fóru að setja þar niður úrgang.

Adolf Bjarnason hafði búið í Faxaskjóli 12 frá árinu 1948 og þekkti vel til svæðisins. Í yfirheyrslu segir:

„Mættur kveðst vera viss um að gryfjan var algerlega tóm fram

á árið 1951, að minnsta kosti. Mættur segir að einhvern tímann á árunum 1951 til 1955 hafi hann einu sinni veitt því eftirtekt að komin var moldarhrúga í einu horni gryfjunnar og telur mættur að það sé einmitt á þeim stað þar sem beinagrindin er núna. Þetta var það mikil mold að þar sem hrúgan var hæst nam hún við gryffubarminn, sem mun vera 70-80 cm há.“

Jón Árnason, læknir frá Vestmannaeyjum og sonur íbúa í Faxaskjóli 10, sagði sömu sögu.

„Einn daginn er hann kom að sá hann að moldarhrúga var komin í skurðinn á þeim stað er beinagrindin fannst og kvaðst hann muna það mjög vel að ekkert var rótað úr hrúgu þessari. Jón kvaðst viss um að hrúgan hefði komið þarna til á árunum 1952 til 1955.“

Báðir héldu þeir að borgarstarfsmenn væru þarna að fylla upp í gryfjuna en samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg voru engar framkvæmdir á svæðinu fyrr en árið 1967. Á árunum 1951 til 1955 voru miklar framkvæmdir og rask hjá íbúum á Melunum, þar á meðal í landi Sauðagerðis. Hús voru rifin og reist, gördum og matjurtagörðum komið fyrir og braggar jafnaðir við jörðu. Hugsanlega hefur einhver þurft að færa líkamsleifarnar í því raski. ■

HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202

Íranska leyniþjónustan undirbjó morð og árásir í Bandaríkjunum

MEK lengi barist fyrir stjórnarskiptum í Íran

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Á undanförunum árum hafa yfirvöld í nokkrum Evrópuríkjum komið upp um ráðagerðir írönsku leyniþjónustunnar í álfunni. En það er ekki aðeins í Evrópu sem írönskir leyniþjónustumenn hafa verið virkir því þeir hafa einnig unnið hörðum höndum í Bandaríkjunum. Einn þeirra er Majid Ghorbani, 59 ára, sem starfaði árum saman á persneskum veitingastað í Santa Ana í Kaliforníu. Þar afgreiddi hann fólk og rétti því hrísgrjón og kebab yfir afgreiðsluborðið. Hann var auðþekktanlegur á þykku gráu yfirvararskegginu en hann var samt ekki sú manngerð sem fólk tengir við njósnir og pólitísk átök ríkja heims. Það tók því enginn eftir honum þegar hann drakk kaffi á Starbucks í Costa Mesa og ræddi við Ahmadreza Mohammadi Doostdar, 38 ára, eða þegar þeir ræddust við fyrir utan stórmarkað á Long Beach. Doostdar var þá nýkominn aftur til Bandaríkjanna eftir margra ára dvöl í Íran.

En þeir félagar vissu ekki að bandarískir leyniþjónustumenn fylgdust með fundum þeirra þar sem þeir voru grunaðir um að starfa á vegum klerkastjórnarinnar í Íran. Þeir áttu að afla upplýsinga um samfélög gyðinga í Bandaríkjunum sem og írönskan andspyrnuhóp, MEK, sem hefur lengi barist fyrir stjórnarskiptum í Teheran og nýtur stuðnings Donalds Trump og ríkisstjórnar hans. Ghorbani og Doostdar áttu að koma þeim upplýsingum, sem þeir öfluðu, til Írans svo „írönska ríkis-


stjórnin gæti ráðist á þessa hópa“ segir í ákæruskjaldi á hendur tvímenningunum sem voru handteknir á síðasta ári.

Á meðan bandarískir leyniþjónustumenn fylgdust grannt með þeim félögum sóttu þeir fundi hjá MEK í New York og Washington. Þeir tóku myndir af fundargestum og skráðu nöfn þeirra hjá sér. Þeir tóku einnig myndir af miðstöð gyðinga í Chicago og á milli Bandaríkjanna og Íran til að koma upplýsingunum í réttar hendur. Bandaríska alríkislögreglan hleraði samtöl Ghorbani og Doostdar að minnsta kosti einu sinni en þá sagði Ghorbani frá síðasta MEK-fundi sem hann hafði sótt.

„Ég tók nokkrar myndir og aflaði upplýsinga um þá og marga þingmenn sem þeir vinna með. Ég er búinn að undirbúa pakka en hann er ekki alveg tilbúinn,“ sagði Ghorbani samkvæmt dómsskjölum.

Málið kom mörgum Írönum í Irvine á óvart og hefur vakið ótta meðal margra. Fólk er varkárara en áður og gætir vel orða sinna þegar rætt er um klerkastjórnina. Margir óttast einnig að stríð kunnist að brjótast út.

EKKI ER ALVEG LJÓST HVERNIG



Ghorbani og Doostdar írönskir spæjarar.



Ruhollah Khomeini
Leiddi írönsku byltinguna 1979.

Doostdar og Ghorbani kynntust. Doostdar flutti ungur að árum frá Bandaríkjunum til Kanada og kom sjaldan til Bandaríkjanna. Ghorbani kom til Bandaríkjanna frá Íran um miðjan tíunda áratuginn og starfaði alla tíð á sama veitingastaðnum. Lögreglan telur að þeir hafi kynnst þar. Veitingastaðurinn var einnig fundarstaður MEK og samkvæmt ákæruskjalinu njósnaði Ghorbani um þessa fundi og laumaði sér í raðir MEK.

Skiptu um lið

MEK voru áður herská samtök sem voru á hryðjuverkalista Bandaríkjanna allt þar til 2012.

Samtökin studdu Ayatollah Ruhollah Khomeini í byltingunni 1979 en eru ósátt við þá stefnu sem stjórn landsins tók í kjölfar byltingarinnar

Samtökin studdu Ayatollah Ruhollah Khomeini í byltingunni 1979 en eru ósátt við þá stefnu sem stjórn landsins tók í kjölfar byltingarinnar. MEK blés því til uppreisnar sem ekki gekk upp og hrökkluðust liðsmenn samtakanna þá úr landi og í útlegð. Næstu 20 árin áttu þeir skjól hjá Saddam Hussein í Írak og sá hann um að útvega samtökunum vopn.

Áhrif MEK hafa verið lítil til þessa en hins vegar eiga þau góðan stuðningsmann, John Bolton, þjóðaröryggisráðgjafa Donalds Trump. Hann studdi MEK áður en hann var gerður að þjóðaröryggisráðgjafa og áður en samtökin voru tekin af hryðjuverkalista Bandaríkjastjórnar. Eftir að Bolton komst í Hvíta húsið hafa áhrif MEK aukist, en Bolton leynir ekki þeirri skoðun sinni að skipta þurfi um stjórn í Íran. Wall Street Journal skýrði nýlega frá því að Bolton hafi í september beðið varnarmálaráðuneytið að leggja fram tillögur að hernaðaraðgerðum gegn Íran. Þetta gerði hann í kjölfar árásar nærri sendiráði Bandaríkjanna í Bagdad í Írak.

EKKI BARA Í BANDARÍKJUNUM

Það er ekki bara í Bandaríkjunum sem liðsmenn MEK hafa verið skotmörk írönsku leyniþjónustunnar. Í desember var tveimur írönskum diplómötum vísað frá Albaníu eftir að upp komst um

áform þeirra um að myrða félagi í MEK. Þýska lögreglan handtók írönskan diplómata síðasta sumar en hann er talinn tengjast áætlun um að gera sprengjuárás á ráðstefnu MEK í Villpinte í útjaðri Parísar. Diplómatinn var handtekinn og framseldur til Frakklands eftir að dómstóll kvað upp úr með að hann nýti ekki friðhelgi stjórnarindreka þar sem hann væri staddur utan Austurríkis, þar sem hann starfaði.

Í Danmörku ætlaði írönska leyniþjónustan að myrða liðsmenn í andspyrnuhreyfingunni ASMLA, sem berst gegn stjórnvöldum í Teheran, í haust. Þá var stórum hluta Danmerkur lokað af lögreglunni í margar klukkustundir og lágu nær allar samgöngur niðri. Taldi leyniþjónustan að útsendarar Írana ætluðu að láta til skara skríða þann dag.

Hollensk stjórnvöld segja að Íranir hafi staðið á bak við morðin á tveimur hollenskum ríkisborgurum af írönskum ættum 2015 og 2017. Annar þeirra var háttsettur í ASMLA.

Allt þetta varð til þess að nýlega hertu aðildarríki ESB stefnu sína í garð Írans og settu tvo nafngreinda írönska leyniþjónustumenn á hryðjuverkalista ESB sem og hluta af leyniþjónustu landsins. ■

SULTU TVENNA
Chilli sulta og rauðlauk sulta

Flóra Vilko

UMDEILDUSTU BORÐSPIL SÖGUNNAR

Ekki eru öll borðspil góð og þroskandi afþreying. Sum þeirra eru umdeild, vafasöm, úr takti við tímann eða beinlínis ógeðfelld. Flest þessara spila eru einföld og hönnuð til að setja fram ákveðinn boðskap eða áróður frekar en að hafa skemmtanagildi. DV skoðaði nokkur af umdeildustu borðspilum sögunnar.

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is




SÍGÓ- SPILIÐ

Vitaskuld er Camel the Game frá árinu 1992 aðeins auglýsing fyrir sigaretturissann. Þess vegna urðu þeir að setja aldursmörkin við 21 ár á kassann. Þetta er einfalt spil þar sem leikendur reyna að para saman það sem kemur upp á teningum við kort.



GYÐINGAR BURT!

Þýskaland nasismans gat af sér mörg borðspil og frægast þeirra er Juden Raus! frá árinu 1936. Spilið seldist í bílförnum en flokkurinn sjálfur kom ekki að hönnun þess. Borðið sjálft sýnir borg umlukta veggjum. Takmarkið er að ferðast um borgina, safna gyðingum og koma þeim á brautarstöðvar til að senda þá til Palestínu.



FÉLÓ- SPILIÐ

Spilið Public Assistance kom út árið 1980 sem áróður gegn velferðarkerfinu í Bandaríkjunum. Takmarkið er að hala inn sem mesta peninga í félagslega kerfinu og með óheiðarlegum hætti, svo sem í formi í bóta af ýmsum toga eða með vændi, eiturlyfjasölu, ránum og fjárhættuspili. Leikendur tapa ef þeir fá vinnu og gerast skattgreiðendur. Spilið er algjörlega handahófskennt líkt og slönguspilið.



HVAÐ Á ÉG AÐ VERA?

Spilið What Shall I Be? The Exciting Game of Career Girls var hannað fyrir ungar stúlkur árið 1966. Átti það að enduspeglar að konur væru í sífellum mæli að fara út á vinnumarkaðinn. Í spilinu er takmarkið að verða leikkona, fyrirsæta, hjúkrunarfræðingur, kennari, flugfreyja eða ballettdansari. Hægt er að fá ákveðin persónueinkennaspjöld sem henta misvel fyrir hvert starf. Til dæmis hentar yfirvigtar spjaldið illa flugfreyjur, fyrirsætur og ballettdansara.



YFIR LANDAMÆRIN

Beat the Border tengist ekki innflytjendum, Trump eða múrnum hans á neinn hátt. Spilið kom út árið 1971 og fjallar um að smygla eiturlyfjum frá Mexíkó til Bandaríkjanna og selja þau í ákveðnum borgum. Hægt er að kaupa fölsuð skilríki og ráða óheiðarlega lögfræðinga til að hjálpa sér við að komast á leiðarenda.




TITANIC SEKKUR

Spilið The Sinking of the Titanic kom út árið 1975 og vakti svo mikla reiði að nafninu var á endanum breytt í Abandon Ship. Takmarkið er að koma farþegunum úr skipinu og í björgunarbáta áður en það sekkur. Þegar þangað er komið safna þeir vistum og reyna að komast eins hratt og þeir geta að björgunarskipinu. Sá sem kemst þangað fyrst vinnur, hinir deyja.



BUSEN MEMO BARMAMINNI

Fjöldinn allur að kynferðislegum spilum hefur verið framleiddur í gegnum tíðina og fæst þeirra vakið athygli. Hið þýska Busen Memo frá árinu 2001 er undantekning. Spilið er í raun hefðbundið Memo-spil, sem eru vinsæl hjá börnum, nema að takmarkið er að para saman vinstra og hægra kvenmannsbrjóst.



SVERTINGJAR Í MELÓNUGARÐINUM

Saga þessa spils er mjög á huldu. Samkvæmt kassanum á það að hafa verið gefið út árið 1935 en erfitt hefur verið að sannreyna það. Hins vegar eru til nýjar prentanir af spilinu sem seldar hafa verið á síðum hægrifögamanna. Darkies in the Melon Patch er einfaldlega slönguspilið með staðalmyndum af svörtu fólki í Bandaríkjunum á fyrri hluta 20. aldar.



Vandaðar innréttingar

Hjá Parka færðu flottar innréttingar í hæsta gæðaflokki. Mikið úrval.

Bjóðum aðeins það besta fyrir þig!



Dalvegi 10-14 • 201 Kópavogi • 595 0570 • Parki.is

Sibba og Eddi eiga þrjú börn og urðu nýverið amma og afi. Mynd: Úr einkasafni

Fyrstu viðbrögðin sem við fengum hjá mörgum voru: Ha? Á ég að borða smjör og nota rjóma í kaffið?

Lækna hristu höfuðið í fyrstu

Hjónin Sibba og Eddi Arndal kynna Carb Nite fyrir Íslendingum
Mataræðið felst í mikilli kolvetnaneyslu einn dag í viku

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



Við höfum oft verið spurð: Hvernig nennið þið að standa í þessu? Þetta er hugsjón og við elskum að hjálpa fólki að öðlast betra líf," segir einkaþjálfarinn Sibba Arndal. Sibba og eiginmaður hennar, einkaþjálfarinn Eddi Arndal, breiða út boðskapinn um Carb Nite og Carb Back Loading mataræði á Íslandi. Mataræðið felst í raun í því að borða lágkolvetna en trefjaríkan mat alla vikunnar nema einn dag, þegar líkaminn er

hlaðinn með hraðvirkum kolvetnum.

Eykur frjósemi

Sibba og Eddi prófuðu Carb Back Loading mataræðið fyrst árið 2012 og stuttu síðar kynntust þau Carb Nite. Síðarnefnda mataræðið er hannað af John Kiefer og segir Sibba að það sé sífellt í þróun samkvæmt nýjustu rannsóknum. Sibba hefur náð góðum árangri á mataræðinu, meðal annars þegar hún hefur þurft að skera af sér fitu fyrir fitnessmót.

„Kostir Carb Nite eru svo margir. Carb Nite hefur góð áhrif

á hormónakerfið, blóðþrýsting, hjarta- og æðasjúkdóma, sykursýki, ofþyngd og PCOS, eða fjöl-blöðruheilkenni á eggjastokkum. Margar konur kljást við PCOS í dag og einn fylgífiskur þess er ófrjósemi. Carb Nite hefur hjálpað mörgum konum að auka frjósemi. Carb Nite eykur lífsgæði fólks," segir Sibba.

Lítill hópur varð að 12.000 manns

Þau hjónin halda utan um Facebook-hópin Carb Næt á Facebook, sem byrjaði sem agnarsmár hópur en hefur vaxið og dafnað



Eddi og Sibba með fyrirlestur í Fitness Sport.

Hér er Sibba að keppa í fitnessmóti eftir þrettán vikur á Carb Nite-mataræðinu.



gífurlega síðustu misseri. Nú eru meðlimirnir orðnir rúmlega tólf þúsund talsins.

„Þetta byrjaði allt sem lítil grúppa sem ég gerði fyrir nokkra vini mína sem langaði að læra allt um þetta mataræði. En svo vatt þetta einhvern veginn upp á sig og alltaf bættist fleira fólk í grúppuna okkar," segir Sibba. Eddi sér um daglegan rekstur hópsins á meðan Sibba sér um annan aðhaldshóp sem fólk borgar lágt gjald fyrir innngöngu í. „Þar fær fólk meiri aðstoð og hefur aðgang að okkur til að koma sér af stað.“

Fæ ég ekki hjartaáfall?

Vegna velgengni Facebook-hópanna ákvað Sibba að setja saman fyrirlestur um mataræðið.

„Ég sagði bara við Edda að hann yrði með fyrirlesturinn og ég myndi ýta á takkana," segir Sibba og hlær. Þau héldu fyrsta fyrirlesturinn í Þorlákshöfn og þar mættu 45 manns. Síðan þá hafa þau hjónin haldið fyrirlestra um allt land og einnig fengið sjálfan John Kiefer til landsins til að breiða út boðskapinn enn frekar. Þó að viðtökurnar hafi verið góðar vöknudu upp ýmsar efasemdaraddir að sögn Sibbu.

„Fyrstu viðbrögðin sem við fengum hjá mörgum voru: Ha? Á ég að borða smjör og nota rjóma í kaffið? Er þetta ekki slæmt fyrir heilsuna? Fæ ég ekki hjartaáfall af þessum feita mat? Sumir lækna

og næringarfræðingar hristu hausinn yfir þessu á meðan aðrir voru okkur sammála. Í dag hefur mikið breyst og margir lækna sem benda sjúklingum á hópana okkar," segir Sibba.

Ekkert mál að byrja

En hvernig virkar Carb Nite nákvæmlega?

„Það sem er ekki mælt með að borða á Carb Nite er kolvetnaríkur matur eins og sykur, hveiti, sterkja, transfita, mikið af unninni matvöru og ávextir sem eru ríkir af kolvetnum. Það má hins vegar borða trefjaríkt grænmeti sem inniheldur kolvetni eins og til dæmis salat, sellerí, lárperur og aspas. Einu sinni í viku tókum við hleðsludag og þá borðum við hraðvirk kolvetni. Ástæðan fyrir því er sú að við erum að endursetja kerfið því líkaminn má ekki missa getuna til að nota insúlín," segir Sibba og segir ekkert mál að byrja á mataræðinu.

„Nei, það er alls ekki erfitt að byrja. Málið er bara að byrja og þá gerast hlutirnir.“ ■



Straumhvörf í neysluvatnsdælum



GRUNDFOS



Grundfos Scala 3-45

Álagsstýrð, heldur jöfnum þrýsting og hljóðlát. Dregur vatn allt að 8 metra Innbyggð þurrkeyrsluvörn Afkastar 8 aftöppunar stöðvum

ÍSLEIFUR JÓNSSON

Dragháls 14-16 | Sími 412 1200
110 Reykjavík | www.isleifur.is



MYKIND BÆTIEFNALÍÑAN FRÁ GARDEN OF LIFE ER LÍFRÆN,
VEGAN OG LAUS VIÐ ÖLL AUKAEFNI

Þara það besta fyrir þig og Móður jörð!



Mykind línan var hönnuð með það að leiðarljósi að velja aðeins bestu mögulegu hráefnin og meðhöndla þau þannig að næringin skilaði sér sem best.

Gæði bætiefna skipta öllu máli.

Þau sem eru búin til úr fæðu eins og þessi er líklegra að líkaminn nái að nýta að fullu. Öll línan er 100% vegan og inniheldur því engar dýraafurðir. Meira að segja D3 og B12 vítamínin eru vegan en þessi tvö er oft erfitt að fá vegan í bestu formunum.

EITTHVAÐ FYRIR ALLA

Hvort sem þig vantar fjölvítamín, B12, járn, D3 vítamín, steinefni eða C vítamín

Allt lífrænt - allt vegan



SIÓVÁ



VÍS

vörður



Frí Tjónaskoðun

★ **GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI** ★

Auðbrekku 27, Kópavogi
www.bilasprautun.is



554 2510

SÝRT HVALRENGI

af langreyði, framleitt af Hval hf.

Fæst m.a. á eftirfarandi stöðum á þorranum:

Bónus - Um allt land
Depla, Kolaportinu, Reykjavík
Ferðapjónustan Bjarteyjarsandi, Hvalfjarðarsveit
Fiskbúðin Sundlaugarvegi 12, Reykjavík
Fiskbúðin Trönuhrauni 9, Hafnarfirði
Fiskbúðin Hafberg, Gnoðarvogi 44, Reykjavík
Fiskbúðin Hófgerði 30, Kópavogi
Fiskbúð Hólmgeirs, Pönglabakka 6, Reykjavík
Fiskbúðin Mos, Háholt 13-15, Reykjavík
Fiskbúð Fjallabyggðar, Aðalgötu 27, Siglufirði
Fiskbúð Sjávarfangs ehf., Sindragötu 11, Ísafirði
Fiskbúð Suðurlands, Eyrarvegi 59, Selfossi
Fiskbúðin Vegamót, Nesvegi 100, Seltjarnarnesi
Fiskikóngurinn, Sogavegi 3, Reykjavík
Fjarðarkaup, Hólshrauni 1b, Hafnarfirði
Hagkaup - Um allt land
Hnýfill ehf., Dreifingaraðili, Brekkugötu 36, Akureyri
Kjöthöllin, Skipholti 70 og Háaleitisbraut 58-60, Reykjavík

Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Höfðatúni 4, Hólmavík
Kaufélag Vestur Húnvetninga, Strandgötu 1, Hvammstanga
Kjarval - Um allt land
Krambúðin - Um allt land
Krónan - Um allt land
Kræsingar ehf., Sólbakka 11, Borgarnesi
Litla fiskbúðin, Miðvangi 41, Hafnarfirði
og Háaleitisbraut 58-60 Reykjavík
Melabúðin, Hagamel 39, Reykjavík
Múlakaffi, Hallarmúla 1, Reykjavík
Nettó - Um allt land
Nóatún, Austurveri
Skagfirðingabúð, Ártorgi 1, Sauðárkróki
Strax - Um allt land
Sægreifinn, Geirsgötu 8, Reykjavík
Verslunin Einar Ólafsson ehf., Skagabraut 9-11, Akranesi
Verslunin Rangá, Skipasundi 56, Reykjavík
Pín Verslun ehf., Seljabraut 54, Reykjavík

Hvalur hf.

Reykjavíkurvegi 48, 220 Hafnarfjörður
Skrifstofa: 555 0565 - Frvstihús (þantanasími): 555 0165

SAKAMÁL



146 ára fangelsisdóm fékk Bandaríkjamadurinn Ricky Abeyta, frá Chimayo í Nýju-Mexíkó, fyrir að myrða sjö manns þann 26. janúar 1991. Kærasta Abeyta hafði sagt skilið við hann og bætt gráu ofan á svart með því að fara fram á nálgunarbann. Það hugnaðist Abeyta engan veginn og þegar tveir lögreglumenn hugðust afhenda honum úrskurðinn um nálgunarbannið skaut hann þá með köldu blóði. Það hafði strangt til tekið engin áhrif því þá þegar hafði Abeyta myrt kærustu sína, Ignacitu, 19 ára dóttur hennar, Maryellen, og sex ára son Maryellen, barnsföður Maryellen og eina konu að auki. Þrettán ára sonur Ignacitu slapp lífandi úr þessum hildarleik, en særður.

KVALALOSTI

Elísabet Bathory var alræmd ■ Grimmd greifynjunnar þekkti engin takmörk ■

Fyrir langa löngu lifði og hrærðist greifynja nokkur í Ungverjalandi. Sú hét Elísabet (eða Erszebet) Bathory og var af einni auðugustu ætt ríkisins. Elísabet fæddist 7. ágúst, 1560, og segir fátt af hennar högum fyrir en hún er varð gjafvaxta. Fimmtán ára að aldri giftist hún greifa að nafni Ferenz Nadasdy og bjuggu þau í Cachtice-kastalanum í norðvesturhluta Ungverjlands.

Blóðþyrst, en ekki gæðablóð

Fljótlega kom í ljós að Bathory greifynja var ekkert gæðablóð. Hún var hins vegar blóðþyrst með eindæmum og segir sagan að hún hafi drepið ungar konur, tæmt þær af blóði sem hún síðan baðaði sig upp úr. Hún hefði tekið upp á því eftir að hafa löðrungað eina þjónustustúlku af því líkum ofsa að hún blóðgaðist. Einn blóðdropi hafi slest á handlegg Elísabetar og sýndist henni sem staðurinn þar sem blóðdropinn lenti yrði fyrir vikið ljósari og litarhaftið fallegra.

Hefst handa rétt um tvítugt

Þetta segir sagan, en á sennilega ekki við rök að styðjast, því síðar þegar réttað var yfir vitorðsmönnum greifynjunnar var aldrei minnst á „blóðbað“. Enn fremur er talið að illvirki Elísabetar hafi hafi verið ósennilegt að hún hafi þá þegar látið áhyggjur af öldrun halda fyrir sér vöku.

EKKI er þó fráleitt að flest fórnarlamba hennar hafi verið þurrausin blóði, enda búin að undirgangast langvarandi og hroðalegar pyntingar.

Sadismi og sifjaspell

Faðir Elísabetar var hermaður og móðir hennar var systir Póllandskonungs. Ættingjar hennar eru sagðir hafa verið samansafn djöfladýrkenda, lesbía, drykkjurúta, sadista og morðingja sem viluðu ekki fyrir sér að stunda sifjaspell ef þeim bauð svo við að horfa.

Að sögn trúði Elísabet á galdra og fjölkynngi ýmiss konar sem innihélt blóðfórnir, en sennilega myrti hún og pyntaði einfald-

lega vegna þess að hún var haldin kvalalosta. Hún komst upp með það vegna stöðu sinnar innan aðalsins og í þónokkuð langan tíma.

Dáðist að eigin spegilmynd

Elísabet átti það til að fá köst og hafa verið leiddar líkur að því að um hafi verið að ræða flogaköst, sem ekki voru óþekkt með öllu innan ættar hennar. Í þá tíð var talað um að fólk væri „andsetið“ ef það fékk viðlíka köst.

Elísabetu leiddist og hún var hégómagjörn. Hún tók ýmis meðul til að vinna bug á höfuðverk sem herjaði tíðum á hana og varði löngum stundum fyrir framan spegil og dáðist að sjálfri sér.

Bræðin bitnaði á þjónustufólkinu

Greifinn var fjarri góðu gamni, stundum svo mánuðum skipti, og eitthvað þurfti greifynjan að finna sér til dundurs. Sagt er að kveikjan að illverkum Elísabetar hafi verið verið að tengdamóðir hennar nuddaði henni sýknt og heilagt nuddað henni upp því að hún var

Dáðist að eigin fegurð
Elísabet sat löngum stundum fyrir framan spegil.



Ættingjar hennar eru sagðir hafa verið samansafn djöfladýrkenda, lesbía, drykkjurúta, sadista og morðingja.

barnlaus. Elísabet hafi þá látið gremju sína bitna á þjónustufólkinu og komist á bragðið. Reyndar eignaðist Elísabet börn um síðir, fjögur talsins, hið fyrsta er hún var 25 ára.

Leitað í sveitunum

Eftir því sem árin liðu jókst kvalalosti Elísabetar og svo fór að hún færði út kvíarnar og leitaði fórnarlamba út fyrir raðir þjónustuliðsins og veggj kastalans.

Nokkrir trúir starfsmenn voru sendir út af örkinni og kembdu þeir sveitirnar í leit að ungum konum sem hentuðu greifynjunni. Var þeim stundum sagt að þeirra biði þernustarf og ef þær bitu ekki á agnið var þeim byrlluð ólyfjan eða þær yfirbugaðar með öðru móti og færðar í kastalann.

Frjótt ímyndunarafli

Ungu konurnar áttu aldrei afturkvæmt í heimahagana og þess var skammt að biða að orðrómur um hinna illu greifynju bærast frá þorpi til þorps.

Nadasdy greifi sagði skilið við jarðlífið árið 1604 og morðæði Elísabetar náði nýjum hæðum í kjölfarið.

Við pyntingarnar beitti Elísabet hin ýmsu tól; nálar, hnífa, svipur og rauðglóandi skörunga. Ungu konurnar voru afklæddar og þeim haldið föstum af tryggum hjálparmönnum Elísabetar.

Þegar allt var klárt hófst greifynjan handa og var skortur á ímyndunarafli henni ekki til trafala í pyntingunum.

Fékk aldrei nóg

Elísabet stakk nálum í geirvörtur

**ÚTSALA
AFSLÁTTUR
10-70%**

HREIDUR.IS

Auðbrekka 6, 200 Kópavogur



5 börn ól bandaríska konan Michele Kalina á laun. Hún ól þau öll í baðkarinu á heimili sínu, það fyrsta 1996 og það síðasta árið 2010. Að sögn voru fjögur barnanna andvana fædd, en það þriðja, drengur, var með lífsmarki. Michele sá þó til þess að svo var ekki lengi. Öll þessi ár hafði hún komist upp með að fela lík barnanna inni í skáp og það var ekki fyrr en dóttir hennar, á unglingsaldri, fann fyrir tilviljun litlu beinagrindurnar inni í skápnum að sannleikurinn kom í ljós. Michele Kalina var ákærð fyrir morð á fyrrnefndum dreng og játaði sig seka. Hún fékk 20 til 40 ára dóm árið 2011.



G BLÓÐÞORSTI

Pyntingaloturnar stóðu klukkustundum saman



Ferenz Nadasdy Greifinn var fjarverandi svo mánuðum skipti.



Grænn dreki Skjaldarmerki greifynjunnar.



Greifynjan blóðþyrsta Elísabet Bathory komst lengi vel upp með ódæði sín.

morðlotu og blóðug ógnarstjórn greifynjunnar rann sitt skeið.

Múruð inni

Réttað var yfir Elísabetu og vit-orðsmönnum hennar vegna dauða 80 kvenna, árið 1611, þótt talið sé víst að fjöldi fórnarlamba hennar hafi sennilega verið nær 300.

Sex þjóna Elísabetar voru fundnir sekir og teknir af lífi og voru sumir þeirra pyntaðir áður,

og fengu þá að kynnast eigin meðulum.

Greifynjan naut þeirra forréttinda að þurfa ekki að vera viðstödd réttarhöldin, en var eigi að síður sakfelld og dæmd til múr-

ast inni í eigin svefnherbergi. Einungis var rífa á einum vegg þar sem unnt var að smeygja inn mat og drykk. Elísabet dó í því herbergi þremur árum síðar, 21. ágúst 1614, að því sem talið er. ■

fórnarlamba sinna, eða undir neglurnar. Hún brenndi kynfæri þeirra með kertaloga og skar í brjóst þeirra. Stundum var ungu konunum hent nöktum út í snjóinn og síðan var helt yfir þær köldu vatni þar til þær frusu í hel.

Pyntingarnar stóðu stundum yfir sneru klukkustundum skipti og Elísabet stíkaði um herbergið og óskraði: „Meira, meira. Miklu meira.“

Sérsníðað búr

Greifynjan lét útbúa sívalt búr með löngum, hvössum göddum sem sneru inn á við. Stúlka var síðan sett í búið sem var hið uppi frá gólfinu. Einn þjóna Elísabetar var látinn pota í stúlkuna með rauðglóandi skörungum og þurfti hún þá að velja á milli þess að láta brenna sig eða þrýsta sér að göddunum. Meðan á þessu gekk stóð Elísabet á stól og jóf fórnarlambið klámfengnum svívirðingum.

Gekkt of langt

Enn jókst ofsi greifynjunnar blóð-

þyrstu. Lík fórnarlambanna voru ýmist brennd, hent út fyrir kastalaveggina í skjóli nætur, þar sem þau urðu fæða fyrir hungraða úlfa, eða hreinlega látin rotna þar sem þau lágu.

Óstjórnlegur kvalastói og blóðþorsti kom Elísabetu í koll að lokum, því hún fór yfir strikið. Hún tók upp á því að láta ræna stúlkum sem ekki komu úr röðum bænda og leiguliða. Fjölskyldur þeirra stúlkna tóku því ekki þegjandi og leituðu til konungs Ungverjaland, Matthíasar II.

Næturárás

Konungurinn gat ekki annað en látið undan sívaxandi þrýstingi um að láta málið til sín taka og fyrirskipaði hann rannsókn undir stjórn nágranna Elísabetar Bathory, Thurzo greifa.

Thurzo lét til skarar í Cachtice-kastala um miðja nótt, þann 29. desember 1610.

Líðsmenn greifans gripu Elísabetu og hjálparkokka hennar glóðvolg í miðri pyntinga- og

Frost í kortunum?

Ekki láta kuldann koma þér í vandræði
Komdu við og láttu mæla rafgeyminn þinn!

TUDOR
Alltaf öruggt start
eftir kaldar nætur

Hraðþjónusta
Við mælum
rafgeyma og
skiptum um

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

MIÐ ÚRVAL, TRAUST
OG FAGLEG ÞJÓNUSTA
Bíldshöfða 12 / S. 577 1515 / skorri.is

DÚXUÐU Í SKÓLA

Eitt sinn var sagt „dúx í skóla, fúx í lífinu“ en það hefur fyrir margt löngu verið afsannað. Dúxar eru ekki aðeins nördar, svo helteknir af náminu að þeir geta ekki fótað sig úti í veröldinni. Sumir eiga reyndar erfitt með að fóta sig í leikfimisalnum og er það þeirra eini ljóður á skólagöngunni, og aðaleinkunninni. DV skoðaði nokkra dúxa sem hafa gert það gott og haft áhrif á íslenskt samfélag eftir menntó.

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Lélegust í leikfimi

„Ég hef svo sem enga töfraformúlu fyrir dúxa, en ég lærði vel fyrir prófin. Ég tek tarnir fyrir próf, fremur en að liggja alltaf yfir bókunum og hef alltaf verið með góðar einkunnir,“ sagði Katrín Jakobsdóttir í maí árið 1996. Katrín dúxaði í Menntaskólanum við Sund, með 9,70 í aðaleinkunn sem var met hjá skólanum.

Sagði Katrín að franska væri eitt af uppáhaldsfögnum og hún stefndi á að læra hana og rússnesku. Lélegasta einkunnin var í leikfimi, slétt 8. „Ég hef nú ekki alveg ákveðið hvað ég ætla að fást við í framtíðinni,“ sagði Katrín sem átti eftir að verða formaður Vinstri grænna, þingmaður og forsætisráðherra Íslands.

Kaus Sjálfstæðisflokkinn

„Annars dúxaði ég eiginlega óvart! Ég er nefnilega þeirrar náttúru að vera aðeins of skipulögð, svo jaðrar við manú! Að auki er ég líka eðalnörd og hafa vinir mínir strítt mér svoltið á þessu,“ sagði Edda Sif Pálsdóttir í samtali við Blaðið vorið 2007. Edda sló öll met Fjölbrotaskóla Garðabæjar og dúxaði með einkunnina 9,63.

Edda sagðist hafa sérstaklega gaman



af fjölmiðlafræði og íslensku. Eins og flestir vita þá sigldi hún á þau mið og varð vinsæl íþróttafréttakona. Edda er dóttir Páls Magnússonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins. Í viðtalinu við Blaðið sagðist hún einmitt hafa kosið þann flokk í fyrsta skiptið sem hún fékk að kjósa.



Stefndi ekki að meti



„Enginn nær góðum árangri nema að hafa mjög góða kennara og vil ég ekki síst þakka þeim þennan árangur,“ sagði Ólafur Jóhann Ólafsson, dúx Menntaskólans í Reykjavík vorið 1982. „Ég stefndi ekki sérstaklega að því að slá neitt met enda varð mér ekki ljóst fyrir en allra síðustu daga hvert stefndi.“ Ólafur náði hæstu einkunn síðan tugakerfið var tekið upp, samanlagt 9,67, og sló 25 ára met Jónatans Þórmundssonar lagaprófessors.

Eftir MR lá leiðin til Boston í eðlisfræði- og stærðfræðinám. Síðan hóf hann störf fyrir risa-fyrirtækin Sony og Time Warner. Leiddi hann Sony á þeim tíma þegar PlayStation-leikjatölvan vinsæla var tekin í notkun. Í hjáverkum hefur Ólafur reglulega gefið út skáldsögur og leikrit.

Las sæmilega

„Ég las sæmilega fyrir próf,“ sagði Gylfi Zoega, dúx Menntaskólans í Reykjavík vorið 1983. Hann hafði þá náð einkunninni 9,68 og þar með slegið met Ólafs Jóhanns Ólafssonar frá vorinu áður. Gylfi sagðist ekki hafa stefnt sérstaklega að þessu en lagði á sig til þess að sleppa við eftirsjá eftir prófin.



Gylfi sagðist stefna á að læra þýsku eftir menntaskólanum. Hann hefur síðan gert garðinn frægan sem einn af helstu hagfræðingum landsins og starfar sem prófessor við Háskóla Íslands. Var hann sérstaklega áberandi í þjóðfélagsumræðunni á árunum eftir bankahrunið. Gylfi er ekki eini dúxinn í fjölskyldunni. Bróðir hans, Gunnar Már, dúxaði tíu árum á eftir Gylfa og afi þeirra, Geir G. Zoega, dúxaði árið 1903.

Ekkert frímerkjasafn

„Ég hef reynt að hafa sem víðastan sjóndeildarhring og takmarka mig ekki við eitt áhugamál. Ég kem því aldrei til með að eignast neitt verðmætt frímerkjasafn eða annað þess háttar, sem tekur hugmanns allan,“ sagði Eiríkur Tómasson, dúx Menntaskólans við Hamrahlíð vorið 1970. Þá útskrifaðist hann með 8,85 í aðaleinkunn.

Almennt séð sagðist hann vera

ánægður með kennsluna en kvartaði þó undan minni sveigjanleika námsins í MH miðað við aðra skóla. Uppáhaldsfögin og þau sem hann náði bestum árangri í voru félagsfræði, saga og íslenska. Eftir skólann hélt hann út til Svíþjóðar til starfa í verksmiðjum Volvo. Eftir það varð hann lögfræðingur og hæstaréttardómari. Eiríkur var sá sem kom Davíð Oddssyni og Halldóri Ásgrímssyni saman árið 1995 til að mynda ríkisstjórn sem sat að lokum í tólf ár.



Við erum í þínu hverfi

Fiskislóð 1

Bíldshöfði 9

Smáratorg 1

Helluhraun 16-18



gæludýr.is

Óla og í lífinu

Ofboðslega gaman

Auður Ava Ólafsdóttir varð dúc Menntaskólans við Sund vorið 1978. Hlaut hún 9,0 í aðaleinkunn. Árið 2012 sagðist hún hafa haft ofboðslega gaman í skóla. „Þannig nemendur verða oft kennarar.“

Eftir þetta lá leiðin til Bologna til að læra ítalskar bókmenntir og síðan sagnfræði og bókmenntafræði við Háskóla Íslands. Síðan út til Parísar að læra listasögu. Auður hefur síðan verið áberandi í listfræði en þekktust er hún fyrir verðlaunaskáldsögur sínar.



Rokkstjörnur

Tvíburarnir Ármann og Sverrir Jakobsynir voru mestu rokkstjörnur menntaskólasögunnar. Þeir voru báðir nemendur í Menntaskólanum við Sund. Árið 1989 sigruðu þeir Hamrahlíðarmenn í úrslitum MORFÍS og árið eftir rasskelltu þeir Verzlunga í úrslitum Gettu betur.



Þetta ár, 1990, útskrifuðust þeir og spurningin var hvor þeirra yrði dúc. Fór svo að Ármann hafði betur með 9,64 í aðaleinkunn en Sverrir varð næstur með 9,40. Ármann og Sverrir eru bræður Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra og hafa þeir báðir starfað innan Vinstri grænna. Þeirra ær og kýr eru hins vegar fræðastörf og skriftir.

Vildi ekki fá samviskubit

„Læri ég of lítið veit ég af því sjálfur og fæ samviskubit, þannig að ég veiti sjálfum mér aðhald,“ sagði Ragnar Jónasson vorið 1996. Þá varð hann dúc í Verzlunarskóla Íslands. Sjö sinnum fékk hann 10, átta sinnum 9,5, einu sinni 9 en aðeins 7,5 í leikfimi. Samanlagt gerði þetta 9,62.

Þrátt fyrir einkunnina í leikfiminna sagði Ragnar eðlisfræði og stærðfræði vera erfiðustu fögin. Ragnar stefndi á lögfræði en viðurkenndi að íslenskan togaði í hann. Í frístundum og á sumrin þýddi hann glæpasögur eftir



Agöthu Christie fyrir útgáfuna Skjaldborg. Auk þess starfaði hann hjá Rás 2. Ragnar starfar sem yfirlögfræðingur GAMMA en hann er vitaskuld langþekktastur fyrir glæpasögur sínar.



Aðgengið og aðstæðurnar til fyrirmyndar

„Þetta kom mér algjörlega í opna skjöldu,“ sagði Freyja Haraldsdóttir í desember árið 2005. Þá dúxaði hún í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ með 8,4 í meðaleinkunn og kláraði skólann á þremur og hálfu ári. Freyja er með sjaldgæfa fötlun sem kallast osteogenesis imperfecta og hefur verið ein dyggasta talskona fyrir réttindum fatlaðra á undanförunum árum.

„Ef það hefur eitthvað þurft að bæta þá hefur það verið gert,“ sagði hún aðspurð um aðgengi fatlaðra í skólanum. Sagði hún það til algjörar fyrirmyndar og að aðstoð stuðningsfulltrúa hafi skipt miklu máli fyrir hana.

Eftir skólann hóf hún störf við sérkennslu á leikskóla. Síðar nam hún þroskaþjálfarafræði, hagnýta jafnréttisfræði og kynjafræði í háskóla.



Einn sá besti

Ragnhildur Geirsdóttir dúxaði í Menntaskólanum í Hamrahlíð í desember árið 1990. Var árangur hennar talinn sérlega glæsilegur og einn sá besti frá skólanum. Eftir það lærði hún vélaverkfræði við Háskóla Íslands og í

framhaldsnám í Bandaríkjunum.

Ragnhildur hefur verið mjög áberandi í íslensku viðskiptalífi á undanförunum árum. Hefur hún meðal annars verið forstjóri Flugleiða, FL Group, plastvöruframleiðandans Promens, framkvæmdastjóri hjá Landsbankanum og aðstoðarforstjóri hjá WOW Air.



NOKIA

ÍMYND GLÆSILEIKANS

Nokia 7.1

Með öllu því nýjasta frá Google

- 12 mp tvöföld ZEISS myndavél
- full hd+ 5.84" hdr skjár
- 4/64gb minni

androidone

ZEISS

Skiptir máli hver þú ert og hvað þú ert að gera

Guðni Einarsson
gudnieinarsson@dv.is



Rapparnir og tónlistarmennirnir Elvar Heimisson og Joseph Muscat, betur þekktir sem Elli Grill og SEINT, koma fram á tónlistarháttíðinni S.A.D Festival sem fram fer þann 1. febrúar næstkomandi. S.A.D. Festival stendur fyrir „háttíð skammdegisþunglyndis“ en allir listamenn sem koma fram á háttíðinni eiga það sameiginlegt að fást við sorg eða þunglyndi í tónlist sinni. DV settist niður í kaffi með Ella og Joseph og forvitnaðist um tónlistina og ferilinn.

Pappi í pönki og mamma í rappi

Joseph fæddist í Brighton á Englandi og fluttist ungur til Íslands með foreldrum sínum. Bæði hann og Elli ólust upp í Breiðholti. Joseph segir að móðir hans, Ósk Óskarsdóttir, hafi kynnt tónlist fyrir honum. Hann segir:

„Hún er tónlistarkona sjálf, en hefur verið lítt áberandi vegna þess að hún var einstæð þriggja barna móðir. Ég held að hún sé fyrsti Íslendingurinn sem kom sér upp heimastúdíói. Hún bjó í Bandaríkjunum með föður mínum og þar kynntist hún rappinu.“

Þannig að segja má að það sé mömmu þinna að þakka að þú ert í rappinu í dag?

„Já, algjörlega. Hún var alltaf að hlusta á rapp. Þetta var „early nineties“ rappið og svo auðvitað svona önnur tónlist líka, eins og David Bowie, Killing Joe og Lou Reed. Faðir minn, Laurie Muscat, sem er Breti, var trommuleikari í The Adverts. Það var pönkband frá áttunda áratugnum, sama tíma og Sex Pistols og allt það var í gangi. Þeir gáfu út plötu sem komst á Billboard-listann fræga. Hann þekkti mikið af þessu liði, Danny Motörhead og Sex Pistols-gæjana. Tónlistarferill hans hafði mikil áhrif á mig líka.“

Á sjóinn til að hreinsa hugann

Tónlistin er einnig í fjölskyldu Ella. Afí hans var djasstónlistarmaður sem lék meðal annars með

stórsveit BBC í Bretlandi. Á heimili Ella var tónlistin alltaf mikilvægur þáttur. Faðir hans kynnti þungarokksveitina Black Sabbath fyrir honum og bróðir hans kynnti rappsveitina Cypress Hill fyrir honum. Þessar tvær sveitir hafa mótað Ella allar götur síðan.

„Ég hafði aldrei ímyndað mér að ég yrði tónlistarmaður, það gerðist alveg óvart. Eitt af stærstu áhugamálum mínum var að hlusta á og pæla í tónlist. Ég stofnaði rappsveitina Shades of Reykjavík og byrjaði að gera myndbönd. Þetta byrjaði á því að ég var alltaf að segja strákunum til hvernig ætti að gera þetta, tónlistina það er að segja. Svo sögðu þeir mér bara að gera þetta“ segir Elli og hlær.

Shades of Reykjavík var með hljóðver við Laugavegin ásamt mörgum öðrum röppurum. Elli segir það hafa verið mjög truflandi fyrir hann.

„Ég fór á sjóinn og við það rann allt viskið af mér. Þá fór heilinn loksins að virka og ég byrjaði að rappa úti á sjó. Þetta voru þrjátíu daga túrar og nægur tími til þess að einbeita sér að þessu.“

Samstarfið við Leoncie

Elli vakti mikla athygli árið 2015 þegar upp dúkkaði myndband við lagið Engan þríkant hér. Indverska prinsessan Leoncie samdi lagið árið 2008 og fluttu þau Elli það saman í myndbandinu.


Hvernig kom þetta til?

„Hún var mega til í þetta. Hún var í raun hissa á að einhver vildi gera tónlist með henni. Þetta gerðist þannig að ég var nýbúinn að spila á tónleikum með Shades of Reykjavík og eftir tónleikana vorum við í svo miklu stuði að við fórum heim að gera vöflur. Þá datt mér þetta í hug og sendi henni skilaboð. Ég hafði svo gleymt því vegna þess að ég var í svo miklu stuði. Viku seinna þá var ég á Ingólfstorgi að hanga, þá sendi hún skilaboð um að hún væri alveg til í þetta. Hún vildi gera allt strax, sem gerði það að verkum að þetta gerðist allt saman mjög hratt.“

Koma fram á S.A.D. Elli Grill, SEINT og Lukkudýrið LaFontaine.



Óvænt samstarf Elli Grill og Leoncie.



Síðastliðið haust slettist hins vegar upp á vinskapið. Leoncie krafðist þess meðal annars að myndbandið yrði fjarlægð af Youtube.

Frumkvöðull á Íslandi

Joseph segir Ella vera frumkvöðul í íslensku rappsennunni.

„Það skiptir máli hver þú ert og hvað þú ert að gera. Elli Grill er frumkvöðull og átti stóran þátt í að uppgötva þetta sánd og koma með það hingað. Enginn á sjálfkrafa rétt á að fá að taka þátt

í senunni. Þetta líka spurning um hvort þú sért að búa til efni sem flestir hlusta á eða eitthvað meira neðanjarðar. Mín tónlist held ég að sé þannig að það þarf að smakka réttinn í nokkur skipti þangað til þú kemst á bragðið.“

Er þetta spurning um að búa til og gefa út nógu mikið af tónlist til þess að vekja athygli?

„Fyrir mitt leyti, já,“ segir Joseph. „Ég hef gefið út þrjár plötur á tíu árum og sú fjórða er í burðarliðnum. Ég held að nú fyrst sé fólk farið að taka eftir mér

og fíla stílinn hjá mér. Ég tók bara þá ákvörðun í upphafi að vera trúr minni eigin hugsjón í gegnum súrt og sætt.“

Elli segir: „Sá sem er duglegur, hefur metnað og hæfileika, mun vera á toppnum. Auðvitað skiptir það máli að þekkja fólk, það á við um allt í öllum þessum brönsum. En það þarf líka að huga að kynningu á samfélagsmiðlum, myndbandagerð og markaðssetningu. Þetta er hvort sín listin, að skapa og að koma þér á framfæri. Ef þú ert með báða hluti í lagi ertu í góðum málum.“

Þið eruð báðir að fara að spila á S.A.D Festival sem fram fer 1. febrúar á skemmtistaðnum Paloma. Hvernig er stemningin fyrir því hjá ykkur?

„Ég hef spilað með öllu þessu fólki áður og elska það,“ segir Elli. „Það myndast einhvern veginn allt önnur orka þegar svona margir eru að spila með mismunandi stíla. Verður líka miklu meira spennandi hjá listamönnum sjálfum, held ég. Þetta er eitt af þessum giggum sem maður bíður bara eftir, þetta á eftir að vera rafmagnað!“ ■

20% afsláttur! af flokkunarilátum út febrúar



ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ



Flokkaðu HÉR www.igf.is

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu





Tvífarar

Ragnar Þór Jónsson, forstjóri Öryggismiðstöðvarinnar


Það er mál manna að Ragnar Þór Jónsson, forstjóri Öryggismiðstöðvarinnar, sé skuggalega líkur Lionel Messi, einum besta knattspyrnumanni sögunnar.



Sverfur til stáls

Í vikunni var tekið fyrir dómsmál Rögnu Lóu Stefánsdóttur gegn fyrrverandi eiginmanni sínum, Hermann Hreiðarsyni. Þarið skildi að skiptum árið 2016 eftir tuttugu ára samband. Þorra þess tíma bjuggu þau í Englandi þar sem Hermann spilaði sem atvinnumaður í knattspyrnu með fjölmörgum liðum.

Á meðan glíman í réttarsalnum gengur yfir þá er fyrrverandi heimili Rögnu Lóu og Hermanns enn á söluskrá. Um er að ræða glæsilegt 400 fermetra einbýlishús í Árbænum. Ásett verð er 129 milljónir króna. Eignin var fyrst auglýst til sölu síðasta sumar en markaður fyrir stórar dýrar eignir er þungur.



Ragna Lóa Stefánsdóttir

LEIÐANDI Í GREIÐSLULAUSNUM



Sjálfstandandi greiðslulausnir og handfrjálssir posar

Verifone®

Greiðslulausnir tengdar helstu afgreiðslukerfum

Hlíðasmára 12 201 Kópavogi verifone@verifone.is S: 544 5060

Catalina gengin út

Þau gleðilegu tíðindi berast frá Niðurlöndum að Catalina Ncogo, sem á árum áður var þekkt sem Miðbaugs-Maddaman, sé gengin út. Catalina hefur undanfarin misseri verið með annan fótinn ytra, nánar tiltekið í Amsterdam. Hún birti myndband á Instagram af meintum ástmanni sínum sem deildi því með tæplega þrjú þúsund fylgjendum hennar að á morgun ætlaði hann í klipp-

ingu. „Þú þarft ekki á því að halda,“ sagði Catalina blíðlega við meintan ástmann sinn og lét hjarta fylgja færslunni.



ELDBAKAÐAR
EÐAL PIZZUR
WWW.CASTELLO.IS

Castello
PIZZERIA

DALVEGI 2, 201 KÓPAVOGI
DALSHRAUNI 13, 220 HAFNARFIRÐI

KJÖREIGN FASTEIGNASALA – TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA Í 40 ÁR



Dan Wiium Hdl, lögg.
fasteignasali, Sími 896-4013



Ólafur Guðmundsson
Sölustjóri, sími 896-4090



Þórarinn Friðriksson Lögg.
fasteignasali, sími 844-6353



Rákel Salóme Eydal
Skjalagerð



Sigurbjörn Skarphéðinsson
Lögg. fasteignasali, skjalagerð



Ásta María Benónýsdóttir
Lögg. fasteignasali, Sími 897-8061



Kjöreign ehf - Ármúla 21 - 108 Reykjavík
Sími: 533-4040 - www.kjoreign.is



Bergstaðastræti 60

Húsnæðið í útleigu til námsmanna og ferðamanna, góðir tekjumöguleikar. Lýsing: Húsnæðið samanstendur af 76,1 fm íbúð á jarðhæð ásamt tveimur efstu hæðum hússins sem telja 224,8 fm. Samtals 300,9 fm. Um er að ræða 13 leigugeiningar. Verð 139 millj.



Sveit í borg-Ljárskógar 29

Vandað einbýlishús á tveimur hæðum á frábærum stað við Ljárskóga, Reykjavík. Tveggja hæða hús með miklu útsýni. Sérlega vel staðsett í enda götunnar. Fallegt, gróð óbyggt svæði er við húsið. Stór lóð ca. 1.100 m² með rúmgóðu, helulögðu bílaplani.



Nesvegur 107- Reykjavík

Einbýli/tvíbýli á tveimur hæðum ásamt sérbyggðum stórum bílskúr. Hús á frábærum stað, búið að vera í eigu sömu aðila í áratugi. Húsið hefur fengið gott og stöðugt viðhald. Hitalögn er í bílastæðum og gönguleiðum. Eign sem hefur möguleika á tveimur góðum íbúðum. Afhending við kaupsamning. Verð: 82.00 millj.



Kleppsvegur 105 - Reykjavík

Rúmgóð 4ra til 5 herb. endaíbúð á 2.hæð í fjölbýlishúsi. Stærð íbúðar er 102,4 fm. + stór sér geymsla í kjallara ca. 14,0 fm. m/glugga. Gott malbikað bílastæði framan við húsið og sameiginleg stór lóð í suður. Ath. Húsið í góðu ástandi. Íbúðin getur verið laus í janúar/febrúar 2019. Verð: 41.0 millj.



Álfhólsvegur 93, Kópavogi

5 herbergja hæð m/stúdíóíbúð í kjallara. Ópið hús þriðjudaginn 29. janúar frá 17-17:30. Björt og falleg 5 herbergja sérhæð ásamt stúdíó. Íbúð í kjallara og bílskúr verð 63 millj.



Nýbygging - Boðaping, Kópavogi

Erum með til sölu nokkrar nýjar íbúðir 2ja og 3ja ásamt stæði í bílageymslu, á þessum frábæra stað í Kópavogi. Íbúðirnar eru frá 90,8- 135,5 fm og verðbil frá 44 - 63 millj. Íbúðirnar eru fullbúnar með gólfefnum og vönduðum tækjum, ísskápur og uppvottavél fylgir. Íbúðirnar afhendast við undirritun kaupsamnings.



Strandasel, 109 - Reykjavík

Rúmgóð 3ja herb. íbúð á 3.hæð efstu með suðursvölum. Íbúðinni fylgir sér merkt bílastæði. - Ath. Húsið í góðu ástandi, nýlega er búið að múrviðgera, mála og endunýja þak á húsinu. Gler í íbúð hefur verið endurnýjað að hluta. - Íbúðin getur verið laus í febrúar/mars 2019. Verð: 35,9 millj.



Krummahólar Reykjavík

Mjög góð 3ja herbergja endaíbúð á 4. hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í lokaðri bílageymslu. Suður svalir og frábært útsýni. Húsið er í góðu ástandi að utan, nýlega viðgert. Gaflar hússins eru klæddir. Þakið var yfirfarið og endurnýjað eftir þörfum. Endurnýjuð rafmagnstafla í íbúðinni. Ath. Íbúðin getur verið laus fljótlega. Verð: 34,5 millj.



Hamraborg, 200 - Kópavogi

Vel skipulögð 3ja herbergja íbúð á 1.hæð í lyftuhúsi, bílskýli. Tvennar suður svalir. Ath. Húsið er allt nýlega múrviðgert og málað utan. Hugguleg sameiginleg lóð og sameiginleg bílageymsla í kjallara en þar eru ekki sérstaklega merkt stæði. ATH. Íbúðin er til afhendingar við kaupsamning. Verð: 35,7 millj.



Smáragata 5, Kópavogi

Falleg og frábærlega staðsett 3ja herbergja íbúð á 1. hæð með stórum rúmgóðum bílskúr, bílskúr þarfnast standsetningar. Samkv. fmr. er birt stærð eignarinnar 127 fm, íbúð 73 fm og bílskúr 54 fm. Aukin lofthæð er í íbúðinni (salarhæð 2,76). Verð 54,9 millj.



Klapparstígur 18

Ópið hús mánudaginn 28. janúar, frá 17:30 - 18:00. 2ja herbergja íbúð með stæði í lokuðu bílskýli við Klapparstíg, Reykjavík. byggt árið 1980. Stærð íbúðarinnar er 60,2 fm. Í húsinu eru alls 6 íbúðir. Lýsing. Forstofa, eldhús, stofa, svalir, baðherbergi, svefnherbergi og geymsla í kjallara. Stæði í lokuðu bílskýli. Verð 40,9 millj.



Espigerði 4

Góð 2ja herb. íbúð með glæsilegu útsýni í lyftuhúsi á 5. hæð við Espigerði, Reykjavík. Lýsing. Forstofa, baðherbergi, eldhús, stofa, svalir, svefnherbergi og geymsla í jarðhæð. Tengi fyrir þvottavél á baði. Verð 34,9 millj.



Lítt þekkt ættartengsl

Leikkonan og lögfræðingarnir

Leikkonan Katla Margrét Þorgeirsdóttir hefur verið áberandi undanfarið misseri. Hún lék stórt hlutverk í áramótaskaupinu auk þess sem hún endurtekur hlutverk Laufeyjar í Ófærð 2 á RÚV. Það er samhlíða störfum hennar í Borgarleikhúsinu þar sem hún fer, meðal annars, með veigamikil hlutverk í söngleiknum um Elly Vilhjálms og verkinu Núna 2019.

Færri vita að hálf systkin Kötlu Margrétar ákváðu að lesa lög frekar en handrit. Lögfræðingurinn og fyrrverandi forsetaframbjóðandinn

Herdís Þorgeirsdóttir

er samfeðra Kötlu Margréti. Þá er lögfræðingurinn þjóðþekkti, Sveinn Andri Sveinsson,

sammæðra leikkonunni.



Átakanlegt á Alþingi

Átakanlegt var að sjá Lilju Dögg Alfreðsdóttur eiga orðaskipti við Gunnar Braga Sveinsson á Alþingi miðviku-daginn 24. janúar. Lilja hefur áður lýst reynslu sinni af „ofbeldismönnum á Klaustri“ og ljóst að málið fékk mikið á hana. Ótal manns hafa sýnt henni stuðning og hrósað henni fyrir hvernig hún hefur tekið á málinu á einlægan hátt.

Endurkoma Gunnars Braga og Bergþórs í þingsal hefur augljóslega tekið mikið á hana. Sá hún sig knúna til að segja nokkur orð í eyra Gunnars og stormaði í kjölfarið úr þingsal. Tilfinningin í svip hennar leyndi sér ekki.



Heiðdís, átta ára, er dyggasti stuðningsmaður Kristófers Acox

Heiðdís Sigurðardóttir, sem varð átta ára 24. janúar, er búin að vera stuðningsmaður Kristófers Acox, 25 ára leikmanns KR í körfubolta, frá því hún sá hann fyrst á landsleik fyrir nokkrum árum.

Hún var búin að óska sér þess heitt að fá KR-búning í jólagjöf, en það er samt erfitt fyrir dyggan Grindjána, en Heiðdís býr í Grindavík ásamt foreldrum sínum og systkinum.

„Millileiðin var farin,“ segir Herdís Gunnlaugsdóttir, móðir Heiðdísar. „Henson reiddaði okkur með treyjuna og er hún gjöf frá okkur foreldrum hennar og systkinum.“ Auðvitað var númer 6 sett aftan á treyjuna, númer Kristófers.

Myndirnar eru teknar á leik KR og Grindavíkur síðasta mánudag, 21. janúar, í DHL höllinni í 8 liða úrslitum Geysisbikarkeppninar. KR vann 129-56.



FASTEIGNAMIDLUN

FAGVÍS

BÆJARLIND 2 KÓPAVOGI | BREIÐAMÖRK 13 HVERAGERÐI | 483 5900 | FAGVIS@FAGVIS.IS



ÓSKUM EFTIR EIGNUM Á SÖLUSKRÁ



Kristinn G. Kristjánsson
Lögg. fasteignasali
kk@fagvis.is
892 9330



Skúli Sigurðsson
Lögg. fasteignasali
skuli@fagvis.is
898 7209



Þórarinn Kópsson
Lögg. fasteignasali
thorarinn@fagvis.is
615 3343



Kristín Rós Magnadóttir
Lögfræðingur & ntlf.
kristinros@fagvis.is
860 2078



Thelma Rós Kristinsdóttir
Skrifstofustjóri
thelma@fagvis.is
659 5151

FRÍTT SÖLUMAT SANNGJÖRN SÖLUPÓKNUN
KYNNTU ÞÉR KJÖRIN, FAGVIS@FAGVIS.IS